

JÓHANNA SÍMONARDÓTTIR

*Klæðist bleikköflóttri kápu við ýmis tækifæri*

• tíska • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




ATVINNUTÆKI 2009

*Útboð, framkvæmdir og öflug atvinnutæki*

Sérblað um sýninguna Atvinnutæki 2009

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.

TÓMAS TÓMASSON

*Slær öllum öðrum við*

Vann að nítján af 100 bestu plötum sögunnar.

FÓLK 46




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. maí 2009 — 108. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Fagnar á hverju ári



Stefán Bjarnason er 99 ára í dag. Hann býr einn, eldar sjálfur og skellir sér stöku sinnum á barinn.

TÍMAMÓT 26

### Larsson of dýr



Kvikmyndin Karlar sem hata konur verður ekki sýnd í íslenskum kvikmyndahúsum.

FÓLK 39

### Ísland í meðferð

„Hefðu þau hlýtt kallinu fyrr, hefði hugsanlega verið hægt að girða fyrir hrunið eða að minnsta kosti milda afleiðingar þess fyrir fólk og fyrirtæki“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 24

### Barcelona í úrslit



Barcelona komst í úrslit Meistaradeildarinnar í gær á ævintýralegan hátt.

ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**STÍFUR AF NORÐRI** Í dag verða norðan 5-15 m/s, hægast sunnanlands. Snjó- eða slydduél nyrðra, skúrir eystra en yfirleitt bjart með köflum syðra. Hiti 0-12 stig, svalast nyrðra en hlýjast suðaustan til.

VEÐUR 4

# Þúsund störf gætu bjargast

**Samband sveitarfélaga vill að starfshlutfall starfsmanna verði lækkað um fimm prósent. Tíu frídagar fást á móti. Eitt þúsund manns héldu vinnunni og sveitarfélögin næðu að spara allt að fjórum milljörðum króna. Færi ríkið sömu leið í sparnaðarskyni næðist að skera niður launakostnað um 5,5 milljarða króna.**

**EFNAHAGSMÁL** Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍSF) mun reyna að ná samstöðu meðal sveitarstjórnarmanna um að laun starfsmanna verði lækkuð um fimm prósent í stað þess að segja fólki upp starfi í þeim óumflýjanlega niðurskurði sem er fram undan. Hugmyndin verður kynnt á samráðsfundi í næstu viku þar sem fjárhagsstaða sveitarfélaganna verður rædd.

„Niðurskurður, sem er óumflýjanlegur, kemur að stærstum hluta niður á starfsfólki sveitarfélaganna, enda eru laun stærstur hluti af rekstrarkostnaði. Við viljum forðast uppsagnir í lengstu lög og því viljum við veita þeirri hugmynd brautargengi að laun verði lækkuð hjá öllum starfsmönnum sveitarfélaganna í landinu um fimm prósent á móti tíu frídögum á ári,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, sem er jafnframt formaður SÍFS. „Þetta er leið til sparnaðar sem gæti gert sveitarfélögunum kleift að komast hjá uppsögnum.“

Hjá sveitarfélögunum vinna tæplega 20.000 manns og launakostnaður er um 80 milljarðar króna. Það þýðir fjögurra milljarða króna sparnað fyrir sveitarfélögin í landinu, gróft reiknað, og að eitt þúsund störfum yrði bjargað næðist samstaða um fimm prósent leiðina í stað uppsagna.

Halldór telur að það sé keppikefli allra í samfélaginu að verja störf fólks og bendir á að fjölmörg einkarekin fyrirtæki hafi farið þessa leið. Hugmyndin á vettvangi sveitarfélaganna kom upphaflega frá Akureyrarbæ, en bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti jafnframt ályktun þess efnis í byrjun apríl, að leiðin komi vel til greina. Jafnframt kemur fram í bókun að mikilvægt sé að samstaða myndist meðal sveitarfélaga og við launþega um þetta samstillta átak.

„Við viljum taka þessa hugmynd, ræða hana og útfæra. Ekki fyrir einhverjar sérstakar stéttir heldur fyrir starfsmenn sveitarfélaganna almennt. Það er erfitt að útfæra þessa hugmynd þannig að hún henti 78 sveitarfélögum, en við erum að vinna í því,“ segir Halldór.

Samkvæmt fréttum hafa fjölmargar niðurskurðarleiðir verið ræddar á milli stjórnarflokkanna að undanförnu, enda stendur fyrir dyrum að loka 170 milljarða króna fjárlagagati á næstu þremur árum. Ríkisstarfsmenn eru 22 þúsund talsins og samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins er launakostnaður 110 milljarðar á ársgrundvelli. Fimm prósent leiðin myndi því spara ríkinu allt að 5,5 milljarða króna á ári. **- shá**



**ÍSLENSK BABÚSKA** Jóhanna Guðrún klæddist rússneskum þjóðbúningi í viðtali við ríkissjónvarpið þar í landi í gær. Upptökur fóru fram á þjóðminjasafninu í Moskvu og söng Jóhanna Guðrún meðal annars kafla úr framlagi Íslendinga til keppninnar í ár, laginu Is it True?, á rússnesku. FRÉTTABLAÐIÐ/ALMA

Stjórnarmyndunarviðræður:

## Vill láta grípa til neyðarréttar

**STJÓRNMÁL Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, segir að ef ganga muni saman með ríkisstjórnarflokkunum tveimur verði það um helgina. Leggja eigi fram þingsályktunartillögu á Alþingi um aðildarumsókn til ESB. „Svo greiða menn atkvæði og þá kemur í ljós hvernig það fer. Þetta ESB-mál er ekki enn þá alveg leyst en að öðru leyti er flest allt tilbúið,“ segir Atli.**

**Að sögn Atla er vandi Íslendinga gríðarlegur. „Það er búið að grípa til neyðarréttar og það þarf að grípa til neyðarréttar á fleiri sviðum til að bjarga heimilunum, atvinnulífinu og þjóðinni,“ segir Atli og boðar ýmsar aðgerðir til að dreifa byrðunum á herðar landsmanna. „Grundvallaratriðið í efnahagsuppbyggingunni er samstaða þjóðarinnar.**

**- gar / sjá síðu 2**

Eurovision-stjarna Íslendinga slapp ómeidd frá aftanákeyrslu í Moskvu:

# Keyrt á Jóhönnu Guðrúnu

**EUROVISION** „Við vorum bara á leiðinni á japanskt veitingahús í miðbænum og ætluðum að fá okkur sushi. Þegar við vorum um það bil að stíga út úr bílnum kom bara einhver trukkur og keyrði aftan á okkur,“ segir María Björk, umboðsmaður Jóhönnu Guðrúnar, Eurovison-stjörnu Íslendinga.

Jóhanna Guðrún og María Björk, ásamt fararstjóra og bílstjóra, sluppu ómeidd frá aftanákeyrslu sem þau urðu fyrir í Moskvu í gær.

Þetta atvik er þó ekki lýsandi fyrir upplifun Eurovision-hópsins í Moskvu, enda flest gengið eins og best verður á kosið.

Nokkur kurr er þó í hópnum vegna verðsins sem Cosmos-hótelið, aðsetur hópsins, setur upp í skiptum fyrir notkun á líkamsræktarsal hótelsins, litlar tvö þúsund krónur á dag. „Jóhanna og Yesmine Olsson nýta sér salinn á hverjum degi,“ segir María Björk, en ekki er útilokað að Yesmine taki restina af hópnum í útileikfimi að hætti bootcamp í garði sem er í nágrenni hótelsins.

„Já, það ætla ég svo sannarlega að vona að hún geri enda nauðsynlegt fyrir þá sem eru á sviðinu með Jóhönnu að vera í góðu formi.“

**- fgg, kg / sjá síðu 46**










## SPURNING DAGSINS



*Ætlarðu að breyta nafninu í Ólafur H. Magnússon í leiðinni?*

„Nei , mér finnst F-ið alltaf fallegast, enda hef ég skýrt alla syni mína Friðrik að millinafni, en það var bara upptekið.“

Borgarfulltrúinn Ólafur F. Magnússon hefur sagt skilið við F-listann og hyggur á sérframboð í næstu kosningum undir merkjum H-listans.

Valgerður Grímsdóttir hjúkrunarfræðingur heldur til hálfs árs dvalar í Írak í dag:

# Svo vonar maður það besta

**HEILBRIGÐISMÁL** Valgerður Grímsdóttir hjúkrunarfræðingur heldur í dag til Íraks á vegum Rauða kross Íslands til starfa fyrir Alþjóða Rauða krossinn. Mun hún dvelja í hálft ár í borginni Najaf og vinna að eflingu bráðaþjónustu á sjúkrahúsi borgarinnar.

Najaf er ein helgasta borg sjíamúslíma og hefur oft verið vettvangur átaka. Það er hins vegar mat Alþjóða Rauða krossins að ástandið sé nú stöðugt og því óhætt að senda þangað fulltrúa til starfa.

Ákveðið var í febrúar að Valgerður færi utan. „Ég hef góða tilfinningu fyrir þessu og var tilbúin til að fara. Svo vonar maður það besta. Meira er ekki hægt að gera,“ segir hún.



**PAKKAR NIÐUR** Valgerður Grímsdóttir ætlar að starfa í hálft ár í borginni Najaf í Írak.

Valgerður er einhleyp og barnlaus en segir foreldra sína, bróður og vini heldur á móti förinni.

Hún hefur ekki nákvæmar upplýsingar um aðbúnað á sjúkrahúsinu en kveðst reikna með að hann sé frekar fátæklegur og ólíkur því sem hér gerist. Að sama skapi er hún búin undir að lúta þeim siðum og venjum sem tíðkast meðal múslíma.

Valgerður hefur í tvígang áður unnið sem sendifulltrúi Rauða krossins, í bæði skiptin í Pakistan. Fyrst 1996 og svo eftir jarðskjálftana miklu í Kasmírhéraði 2005. - bþs

Borgarahreyfingin:

# Kvartar til Eftirlitsstofnunar

**ORKUVERÐ Borgarahreyfingin hefur sent beiðni til Orkustofnunar um að gera raforkuverð til álbræðslu opinbert. Hreyfingin hefur einnig kvartað til Eftirlitsstofnunar EFTA að raforkuneytendur á Íslandi njóti ekki sanngirni og gagnsæi við samanburð á orkuverði líkt og kveðið er á um í tilskipun frá ESB.**

**„Með þessu móti vill Borgarahreyfingin beita sér fyrir því að almenningur og smærri fyrirtæki njóti sanngirni og sitji við sama borð og alþjóðleg stórfyrirtæki hvað varðar nýtingu auðlinda,“ segir í tilkynningu frá hreyfingunni.** - ghs

Tékkneska þjóðþingið:

# Samþykkti ESB-sáttmála

**TÉKKLAND, AP** Efri deild tékkneska þingsins samþykkti í gær Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins, sem er samningur um víðtækar endurbætur á sambandinu.

Neðri deildin samþykkti sáttmálann í febrúar síðastliðnum, en Tékkland telst þó ekki formlega hafa staðfest hann fyrr en Vaclav Klaus, forseti landsins, hefur undirritað hann. Klaus er hins vegar andvígur sáttmálanum.

Lissabon-sáttmálinn kemur í staðinn fyrir stjórnarskrársáttmála Evrópu sem Írar höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir tæpu ári. Aðrar þjóðir sambandsins hafa samþykkt hann. - gb

Seðlabankinn losar krónur:

# Lýsir eftir áhuga á lánum

**VIÐSKIPTI „Við höfum fylgst með málinu síðan fyrir áramót og munum hafa samband við Seðlabankann í fyrramálið [í dag],“ segir Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsvirkjunar.**

**Seðlabankinn auglýsti í gær eftir fyrirtækjum sem hafa áhuga á því að taka erlend lán með skuldabréfaútgáfu í krónum og greiða þau til baka í erlendri mynt. Krónurnar eru í eigu erlendra fjárfesta sem festust með eign sína í Seðlabankanum þegar gjaldeyrishöftin voru sett á seint á síðasta ári.**

**Peningastefnunefnd Seðlabankans kynnir stýrivaxtaákvörðun sína klukkan níu í dag. Stýrivextir standa í 15,5 prósentum og hljóða spár upp á 1,5 til 2,5 prósentustiga lækkun. Skuggabankastjórn Markaðarins mælti með þriggja prósentustiga lækkun í gær. Gangi það eftir fara stýrivextir í 12,5 prósent.** - jab / sjá síðu 20

# Áfram ósammála um aðild Íslands að ESB

**Þingflokkar ríkisstjórnarflokkanna fóru í gær yfir gang mála í stjórnarmyndunarviðræðum. Þeir ætla að vera ósammála um afstöðuna til ESB. Vandi þjóðarinnar er gríðarlegur og grípum aftur til neyðarréttar segir þingmaður VG.**

**STJÓRNMÁL** „Ef þetta gengur saman þá er það um helgina. Þetta ESB-mál er ekki enn þá alveg leyst en að öðru leyti er flest allt tilbúið,“ segir Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sem í gær sat þingflokksfund þar sem kynntur var gangur viðræðna í stjórnarmyndunarviðræðum flokksins við Samfylkinguna.

Atli segir flokkana tvo vera sammála um að vera ósammála varðandi aðild Íslands að Evrópusambandinu. Leggja eigi fram þingsályktunartillögu á Alþingi um aðildarumsókn til ESB. „Svo greiða menn atkvæði og þá kemur í ljós hvernig það fer,“ segir Atli.

Ekki fékkst viðtal í gærkvöld við Jóhönnu Sigurðardóttur, formann Samfylkingarinnar sem þingmenn flokksins segja vera eina talsmann þeirra varðandi stjórnarmyndunarviðræður. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru hörðustu fylgismenn aðildar að ESB innan þingflokks Samfylkingarinnar afar óánægðir með þá lendingu sem þar er í sjónmáli. Búist er við að stjórnarsáttmáli verði lagður fyrir flokksstjórnir VG og Samfylkingar um helgina.

Atli segir vanda Íslendinga gríðarlegan. Vaxandi skilningur sé hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um að lækka þurfi vexti verulega. „Það er búið að grípa til neyðarréttar og það þarf að grípa til neyðarréttar á fleiri sviðum til að bjarga heimilinu, atvinnulífinu og þjóðinni,“ segir Atli sem kveður slíkar aðgerðir geta falist í mörgu. Verja þurfi grunnstoðir og auka þurfi tekjuöflun. „Það kemur til greina að tolla lúxusvörur, styrkja verulega íslenska framleiðslu og neyslu á íslenskum vörum. Þetta eru stjórnvaldsaðgerðir sem ríkisstjórnin er í, er að skoða og mun fara í.“ Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun meðal annars til skoðunar að hækka bensíngjald og áfengisgjald.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR OG STEINGRÍMRU J. SIGFÚSSON** Formenn ríkisstjórnarflokkana ræddu í gær við þingflokka sína um stöðuna í stjórnarmyndunarviðræðunum.

> Það þarf að grípa til neyðarréttar á fleiri sviðum til að bjarga heimilunum, atvinnulífinu og þjóðinni
>
> **ATLI GÍSLASON**
> ALÞINGISMAÐUR VG

„Það þarf að rétta þeim aðstoð sem mest þurfa og svo þurfa hinir sem eru ríkastir að leggja sitt af mörkum. Grundvallaratriðið í efnahagsuppbyggingunni er samstaða þjóðarinnar,“ segir Atli.

Að sögn Atla hefur verið mikil skekkja í umræðunni um greiðsluvanda heimilanna. „Okkur er að takast það sem Finnum tókst ekki og það er að fólk haldi heimilum sínum. Síðan var meiningin, þegar ríkisfjármálin og bankamálin væru komin á hreint í vor, að ráðast í að skoða frestun eða afskriftir lána, skoða það að færa verðtrygginguna eitthvað aftur og breyta myntkörfulánunum í íslensk lán. Næst er að fara í varanlega lausn.“ gar@frettabladid.is



**500 ÁRA HEFÐ** Svissneskir varðliðar við guðsþjónustu í Páfagarði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýmæli í Páfagarði:

# Konur í svissneska varðliðið?

**PÁFAGARÐUR, AP** Nýr yfirmaður svissneska varðliðsins í Páfagarði, Daniel Anrig, segist opinn fyrir þeim möguleika að raðir liðsins verði opnaðar fyrir konum. Enginn fyrirrennara hans hefur verið reiðubúinn að taka slíkt í mál.

Hundrað og tíu manns þjóna að jafnaði í svissneska varðliðinu, sem annast hefur öryggi páfa í 500 ár. 32 nýliðar sóru eið sinn í gær.

Að óbreyttu koma þeir einir til greina sem eru kaþólskir, svissneskir karlmenn á aldrinum 19 ára til þrítugs, sem hafa lokið herþjónustu í svissneska hernum, eru með óflekkað mannorð og tilbúnir til að skuldbinda sig til þjónustu í að minnsta kosti tvö ár. - aa

## HAFNARFJÖRÐUR

**Sex lóðum skilað**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti í gær að taka við afsölum af sex lóðum. Verðmæti þeirra er 136 milljónir króna.

## HÓLMAVÍK

**Eldri borgarar í sturtuklefa**

Breyta á sturtuklefa og skrifstofu í félagsheimilinu á Hólmavík í aðstöðu fyrir eldri borgara. Sveitarstjórnin segir þennan hóp vera á hrakhólum með félagsstarf sitt.




SPARAÐU...
með því að losa þig við gluggapóstinn.

Kynntu þér málið á www.kaupthing.is og sparaðu þér þúsundir króna á ári.

KAUPÞING


Tony Blair segir nýjar hugmyndir um friðarsamninga við Ísrael í smíðum:

# Verður kynnt innan sex vikna

**ÍSRAEL, AP** Bandaríkjastjórn vinnur nú að því, í samvinnu við alþjóðlega samningafulltrúa, að leggja drög að nýrri nálgun að friðarsamningum við Ísrael.

Þetta segir Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, sem undanfarin tvö ár hefur verið alþjóðlegur sendifulltrúi í málefnum Mið-Austurlanda.

Samningaferlið hefur verið í hnút og ekkert þokast. Tilraunir Bandaríkjastjórnar til að koma samningum í höfn áður en George W. Bush léti af embætti í ársbyrjun skiluðu engum árangri.

„Við erum að fá nýja samningsumgjörð,“ sagði Blair. „Núna get ég aðeins verið með vangaveltur um það hvað sú umgjörð gengur út á, en ástæðan fyrir því að ég segi að fólk eigi að gera sér meiri vonir er sú, að þetta er samningsumgjörð sem unnið er að á hæstu stigum bandarískrar stjórnsýslu og annars staðar í alþjóðasamfélaginu.“

Blair fullyrðir að nýju hugmyndirnar verði kynntar innan sex vikna.

Blair hefur starfað í Mið-Austurlöndum á vegum Kvartettsins svonefnda, sem er samstarfsvettvangur Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins, Bandaríkjanna og Rússlands um friðarsamninga í Mið-Austurlöndum. - gb



**BLAIR Í JERÍKÓ** Segir óhætt að fyllast bjartsýni, þrátt fyrir andstöðu Ísraelsstjórnar við kröfur Palestínumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Kringlan
Opið til 19
Vorið
er komið
og vörurnar með!
Mán til mið 10–18.30, fim og fös 10–19, lau 10–18, sun 13–17 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 06.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,08 | 126,68 |
| Sterlingspund | 190,22 | 191,14 |
| Evra | 167,79 | 168,73 |
| Dönsk króna | 22,524 | 22,656 |
| Norsk króna | 19,164 | 19,276 |
| Sænsk króna | 15,785 | 15,877 |
| Japanskt jen | 1,2810 | 1,2884 |
| SDR | 189,15 | 190,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,6519

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ræðir við forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkur:

# Skoða framtíðarskipulag kirkjugarða

**STJÓRNSÝSLA** Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri kirkjumáladeildar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, segir að rætt verði við forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkur vegna skipulagningar á kirkjugörðum í framtíðinni.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær og síðastliðinn föstudag eru sumir aðstandendur óánægðir með að látnir ættingjar þeirra hvíli í gröf þar sem legsteini eru ætlaður staður til fóta. Í blaðinu í gær var haft eftir Þórsteini Ragnarssyni, forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkur, að skipulag garðanna hér væri í samræmi við garða í borgum Evrópu. „Við tölum ábyggilega við Þórstein í framhaldinu með skipulagningu nýrra garða í huga,“ segir Hjalti.



**HJALTI ZÓPHÓNÍASSON** Skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu segir að þangað berist fimm til tíu beiðnir á ári um að flytja látið fólk í nýjar grafir.

Sumir aðstandendur hafa íhugað að óska eftir leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til að færa kistur í nýjar grafir svo legsteinar geti verið við höfðalag.

Hjalti segir að á ári hverju hafi borist fimm til tíu beiðnir um að fá að færa kistur. Frá því hann hóf störf í ráðuneytinu 1994 hafi engin beiðni tengst því hvernig grafirnar snúi. Heimild sé gefin eftir umsögn frá héraðslækni og biskupi Íslands eða yfirmanni viðkomandi trúarhóps. Oftast sé um að ræða sameiningu ættingja. „Þá hafa þau kannski verið skilin, foreldrarnir, og börnin vilja endilega að þau hvíli saman og það fellst einhver annar á það,“ nefnir Hjalti sem dæmi. **- gar**

Hagræðing í leikskólum:

# Hafragrautur þrisvar í viku

**BORGARMÁL** Að bjóða upp á hafragraut í matinn þrisvar í viku í leikskólum er meðal hagræðingaraðgerða sem Reykjavíkurborg hefur gripið til vegna efnahagsástandsins. Að ósk leikskólastjóra hefur Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, gert grein fyrir helstu aðgerðum í bréfi til foreldra barna í leikskólum.

Hagræðingaraðgerðir sem taldar eru upp í bréfinu eru meðal annars hagkvæmari innkaup á brauði og meiri bakstur, aukin notkun handklæða, lágmarksendurnýjun tækja og búnaðar, útboð í ræstingar og minnkuð yfirvinna starfsfólks. **- kg**

Skoðanakönnun Gallup:

# Meirihluti vill aðildarviðræður

**KÖNNUN Meirihluti landsmanna, eða 61,2 prósent, er mjög hlynntur eða frekar hlynntur því að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir fréttastofu RÚV. Alls 26,9 prósent aðspurðra eru frekar eða mjög andvíg slíkum viðræðum, en 11,8 prósent svara hvorki né. Samkvæmt könnuninni eru yfir 90 prósent þeirra sem kusu Samfylkinguna eru hlynnt aðildarviðræðum. Alls 47 prósent vilja aðildarviðræður og 41 prósent sjálfstæðismanna.**

**Könnunin var gerð dagana 29. apríl til 6. maí. Netúrtak var 1.300 manns og svarhlutfall ríflega sextíu prósent.** **- kg**



**HERÆFINGAR Í GEORGÍU** Georgískur og tyrkneskur hermaður bera saman bækur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherra Rússlands:

# Vill betri tengsl við Vesturlönd

**GEORGÍA, AP** Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, segist vilja góð samskipti við Vesturlönd þrátt fyrir alvarlegan ágreining í tengslum við heræfingar á vegum NATO, sem hófust í Georgíu í gær.

Rússar eru afar ósáttir við heræfingar og segja auk þess að brottrekstur tveggja rússneskra erindreka frá höfuðstöðvum NATO í Brussel í síðustu viku hafi verið hrein ögrun.

Rússar brugðust við með því að reka tvo starfsmenn NATO í Moskvu úr landi. **- gb**

# „Ég vonaði að þetta væri bara ekki satt“

**Faðir Ragnars Erlings Hermannssonar, sem bíður dóms fyrir fíkniefnasmygl í illræmdu brasilísku fangelsi, segist ekki vita sitt rjúkandi ráð. Hann hefur ekki heyrt í syni sínum og íhugar að fara sjálfur út og reyna að koma stráknum heim.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það er rosalegt að vita af honum þarna,“ segir Hermann Þór Erlingsson, faðir Íslendings sem situr nú í brasilísku fangelsi og bíður dóms vegna kókaínsmygls. Hann hefur enn ekkert heyrt í syni sínum. „Ég frétti þetta á mánudaginn. Allan daginn var ég að vona að þetta væri bara ekki satt. Ég er búinn að vera í sjokki síðan og veit satt að segja ekki mitt rjúkandi ráð,“ segir Hermann.

Sonur Hermanns, Ragnar Erling, er 24 ára. Hann var handtekinn fyrir tæpri viku á flugvellinum í borginni Recife með tæp sex kíló af hreinu kókaíni í farangri sínum. Hann var á leið upp í flugvél og stefndi til Malaga á Spáni.

Ragnar hefur verið ákærður fyrir fíkniefnabrot og getur það varðað allt að 20 ára fangelsisvist. Hann situr nú í hinu illræmda Cotel-fangelsi, þar sem hann deilir klefa með fimmtán öðrum og bíður dóms.

„Nú erum við bara að reyna að komast yfir símanúmer hjá lögreglunni og athuga hvort það er einhver glæta á að hafa samband við strákinn. Og reyna að komast að því hvort og þá hvernig hægt er að koma til hans einhverjum bjargráðum, peningum eða einhverju sem gæti hjálpað honum,“ segir Hermann. „En á meðan hann er í stöðugum yfirheyrslum og einangrun þá er það nú erfitt. Á meðan bíðum við bara eftir frekari upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu.“

Meðal þess sem fjölskylda hans kannar nú er hvort hún þurfi að útvega honum lögmann. Langt geti liðið þar til málið verði tekið fyrir ef hann er ekki með almennilegan réttargæslumann. Þá hafa þau velt fyrir sér að fara sjálf út til Brasilíu að vinna í málinu.



**RAGNAR ERLING HERMANNSSON**

Hermann segir að allt kapp verði lagt á að fá Ragnar heim í afplánun. Það geti þó orðið erfitt þar sem enginn framsalssamningur er í gildi á milli þjóðanna tveggja. Að öðrum kosti verði reynt að finna honum pláss í fangelsi með betri aðbúnaði, hugsanlega sérstakt útlendingafangelsi.

Ragnar hefur sagt við yfirheyrslur að hann hefði farið í ferðina til að borga fíkniefnaskuld á Íslandi.

Hermann vissi ekki að sonur hans væri sokkinn svona djúpt. „Auðvitað hugsar maður það versta þegar maður veit að menn eru komnir í neyslu á annað borð, en mig grunaði ekki að hann væri í svona vondum málum. Bara því miður, ég áttaði mig ekki á því. Hann hefur leitað til okkar með eitthvert smáræði en aldrei nefnt að það þyrfti að gera upp mál af þessari stærðargráðu.“

Ragnar Erling sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gærkvöld að hann ætti eftir að deyja í fangelsinu. Hann sagðist jafnframt vera með matareitrun og skoraði á yfirvöld að leita leiða til að hjálpa sér að komast til Íslands. Hann sé þannig týpa að hann geti ekki verið í fangelsi í Brasilíu.

stigur@frettabladid.is
kjartan@frettabladid.is

## ALRÆMD BRASILÍSK FANGELSI

Cotel-fangelsið nærri Recife er alræmt fyrir illan aðbúnað og uppreisnir. Það, líkt og raunar mörg önnur fangelsi í Brasilíu, hefur sætt harðri gagnrýni mannréttindasamtaka. Árið 2007 létust nokkrir fangar í uppreisn í fangelsinu og í febrúar í fyrra var einnig gerð þar uppreisn. Þá slapp 51 fangi úr fangelsinu. Í nokkurra ára gamalli skýrslu um fangelsi í Brasilíu kemur fram að árið 2002 hafi 303 fangar verið myrtir í brasilískum fangelsum af samföngum sínum.



**COTEL** Ragnar Erling situr nú í þessu fangelsi og bíður dóms.

Hlynur Smári Sigurðarson, fyrsti íslenski Brasilíufanginn af fjórum, dvaldi í fangelsi í Porto Seguro. Hann lýsti því í viðtali við Fréttablaðið að hann hafi gengið um með tálgaðan tannbursta á sér til að verjast stöðugum árásum. Hann hafi fengið mygluðan og mölétinn mat, sem í voru sljóvgandi lyf, sem bæði draga úr árásargirni og minnka kynhvöt til að fækka nauðgunum.



**JACOB ZUMA** Hlaut yfirburðakosningu á þjóðþingi landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakjör í Suður-Afríku:

# Jacob Zuma bar sigur úr býtum

**SUÐUR-AFRÍKA, AP Jacob Zuma, leiðtogi Afríska þjóðarráðsins, var í gær kjörinn forseti landsins af þjóðþinginu, sem samkvæmt stjórnarskrá velur forseta.**

**Afríska þjóðarráðið vann stórsigur í þingkosningum í síðasta mánuði. Niðurstöðu forsetakjörsins í gær var ákaft fagnað á þinginu, en búist er við því að Zuma kynni nýja ríkisstjórn sína á sunnudag.**

**Zuma hefur lofað því að bæta stöðu almennings í landinu, sem hefur lítið skánað þau fimmtán ár sem liðin eru frá því hvíti minnihlutinn gafst upp á aðskilnaðarstefnu sinni.** **- gb**

Þingflokkur sjálfstæðismanna:

# Illugi formaður

**STJÓRNMÁL** Illugi Gunnarsson hefur verið kjörinn formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.



**ILLUGI GUNNARSSON**

Illugi var varaformaður þingflokks á síðasta kjörtímabili en þá fór Arnbjörg Sveinsdóttir með formennsku.

Ragnheiður Elín Árnadóttir er varaformaður þingflokksins og Einar K. Guðfinnsson ritari hans. **- bþs**




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGIN**
Á laugardag gengur hæðarhryggur inn á landið vestanvert og þá verður hæglætisveður og bjart með köflum, fyrst vestan til. Þó verða leifar af norðanstrekkingi norðaustan og austan til með slydduéljum allra austast. Á sunnudag kemur ný lægð í spilið með vaxandi sunnanátt og rigningu sunnan og vestan til en þurrt og hlýtt norðaustanlands.



**Á MORGUN**
8-15 m/s hvassast norðvestan og vestan til

**LAUGARDAGUR**
5-10 m/s austan til annars hæg breytileg átt

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Amsterdam | 17° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 13° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 17° |
| New York | 22° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 12° |
| París | 22° |
| Róm | 22° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



ENNEMM / SÍA / NM37894
GERÐU GLIMRANDI GÓÐ KAUP
Vorútsalan er í fullum gangi
í Smáralind og allar verslanir
fullar af góðum tilboðsvörum.
Ekki missa af geggjaðri
götumarkaðsstemningu!
VORÚTSALA
30. APRÍL - 10. MAÍ
OPIÐ Í DAG 11-19
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

**KJÖRKASSINN**



*Vinnur Ísland Eurovision?*

| | |
|---|---|
| Já | 13,5% |
| Nei | 86,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að stjórnarmyndunarviðræður taki of langan tíma?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Taldir hafa ráðist á nítján ára stúlku í Tryggvagötu og nauðgað henni:

# Tveir grunaðir um nauðgun

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn um fertugt sitja nú í gæsluvarðhaldi grunaðir um að hafa báðir nauðgað nítján ára stúlku í Tryggvagötu aðfaranótt sunnudags. Lögregla verst allra fregna af málinu og segir það á viðkvæmu stigi.

Stúlkan hlaut nokkra áverka við árásina og var flutt á slysadeild á sunnudagsmorgun. Leigubílstjóri sem kom að stúlkunni eftir árásina tilkynnti um málið.

Mennirnir eru ættaðir frá Perú og hafa búið hérlendis um nokkurt skeið. Annar þeirra er íslenskur ríkisborgari. Mennirnir eru fæddir 1969 og 1972.

Stúlkan var að koma af skemmtistað síðla nætur þegar ráðist var á hana. Aðdragandi málsins liggur ekki fyrir að öðru leyti. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur grunur á að nauðgunin hafi átt sér stað í bíl. Stúlkan þekkti mennina ekki, en vissi deili á öðrum þeirra og gat bent lögreglu á hann.



**TRYGGVAGATA** Stúlkan var að koma af skemmtistað þegar á hana var ráðist. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Búið er að yfirheyra mennina að minnsta kosti tvívegis, en ekki fæst uppgefið hvort þeir hafa játað brotið.

Mennirnir voru úrskurðaðir í gæslvarðhald til föstudagsins næsta. Þeir kærðu úrskurðinn til Hæstaréttar, sem ekki hefur kveðið upp sinn dóm. **- sh**

Skemmtiferðaskipin að koma:

# Sjö boð bárust í hafnargæsluna

**FERÐAMÁL** Sjö sendu inn tilboð í útboð Faxaflóahafna á hafnargæslu vegna komu skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur. Lægsta boð var frá Öryggismiðstöð Íslands og hefur verið samið við fyrirtækið um verkefnið.

„Um er að ræða mönnun á aðgangshliðum, gæslu og eftirlit í samræmi við lög um siglingavernd,“ segir á vef Faxaflóahafna.

Búist er við fyrsta skipinu 20. maí. „Alls eru bókaðar komur 80 skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur sumarið 2009 og fastlega má reikna með að farþegafjöldi þeirra verði um eða yfir sextíu þúsund manns.“ **- gar**

Knattpyrnuunnandi í Keníu:

# Hengdi sig eftir tap Arsenal

**KENÍA** Suleiman Alphonso Omondi, 29 ára Keníumaður og aðdáandi enska knattpyrnuliðsins Arsenal, framdi sjálfsmorð eftir leik liðsins gegn Manchester United í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í fyrrakvöld. Arsenal tapaði leiknum og féll úr keppni.

Lögregla í Keníu staðfesti að Omondi hefði verið klæddur Arsenal-treyju þegar hann fannst látinn á heimili sínu nokkrum klukkustundum eftir leikslok. Talið er að hann hafi hengt sig.

„Við horfðum á leikinn á Bamba 70-barnum, og þegar Arsenal tapaði gekk Suleiman grátandi út,“ sagði Calvin Otieno, vinur hins látna. Frá þessu var greint hjá fréttastofu Sky. **- kg**

**EFNAHAGSMÁL**

### Icesave-fundir síðar í maí

Formlegir samningafundir vegna Icesave hefjast væntanlega upp úr miðjum þessum mánuði. Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon á þriðjudag.

**ÞINGEYRI**

### Þúsund krónur fermetrinn

Einkahlutafélagið Rósi vill borga Ísafjarðarbæ 400 þúsund krónur fyrir vörugeymslu á Vallargötu á Þingeyri. Það svarar til þess að fermetrinn sé metinn á rúmar eitt þúsund krónur því húsið er 351 fermetri. Bæjarritari á að ræða við fulltrúa Rósa ehf.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Flatskjá stolið úr sumarhúsi

Brotist var inn í sumarbústað í Grímsnesi á þriðjudag og þaðan stolið 40 tommu flatskjá og öðrum verðmætum. Þjófurinn spennti upp glugga á bústaðnum með kúbeini.

# Bandaríkjamenn biðjast afsökunar

**Rauði krossinn staðfestir að tugir almennra borgara hafi fallið í loftárás Bandaríkjanna í Afganistan á mánudag. Árásin varpaði skugga á fund Baracks Obama með forsetum Afganistans og Pakistans í Washington í gær.**

**BANDARÍKIN, AP** Blóðug loftárás Bandaríkjahers á almenna borgara í Afganistan varpaði skugga á fund Baracks Obama Bandaríkjaforseta með forsetum Afganistans og Pakistans, sem heimsóttu hann í Hvíta húsið í gær.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur ítrekað gagnrýnt Bandaríkjaher fyrir árásir sem þessa og gerði atburðina á mánudag að meginefni viðræðna þeirra.

Hillary Clinton utanríkisráðherra sagði í gær að Bandaríkjamenn sæju innilega eftir því sem gerðist.

Fulltrúar Rauða krossins komu á vettvang árásarinnar á þriðjudag og staðfestu að tugir manna hefðu farist, þar á meðal konur og börn. Fyrrverandi embættismaður stjórnarinnar í Afganistan fullyrti að árásin hefði kostað 120 manns lífið.

Loftárásin var gerð í Bala Baluk í Farah-héraði á mánudagskvöld, stuttu eftir að hópur talibana hafði safnast saman í héraðinu, sem er í vestanverðu landinu, við landamæri Írans. Átök brutust út og svo virðist sem fólkið sem lést hafi leitað skjóls undan átökunum, en varð síðan fyrir bandarísku sprengjunum.

Hörð átök í norðvesturhéruðum Pakistans settu einnig svip sinn á fundinn í Washington. Pakistanskar hersveitir réðust á uppreisnarlið talibana, sem hafði náð völdum í Swat-dal og Buner-héraði.

Talið er að talibanar hafi þar yfir um sjö þúsund manna liði að ráða, en ríkisherinn er með 15 þúsund manns.

Talibanar búa sig undir hörð átök og ætla ekkert að gefa eftir: „Vopnaðir bardagamenn hafa komið úr felum inn í borgirnar og hafa hertekið bæði borgaraleg hús og opinberar byggingar,“ sagði í tilkynningu frá stjórnarhernum.

Barack Obama hefur lagt mikla áherslu á ástandið í Afganistan og Pakistan, þar sem talibanar og aðrir uppreisnarhópar hafa reynst erfiðir, bæði stjórnvöldum beggja ríkjanna og erlenda herliðinu í Afganistan.

Robert Gates varnarmálaráðherra kom í gær til Kabúl, höfuðborgar Afganistans, til að kynna sér aðstæður.

„Við höfum nýja stefnu, nýja hernaðaraðferð, nýjan sendiherra og við erum að senda marga nýja hermenn þangað, og ég vil bara fara á staðinn og kynna mér hvað þeir eru að gera,“ sagði Gates í Sádi-Arabíu í gær, áður en hann hélt upp í flugvélina sem flutti hann til Afganistans.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**SÆRT BARN Á SJÚKRAHÚSI** Tugir almennra borgara höfðu leitað skjóls undan átökunum þegar Bandaríkjaher gerði loftárás á mánudag. NORDIPHOTOS/AFP




SIGIN GRÁSLEPPA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Aukin aðsókn ungs fólks í störf hjá Fjölsmiðjunni:

# Fjölsmiðjan stækkar við sig

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við tókum ekki þátt í góðærinu og verðum eiginlega bara vör við kreppuna í aukinni aðsókn ungs fólks,“ segir Þorbjörn Jensson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar. „Við borgum 74 krökkum út núna um mánaðamótin og yfir 40 eru á biðlista.“

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun í eigu Rauða krossins, sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins. Þar er rekin starfsemi fyrir 16 til 24 ára ungmenni sem af einhverjum ástæðum eru atvinnulaus eða hafa dottið úr skóla. Þorbjörn segir starfsemi af þessu tagi mikilvæga í því árferði sem nú er.

„Það unga fólk sem missir vinnuna, eða fær ekki vinnu þegar það kemur út á vinnumarkaðinn, getur leitað til okkar, því við höfum sýnt okkur vera fínt vinnuúrræði og vinnuþjálfunarsetur.“

Þorbjörn er bjartsýnn á framtíðina, enda er verið að ganga frá samningum um stærra húsnæði sem verður í Víkurhvarfi. Ríkið mun greiða 60 prósent af leigu og sveitarfélögin 40 prósent. Þorbjörn segir að með nýja húsinu verði hægt að fjölga nemum og grynnka á biðlistum. „Þegar góðærið skellur aftur á verðum við með fullt af ungu fólki sem er hæft út á vinnumarkaðinn.“ **- kóp**



**BJARTSÝNN** Þorbjörn segist bjartsýnn á hlutverk Fjölsmiðjunnar og að hægt verði að létta á biðlistum í nýja húsnæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Kveiktu á verðinu!
Öllum símatilboðum Nova fylgir 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði. Tilboðin gilda í áskrift og frelsi. Taktu númerið með þér og skiptu núna!
Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!
Netið í símann
0 kr. í áskrift og 19 kr. í frelsi.
250 MB/mán. í áskrift og 5 MB/dag í frelsi.
NOKIA
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
0 kr. útborgun
Nokia 3120
Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.
Litir: Fjólublár og grár
Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hverjir urðu Íslandsmeistari karla í handknattleik á þriðjudag?
2. Hvaða frægi gamanleikari lést á þriðjudag?
3. Hver er eiginkona Garðars Gunnlaugssonar, atvinnumanns í knattspyrnu?

SVÖRIN ER Á SÍÐU 46

Áforma ekki að hlaupa frá skyldum mínum segir Magnús Þorsteinsson:

# Segist ekki hafa flúið land

**VIÐSKIPTI** Breyting á lögheimili Magnúsar Þorsteinssonar fjárfesti kemur gjaldþrotaskiptabeiðni á hendur honum ekki við, enda vissi hann ekki um beiðnina þegar hann færði lögheimili sitt til Rússlands. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Magnúsi.

„Ég harma að þetta hafi verið túlkað sem flóttatilraun af minni hálfu," segir í yfirlýsingunni. „Ég hef haldið uppi málefnalegum og sanngjörnum vörnum í máli mínu og hvorki fyrr né nú áformað að hlaupa frá mínum skyldum."

Krafa Straums Burðaráss um gjaldþrotaskipti í búi Magnúsar er byggð á árangurslausri kyrrsetningaraðgerð sem fór fram hjá Sýslumanninum á Akureyri að kröfu Straums, að því er fram kemur í yfirlýsingu Magnúsar.



**ÓMAKLEGT** Magnús kveðst hafa haldið uppi málefnalegum og sanngjörnum vörnum og hann ekki áformað að hlaupa frá skyldum sínum.

Mál er nú rekið fyrir dómstólum um gildi meintrar skuldar Magnúsar. Hún er til komin vegna ábyrgðaryfirlýsingar sem hann gaf til tryggingar á láni sem Straumur hafi veitt fyrirtæki í eigu aðila óskyldum Magnúsi. Í yfirlýsingunni segir að lánið hafi verið veitt nokkrum árum áður en ábyrgðaryfirlýsingin hafi verið veitt.

Það er tilhæfulaust og ómaklegt hjá Straumi að bíða ekki niðurstöðu dómsmálsins, og lýsir óvenjulegu harðfylgi, segir í yfirlýsingunni. Gjaldþrotaúrskurðurinn verði væntanlega kærður til Hæstaréttar. **- bj**

Fékk fyrsta vinning í Lottóinu:

# Bíltúr eftir ís borgaði sig upp

**FÓLK Það getur margborgað sig að bjóða börnunum sínum í ísbíltúr, eins og kona ein sem búsett er á Suðurlandi komst að um síðastliðna helgi.**

**Konan ákvað að bjóða dóttur sinni í bíltúr á laugardaginn, og á leið þeirra mæðgna í gegnum Vík ákváðu þær að skella sér í Víkurskálann til að fá sér ís. Þær skelltu sér á einn lottómiða í leiðinni, sem reyndist vera með allar tölurnar réttar. Konan hafði því 17,8 milljóna vinning upp úr krafsinu. Einn annar var með allar tölurnar réttar. Sá er ungur námsmaður sem nýlega festi kaup á íbúð. - kg**

Meta kosti og galla ESB:

# Evran verður allsráðandi

**EFNAHAGSMÁL Finnar telja stöðugt vaxtastig, upptöku evru og ferðafrelsi til helstu kosta aðildar landsins að Evrópusambandinu fyrir fjórtán árum. Þetta kemur fram í könnun Samtaka aðila á vinnumarkaði þar í landi í nýliðnum mánuði.**

**Þá töldu margir finnska frumkvöðla og fyrirtæki hafa hagnast á aðildinni. Margir telja sömuleiðis evruna verða allsráðandi innan aðildarríkja sambandsins á næstu árum.**

**Hátt verðlag, sundurleitni og vandamál tengd stefnu ESB í innflytjendamálum flokkast hins vegar til gallanna auk þess sem Finnar telja að bændur hafi átt undir högg að sækja innan ESB frá því landið fékk aðild að sambandinu fyrir fjórtán árum. - jab**

Umræða um lögleiðingu marijúana í Kaliforníu:

# Schwarzenegger fylgjandi umræðu

**BANDARÍKIN, AP** Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, segir að tími sé kominn til umræðu um það hvort sala kannabisefna skuli gerð lögleg í ríkinu.



**ARNOLD SCHWARZENEGGER**

Schwarzenegger lét þessi orð falla í bænum Davis í gær, á fundi um varnir gegn skógareldum. Hann tók fram að persónulega styddi hann ekki lögleiðingu marijúana og varaði við því að löggjafinn tæki ákvarðanir sem skiluðu fé í ríkiskassann en gætu haft skaðleg áhrif á samfélagið. Benti hann á að reynslan væri ekki góð af lögleiðingu kannabis í þeim löndum þar sem það hefur verið reynt.

Þingmaður á ríkisþingi Kaliforníu hefur sagt að með því að lögleiða sölu marijúana til fólks yfir 21 árs aldri og setja 50 dala skatt á hverja únsu myndi það skila meiru en einum milljarði dala í ríkiskassann á ári.

Kalifornía varð árið 1996 fyrsta ríki Bandaríkjanna til að lögleiða notkun marijúana í lækningaskyni. Slík lög eru nú í gildi í meira en tíu öðrum ríkjum. **- aa**


Hjálparvakt tannlækna fyrir börn og unglinga

Fjárhagslegar aðstæður margra heimila hafa breyst verulega til hins verra á síðustu mánuðum. Því miður sýnir reynslan að eitt af því sem foreldrar neyðast til að spara þegar þrengir að eru tannviðgerðir og eftirlit hjá börnum og unglingum. Dregið hefur stórlega úr þáttöku íslenskra stjórnvalda í kostnaði vegna tannheilsu barna og við blasir gífurleg hætta á tannskemmdum og jafnvel vanlíðan barna og unglinga um þessar mundir. Í sumum tilfellum bíður fólk þess aldrei bætur.

Tannlæknar hafa ákveðið að koma til móts við þau heimili sem erfiðast eiga uppdráttar með sjálfboðavinnu við skoðun og viðgerðir tanna hjá börnum og unglingum. Skorað er á barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör að nýta sér þetta tækifæri til ókeypis tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglinga.

Hjálparvakt tannlækna er samstarfsverkefni Tannlæknafélags Íslands og Tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Þjónustan er veitt í húsnæði Tannlæknadeildar Háskóla Íslands, Læknagarði, laugardagana 9. maí og 23. maí frá kl. 10.00 – 13.00.

Ekki er tekið við tímapöntunum en ráðstafanir eru gerðar til þess að biðtími verði ávallt hóflegur. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Tannlæknadeild Háskóla Íslands í síma 525 4850.

Tannlæknafélag Íslands

HÁSKÓLI ÍSLANDS




**SIGPRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR** Fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins segir mikilvægt að hamra á því að heimilisofbeldi sé ekki eðlileg viðbrögð við atvinnumissi eða fjárhagsörðugleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Erfitt að yfirgefa ofbeldissambandið

**Framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins segir konur setja atvinnuleysi, óseljanlegar eignir og skuldir fyrir sig nú og skilji því síður við ofbeldismennina.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Erlendum konum hefur fækkað mjög hjá Kvennaathvarfinu síðan í haust en á sama tíma hefur íslenskum konum fjölgað mjög mikið. Þetta segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.

„Við vitum ekki af hverju það er," segir hún. „Eina skýringin sem okkur dettur í hug er sú að þær haldi sig frekar heima, því valmöguleikum hafi fækkað. Það er erfiðara með atvinnu og erfiðara að fóta sig eftir skilnað og því haldi þær sig inni á heimilunum." Sigþrúður segir að aðrar skýringar geti komið til, ótengdar atvinnuástandinu, en þeim hafi ekki dottið neinar aðrar skýringar í hug. Hún minnir á að konur sem koma utan EES-svæðisins geti fengið dvalarleyfi, þótt þær hafi verið giftar íslenskum mönnum í skamman tíma, ef þær skilja vegna ofbeldis.

Hvað varðar auknar komur íslenskra kvenna telur Sigþrúður líklegt að almennt hafi þrengst um og þær hafi því í færri hús að venda en að leita til Kvennaathvarfsins. „En það er mikilvægt að eðlileg viðbrögð við atvinnumissi eða fjárhagsörðugleikum er ekki að beita maka sinn ofbeldi. Í eðlilegum samböndum, sem einkennast af virðingu, jafnrétti og ást, þá er það ekki líklegt. En við vitum líka að streita er mikill áhrifavaldur."

> Við myndum vilja sjá að framfærsla fjölskyldunnar væri á einhvern hátt tryggð þangað til skilnaður og eignaskipti væru gengin í gegn.
>
> **SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR** FRÆÐSLU- OG FRAMKVÆMDASTÝRA

Sigþrúður segist hafa áhyggjur af ástandinu og heyra frá konum að óseljanlegar eignir og ókljúfanlegar skuldir geri það að verkum að þær geti ekki skilið við ofbeldismenn og komist ekki út af heimilinu. Einnig hafi hún áhyggjur af atvinnumissi kvenna, þar sem einangrun ýti undir hættuna á ofbeldi. „Við myndum vilja sjá að framfærsla fjölskyldunnar væri á einhvern hátt tryggð þangað til skilnaður og eignaskipti væru gengin í gegn."

Jafnframt segir Sigþrúður það mikilvægt núna að lögreglan hafi lagalega heimild til að fjarlægja ofbeldismann af heimili strax, þannig að konan þurfi ekki að fara að heiman með börnin. „Það er grundvallaratriði að konur þurfi ekki að fara að heiman, heldur að það sé friðarspillirinn á heimilinu sem sé færður í burtu," segir hún.

svanborg@frettabladid.is

# Lykill að lægra verði




Með Staðgreiðslulyklinum geturðu greitt fyrir bæði eldsneyti og vörur á næstu Skeljungsstöð um leið og þú tryggir þér afslátt, punkta og aukna þjónustu.
**Sæktu um Staðgreiðslulykilinn í dag á www.skeljungur.is.**



Það er bara Staðgreiðslulykillinn sjálfur sem er minni, fríðindin eru þau sömu og þú færð með Staðgreiðslukorti Skeljungs!

ENNEMM / SÍA / NM37642



**ALLUR ER VARINN GÓÐUR** Þessi kona skartaði andlitsgrímu er hún gekk í gegnum vegabréfsskoðun á Charles de Gaulle flugvellinum við París í gær, en hún var að koma frá Mexíkó. Fjögur tilfelli af svínaflensu hafa verið staðfest í Frakklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Kona sem grunuð er um mansal talin tengjast belgískum fíkniefnasmyglurum:

# Catalina aftur í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Catalina Mikue Ncogo, sem komst í fréttir vegna meints mansals fyrr á árinu, hefur verið úrskurðuð í gæsluvarðhald til 12. maí. Hún er grunuð um aðild að nokkuð umfangsmiklu smygli á fíkniefnum hingað til lands.

Catalina er talin tengjast tveimur belgískum konum sem í síðustu viku voru dæmdar í tíu mánaða fangelsi fyrir að flytja til landsins ríflega 350 grömm af kókaíni innvortis 12. apríl. Refsing kvennanna var milduð vegna þess að þær bentu báðar á skipuleggjanda smyglsins á mynd.

Þá er Catalina jafnframt talin tengjast belgískum karlmanni sem handtekinn var í Leifsstöð með fíkniefni innvortis en flúði síðan úr haldi lögreglu. Hann náðist hálfum sólarhring síðar.

Catalina, sem er íslenskur ríkisborgari og ættuð frá Miðbaugs-Gíneu, var einnig úrskurðuð í gæsluvarðhald um miðjan febrúar. Þá hafði hún verið handtekin í Leifsstöð við komuna til landsins, grunuð um mansal og að hafa ætlað að flytja tólf kíló af kókaíni til landsins í félagi við kærasta sinn. Kærastinn var handtekinn á flugvelli í Amsterdam með efnið í fórum sínum.

Mansalsgrunurinn beindist að vændisstarfsemi sem Catalina hefur viðurkennt að hafa rekið hérlendis. Alls hafi hún haft tólf konur á sínum snærum.



**VÆNDISHÚS** Catalina gerði út fjórar stúlkur í þessu húsi við hlið lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkomulag sparisjóða:

# Byr sér um alla greiðslumiðlun

**BANKAMÁL Samkomulag hefur náðst um að Byr sparisjóður taki við allri innlendri greiðslumiðlun sparisjóðanna í landinu, og einnig erlenda greiðslumiðlun sem Sparisjóðabanki Íslands sinnti áður. Hefur Byr ráðið til sín níu fyrrverandi starfsmenn Sparisjóðabankans til að annast þau verkefni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Byr sparisjóði.**

**Þar kemur fram að Byr sé í dag stærsti starfandi sparisjóður landsins og því hafi legið beint við að sjóðurinn tæki að sér þessa þjónustu við sparisjóðina í landinu.** - kg



**SAUÐBURÐUR** Ungur gestur með lömbin sem fæddust í gær.

Fjölgar í Húsdýragarðinum:

# Lömbin fá nafn

**DÝR Sex lömb höfðu bæst í hóp dýra í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gær en sauðburður hófst í garðinum í fyrradag. Gestum garðsins hlotnaðist sá heiður að nefna fyrstu fjögur lömbin sem heita Sara, Ella, Embla og Tekla. Lömbin tvö frá í gær fá væntanlega nöfn fljótlega.**

**Alls eru níu ær í garðinum og útlit fyrir enn frekari fjölgun í vikunni.** - sbt

Viðskiptavinir Marel Food Systems hafa frestað stærri verkefnum:

# Tap fyrsta fjórðungs er 1,1 milljarður

**VIÐSKIPTI** Marel Food Systems tapaði tæpum sjö milljónum evra eftir skatta á fyrsta fjórðungi ársins. Upphæðin nemur um 1,1 milljarði króna. Á sama tíma í fyrra hagnaðist félagið um 739 þúsund evrur, eða tæplega 118 milljónir króna.



ERIK KAMAN

Félagið áréttar að sjóðstreymi sé gott þrátt fyrir frestun viðskiptavina á stærri verkefnum. Í tilkynningu félagsins eftir lokun markaða í gær er haft eftir Theo Hoen, forstjóra félagsins, að rekstrarafkoman endurspegli áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar á starfsemi fyrirtækisins. „Hins vegar hafa núverandi markaðsaðstæður haft óveruleg áhrif á sölu varahluta og þjónustu, sem og sölu staðlaðra tækja og smærri kerfa,“ segir hann og telur skýr teikn á lofti um að sala sé að aukast. „Í Bandaríkjunum sérstaklega eru sterkar vísbendingar um að efnahagsbati sé hafinn.“

Í tilkynningu kemur fram að sölutekjur af kjarnastarfsemi dragist saman um 27 prósent milli ára og nemi 103,2 milljónum evra. „Samdráttur í tekjum er afleiðing fækkunar pantana þegar fjármálakreppan stóð sem hæst,“ segir í tilkynningunni.

Samstæðureikningur Marel Food Systems sýnir svo að heildartekjur aukast um 76 prósent milli ára, eru 130,3 milljónir evra á fjórðungnum, samanborið við 74,0 milljónir evra í fyrra. - óká



**MAREL** Í tilkynningu frá forstjóra félagsins segir að rekstrarafkoman endurspegli áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar á starfsemi fyrirtækisins. Þá sé sjóðstreymi félagsins gott þrátt fyrir að viðskiptavinir hafi frestað stærri verkefnum.



Merrill-Lynch um Bernanke:

## Kveður við bjartari tón

**VIÐSKIPTI** Skilyrt upplífgandi skilaboð var að finna í orðum Bens Bernanke, seðlabankastjóra Bandaríkjanna, samkvæmt umfjöllun greiningardeildar fjárfestingabankans Merrill-Lynch.

Mest upplífgandi voru að mati deildarinnar orð um að „eftirspurn, sér í lagi hjá heimilunum, væri að ná jafnvægi“. Seðlabankastjórinn bendir á að gegn þeirri þróun vinni veikur vinnumarkaður, sem kunni að veikjast enn frekar og fjármagnsskorður neytenda. Það þykir jákvætt að Bernanke segir merki um að til botns megi nú sjá á fasteignamarkaði. Hann trúi því enn á hægan bata. **- óká**



**Í HJÓLATÚR** Landsbjörg hvetur hjólreiðafólk til að nota hjálma nú þegar átakið „Hjólað í vinnuna“ er hafið.

Reiðhjólahjálmar brýnir:

## Ending hjálma þrjú til fimm ár

**FORVARNIR** **Ending reiðhjólahjálma er fimm ár frá framleiðsludegi en þrjú ár frá söludegi. Þetta kemur fram í frétt frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg sem hvetur hjólreiðafólk til að nota hjálma nú þegar átakið „Hjólað í vinnuna“ er hafið.**

**Minnir félagið á nauðsyn þess að hjálmar séu af réttri stærð, þeir rétt stilltir og sitji rétt.**

**Sýna athuganir að hjálmur ver fyrir alvarlegum höfuðáverkum í 80 til 85 prósentum tilfella en alvarlegustu slysin verða þegar hjólað er í bílaumferð.**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Kona í gæsluvarðhald**

Kona um þrítugt var úrskurðuð í gæsluvarðhald til 12. maí í Héraðsdómi Reykjaness, að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Konan er grunuð um aðild að innflutningi fíkniefna. Hún hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar.







22. - 30. september

MAROKKÓ - ATLASFJÖLLIN

Verð 194.900 kr.*

- Gönguferð á færi flestra
- Mikil þægindi (farangri trússað)
- Hæsti tindur Norður-Afríku
- Heillandi menning og landslag
- Nánast allt innifalið (sjá vefsíðu)

Nánari upplýsingar í s. 587 9999 eða á
FJALLALEIDSOGUMENN.IS

* Viðmiðunargengi evru 6. maí



**FRÉTTASKÝRING:** Efnahagskreppan í Austur-Evrópu

# Kreppan leikur nýrri ESB-ríkin misgrátt

**Um mánaðamótin voru rétt fimm ár liðin frá því að tíu ný aðildarríki gengu í Evrópusambandið. Þar á meðal voru átta fyrrverandi austantjaldslönd. Þau standa nú misjafnlega að vígi í kreppunni. Sum eiga við jafnvel meiri vanda að stríða en Ísland.**

Á þessum tímamótum ríkir reyndar lítil hátíðarstemmning í höfuðborgum ESB-landanna 27 – versta efnahagskreppa í álfunni frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar sér til þess. Ofan á kreppuna bætist auk þess svonefnd „stækkunarþreyta“; einkum í kjarnalöndum sambandsins á meginlandinu eins og í Þýskalandi og Frakklandi er með öðrum orðum vilji til að hlé verði gert á frekari fjölgun aðildarríkja.

### Kreppan gerir illt verra

„Efnahagskreppan gerir illt verra því að hún stuðlar að því að fólk horfi inn á við, hún ýtir undir ótta fólks um að missa vinnuna og undir þá sýn á frekari stækkun ESB að hún þýði aukinn straum láglaunaverkafólks austan að, og það er það síðasta sem fólk [í eldri aðildarríkjunum í vestanverðri álfunni] kærir sig um nú um stundir.“ Þetta er haft eftir Katinku Barysch, sérfræðingi hjá Evrópurannsókna- og ráðgjafarstofnuninni Centre for European Reform í Lundúnum, á fréttavefnum Expatica.com.

Stækkunarmálastjóri ESB, Finninn Olli Rehn, benti hins vegar á jákvæðu hliðarnar af reynslunni af stækkuninni til austurs í ávarpi sem hann flutti í Brussel í tilefni af fimm ára afmæli hennar um mánaðamótin. Þar sagði hann meðal annars, að „heilt á litið hefur stækkun ESB verkað sem akkeri stöðugleika og lýðræðis og drifkraftur persónufrelsis og efnahagslegra framfara í Evrópu.“

### Reynir á samstöðuna

En á sama tíma hafa einstaka ráðamenn í nýju aðildarríkjunum í austanverðri álfunni kvartað yfir því að kollegar þeirra í ríku löndunum í vestri horfðu aðgerðalitlir á „á meðan efnahagslegar hamfarir steyptust yfir eystri aðildarþjóðirnar“. Þannig talaði alltént Ferenc Gyurcsany, forsætisráðherra Ungverjalands, á aukaleiðtogafundi ESB í byrjun marz. Hann mæltist til þess að ESB legði fram 180 milljarða evra í neyðarfjárhagsaðstoð við eystri aðildarríkin.

Þessari tillögu Gyurcsany var hafnað. Það er þó ekki svo að ESB láti sér fátt um finnast. Í lok árs 2008 var slíkur neyðarsjóður ESB tvöfaldaður upp í 25 milljarða evra og í marz 2009 var hann tvöfaldaður aftur, í 50 milljarða evra. Féð í þessum sjóði hefur verið notað meðal annars til að fjármagna – í félagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn – stór neyðarlán til Ungverjalands, Lettlands og nú síðast til Rúmeníu. Þörf nýju aðildarríkjanna fyrir slíkri fyrirgreiðslu er mjög misjöfn, og það var þess vegna sem ekki var fallizt á tillögur Gyurczany.

Leiðtogar ESB-landanna hétu því líka á G20-fundinum svonefnda í byrjun apríl að leggja til fjórðunginn af áformaðri þreföldun á handbæru fé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en sá fjórðungur samsvarar um 100 milljörðum Bandaríkjadala. Það gerðu þeir ekki sízt með Austur-Evrópulöndin í huga. Í því felst sú pólitíska ákvörðun að veita slíka fjárhagslega neyðaraðstoð frekar í gegnum AGS en beint í gegnum eigin stofnanir ESB.

Samkvæmt nýlegu mati AGS þurfa „nýmarkaðslönd“ Evrópu á allt að 500 milljörðum dollara að halda á þessu ári til að endurfjármagna erlendar skuldir sínar. Til þessara landa eru talin bæði nýjustu ESB-ríkin í Mið- og Austur-Evrópu, grannlönd þeirra lengra í austri eins og Úkraína og Hvíta-Rússland, sem og Tyrkland og löndin á Balkanskaga.




**KREPPA Í LETTLANDI** „Til leigu“ stendur á skilti við verslun í Riga, höfuðborg Lettlands. Samdrátturinn þar er enn meiri en á Íslandi, en þar eins og hér gerir gjaldeyriskreppa illt verra. NORDICPHOTOS/AFP

### Ástandið verst í Lettlandi

Einna alvarlegast er ástandið í Lettlandi og Ungverjalandi, en í þessum löndum hafa heimili og fyrirtæki gerzt stórtæk í lántökum í erlendri mynt, fyrst og fremst evru og svissneskum frönkum. Á árinu 2004 voru 60 prósent allra útlána í Lettlandi í erlendri mynt og árið 2007 var það hlutfall komið í 90 prósent. Það var mjög skiljanlegt, enda var lettneska latið fastgengistengt evrunni, en vextir af miklu hærri en á evrulánum. Síðan lánum í þjóðargjaldmiðlinum voru síðastliðið haust hefur gengi latsins hins vegar hrunið um tugi prósenta gagnvart evru, sem veldur því nú að greiðsluvandi lettneskra heimila og fyrirtækja er ekki síðri en á Íslandi. Gert er ráð fyrir að þjóðarframleiðsla Lettlands dragist saman um að minnsta kosti tólf prósent í ár. Vandinn í Ungverjalandi er af sama toga – skuldir bæði einkageirans og ríkisins eru illviðráðanlegar vegna gengisfalls fórintunnar.

### Evrulönd standa betur að vígi

Að þessu leytinu standa Slóvenía og Slóvakía sem evrulönd miklu betur að vígi; fjármagnskostnaður er helzt þar lágur og hvorki ESB né AGS eru talin þurfa að hlaupa undir bagga. Þau njóta líka góðs af því að mikil erlend fjárfesting hefur streymt inn í löndin tvö á síðustu árum. Sú fjárfesting er að mestu í framleiðslu, eins og hin mikla uppbygging bílaiðnaðar í Slóvakíu er skýrasta dæmið um. Slík fjárfesting streymir ekki svo glatt úr landi aftur eins og fjárfesting til að mynda í jöklabréfum. Samdrátturinn í bílasölu á Evrópumarkaði veldur Slóvökum að sjálfsögðu búsifjum, og samkeppnishæfnin líður fyrir að kostnurinn á gengisfellingu er ekki fyrir hendi. Stöðugleikinn og aðgangurinn að lánsfé á góðum kjörum sem aðildin að evrusvæðinu hefur í för með sér gerir þó meira en að vega þann ókost upp undir þeim kringumstæðum sem nú ríkja.

### Gengissig í Póllandi

Pólland, langstærsta þjóðhagkerfið meðal nýjustu aðildarríkja ESB, er má segja þarna mitt á milli; vegna þess að Pólverjar hafa ekki verið eins stórtækir og margar grannþjóðir þeirra í að taka lán í erlendri mynt valda þær erlendu skuldir minni þrýstingi á gengi pólska zlotýsins en þær gera til að mynda í Lettlandi og Ungverjalandi, auk þess sem Pólland er það stórt hagkerfi að það er mun minna háð utanríkisviðskiptum. Zlotýið hefur þannig vissulega veikzt gagnvart evru, en ekki hrunið. Þannig standa útflutningsgreinar Póllands betur að vígi vegna gengissigsins. Engu að síður meta pólsk stjórnvöld það svo að það væri landinu í heild fyrir beztu að fá sem fyrst aðild að evrusvæðinu. Enda er fjármagnskostnaður miklu hærri í Póllandi en á evrusvæðinu.

Áðurnefnd Katynka Barysch hjá Centre for European Reform kemst að þessari niðurstöðu: „Mesta hættan felst í því að Austur-Evrópuþjóðirnar gætu farið að setja spurningamerki við það hagvaxtarmódel frelsis-, einka- og markaðsvæðingar sem þau hafa haft að leiðarljósi. Klúðri ESB því hvernig það tekur á kreppunni í austurhluta álfunnar gæti þessi mikilvægi heimshluti endað uppi með stórlega skaddaðar hagvaxtarhorfur, stjórnmálaforystu tortryggna á Evrópusamstarfið og verkamenn unnvörpum að pakka til að flytja vestur.“



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

## VILJA HLÉ Á FREKARI STÆKKUN ESB

Í kjarnalöndum ESB á borð við Þýzkaland og Frakkland er útbreiddur vilji fyrir því að lokið verði við að innleiða uppfærslu á stofnsáttmála sambandsins, sem unnið hefur verið að allt frá því að Nice-sáttmálinn svonefndi var samþykktur árið 2000, áður en fleiri ný aðildarríki verða tekin inn í raðir sambandsins. Margumtalaður stjórnarskrársáttmáli var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi árið 2005 og Lissabon-sáttmálinn, metnaðarminni útgáfa af stjórnarskrársáttmálanum, hefur enn ekki komist í gildi þar sem hann var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi í fyrra. Búizt er við að Írar kjósi á ný um sáttmálann þegar fyrir liggur hvernig lögleiddar verða breytingar á honum sem koma til móts við helztu áhyggjuefni Íra þar að lútandi.

Í kosningastefnuskrá Kristilegra demókrata í Þýzkalandi (CDU), flokks Angelu Merkel kanzlara, fyrir kosningarnar til Evrópuþingsins 7. júní næstkomandi, segir meðal annars að það hafi „kostað mikið átak“ að víkka raðir ESB út til nýjustu aðildarríkjanna. Í kosningastefnuskránni er hvatt til þess að Evrópusambandið taki sér tíma „til að treysta gildi sín og stofnanir“ og sú vinna ætti að „hafa forgang fram yfir frekari stækkun sambandsins“.

Flokksmenn þýzka kanzlarans hafa þó sagzt reiðubúnir að samþykkja inngöngu Króatíu, en Króatar sjálfir gera sér vonir um að fá aðild á árinu 2011. Finninn Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál sambandsins í framkvæmdastjórninni í Brussel, hefur aftur á móti sagt að sæki Íslendingar fljótlega um muni þeir geta veitt Króötum samkeppni um að verða 28. aðildarþjóðin.

ICI rheocenter
öndvegissetur í sementsbundnum efnum

Hugvit sem útflutningsvara
Opnun ICI Rheocenter
7. maí 2009

Nýsköpunarmiðstöð Íslands opnar ICI Rheocenter, öndvegissetur á sviði steinsteypurannsókna. ICI Rheocenter er átak til að markaðsfæra íslenskt hugvit á erlendri grund.

Opnunin fer fram í dag **fimmtudaginn 7. maí** á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Keldnaholti kl. 16:00 – 17:30 og eru allir velkomnir. Boðið verður upp á léttar veitingar og óvæntar uppákomur.



*Myndin sýnir furðuhlut sem fannst í sementsefju. Nánar verður greint frá hlutnum við opnunina.*

Dagskrá

*Dr. Þorsteinn Ingi Sigfússon* forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands býður gesti velkomna

*Dr. Össur Skarphéðinsson* iðnaðarráðherra opnar ICI Rheocenter

*Dr. Ólafur H. Wallevik* forstöðumaður ICI Rheocenter kynnir starfsemi öndvegissetursins

*Dr. Svafa Grönfeldt* rektor Háskólans í Reykjavík og *Dr. Þorsteinn Ingi Sigfússon* forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar undirrita samstarfssamning

*„Íslandsmótið í tveggja daga steypustyrk“*

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Keldnaholti, 112 Reykjavík | Sími 522 9000 | www.nmi.is

Fjármálanámskeið

# $tµndum €® nú €®ʃιπ @ð $kι£√@ þ€$$i ƒ√å®m@l!




DYNAMO REYKJAVIK

## Fjármálanámskeið á mannamáli!

**Hvað hefur helst áhrif á fjármálin þín og hvernig getur þú varist fjárhagslegum áföllum?** Fjármálanámskeið, þar sem fjallað er á aðgengilegan hátt um mikilvægustu hliðar fjármálanna. Eitt af fyrstu skrefunum í fjárhagslegri heilsu er að auka almenna fjármálaþekkingu. Námskeiðið er haldið í samstarfi við *Stofnun um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík.* Það fer fram bæði í Reykjavík og á Akureyri og tekur 3 klst. Skráningargjald er 900 kr.
**Skráðu þig á námskeið sem kennir þér á fjármálin – á mannamáli.**

Skráning og allar nánari upplýsingar á **www.byr.is** eða í síma **575 4000.**

**KYNNTU ÞÉR FJÁRMÁLALAUSNIR BYRS**

Fjármálanámskeið á mannamáli ▪ Stöðumatið mitt og Heimilisbókhald Fjármálapróf ▪ Heilsupróf og ráðgjöf ▪ Lenging lána ▪ Greiðslujöfnun húsnæðislána ▪ Fyrirframgreiðsla Lífsvals ▪ Frysting erlendra lána ▪ Fjármálahugtök

BYR SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is



# SÓLPALLURINN
# í Húsasmiðjunni

## HÚSEIGENDUR
## NÝTIÐ TÆKIFÆRIÐ!

**100% endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu vegna viðhalds, endurbóta og nýbygginga!**
Þá er rétt er að benda á að í dag fæst 100% endurgreiðsla á virðisaukaskatti af vinnu á byggingastað vegna nýbygginga, viðhalds og endurbóta á húseignum og frístundahúsum. Gildir einnig á hönnun og eftirlitsvinnu.

**Íbúðalánasjóður hefur rýmkað reglur um lán til endurbóta og viðbygginga.**
Nú er einnig lánað til lóðaframkvæmda, smíði sólpalla, hellulagna auk annarra endurbóta. Aðeins þurfa að líða 10 ár frá fokheldi íbúðarhúsnæðis til að unnt sé að fá lán vegna endurbóta á húsnæðinu í stað 15 ára áður. Lánin eru auk þess til styttri tíma en áður, allt niður í 5 ár og á hagstæðum kjörum.

Leitið nánari upplýsinga hjá Íbúðalánasjóði.



### Madrid



180 x 120 sm
603414
**12.490**

180 x 120/90 sm
603411
**11.290**

180 x 180 sm
603400
**15.490**

### Gyrðir íslensk hönnun



178 x 118 sm
603311
**13.590**

88 x 118 sm
603316
**7.990**



## Sólpallareiknivél á www.husa.is

Reiknaðu efnisþörfina í sólpallinn og fáðu tilboð á mjög auðveldan hátt með sólpallareiknivélinni á www.husa.is.



## PALLAEFNI
FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN

Gagnvarin fura

21x95, lengdir 0.9 til 6.0 m — **199** kr/m
621600

28x95, lengdir 0.9 til 4.5 m — **259** kr/m
628601

**Timburráðgjöf í Grafarholti, Skútuvogi og í verslunum okkar um land allt.**

EINAR SVEINSSON
REKSTRARSTJÓRI SÖLU OG ÞJÓNUSTU

**Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.**




# ódýrari en þig grunar

**Sólpallur við húsið eða sumarbústaðinn nýtist vel, stækkar íverustað fjölskyldunnar auk þess að auka verðgildi húseignarinnar**



## VERÐDÆMI

efni í sólpall frá Húsasmiðjunni

| | |
|---|---|
| **Sólpallur 15m2** | **57.675** kr |
| **Sólpallur 20m2** | **76.900** kr |
| **Sólpallur 30m2** | **115.350** kr |
| **Efni í sólpall** | Verð frá **3.845** kr/m² |

### Innifalið í verðum er:

gagnvarin fura 48x198 mm
gagnvarin fura 48x98 mm
gagnvarin fura 28x95mm
galvaniseraður saumur í klæðningu

Athugið að fermetraverð getur verið breytilegt. Hér að ofan er verðhugmynd m.v. sólpall á frostfrítt undirlag þ.e. án efnis í undirstöður.

**Fáðu tilboð og ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í næstu Húsasmiðjuverslun eða í síma 525 3000 til að fá besta verðið í pallinn þinn.**

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

## Útgjöldin

> Meðalútgjöld heimilanna vegna trygginga frá 2002 til 2007.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** MARGRÉT SVERRISDÓTTIR VARABORGARFULLTRÚI

## *Draumahúsið í biðstöðu*



„Ég held að það sé óhætt að segja að verstu kaupin hafi verið dýr lóð í Úlfarsárdal,“ segir Margrét Sverrisdóttir varaborgarfulltrúi. Lóðin var dýr vegna þess að innifalin átti að vera ýmiss konar þjónusta, en nú hefur verið fallið frá því að miklu leyti, og margar af lóðunum í nágrenninu standa auðar.

„Við vorum byrjuð á framkvæmdum þegar bankahrunið varð,“ segir Margrét. Fjölskyldan hefur þó fráleitt gefist upp og reiknar með að flytja á endanum inn í draumahúsið. Margrét segir lán í óláni að hafa verið búin að selja íbúð í Vesturbænum, nú verði hún í leiguíbúð þar til húsið verði tilbúið.

„Ég var reyndar upphaflega alfarið á móti þessum kaupum,“ segir Margrét. Það hafi verið draumur eiginmannsins að byggja og hún hafi látið hann sannfæra sig. „Ég lét undan, en ég var mjög treg í taumi,“ segir Margrét.

„Allra bestu kaupin eru án efa lítið hús vestur á fjörðum sem ég keypti fyrir tíu árum,“ segir Margrét. „Þetta hús, sem heitir Kirkjubær, er búið að vera okkar griðastaður, við reynum að fara þangað í öllum fríum.“ Fjölskylda Margrétar á sumarhús í nágrenninu og þarna var hún í sveit hjá afa sínum og ömmu, svo hún hefur afar sterk tengsl við svæðið. Húsið stendur skammt fyrir utan Ísafjarðarkaupstað.

Kaupin komu þó heldur óvænt upp. „Ég var ekki búin að láta mér detta í hug að ég myndi eignast sumarhús þarna, en þetta kom óvænt upp og þá varð ég að hrökkva eða stökkva.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### TANNKREM Á RISPURNAR



„Það gerist oft að bestu geisladiskarnir rispast þegar maður er búinn að fara með þá í öll frí lífs síns,“ segir Björg Magnúsdóttir stjórnmálafræðinemi. „Til þess að afrispa þá setur maður á sig plasthanska og nuddar hliðina vel með tannkremi. „Þetta finnst mér þjóðráð, fólk sleppir við ræningjaskap á Netinu og getur lagað alla bestu geisladiskana í safninu.“

■ **Auglýsingar**

## Wilson's má ekki segjast vera bestir

Neytendastofa hefur bannað auglýsingar frá Wilson's þar sem því er haldið fram að Wilson's pitsur séu bestar og ódýrastar.

Ekki má nota lýsingarorð í efsta stigi í auglýsingum, svo sem best og ódýrast, nema hægt sé að sanna slíkar fullyrðingar. Í tilfelli Wilson's eru fullyrðingarnar byggðar á könnun DV frá febrúar á síðasta ári og símaverðkönnun sem Wilson's framkvæmdi sjálft. Að mati Neytendastofu voru sannanir Wilson's fyrir því að vera ódýrastir og bestir ekki fullnægjandi og því voru auglýsingarnar bannaðar.



Hluti vorverkanna er að snyrta tré og runna í görðum landsmanna:

# Enn er tími til að klippa tré og runna

Enn er hægt að klippa tré og runna, þó að liðið sé á vorið. Þó þarf að gæta að stærri trjám eftir að þau taka að bruma og fá leiðbeiningar garðyrkjufræðinga. „Ekki er mælt með því að klippa birki frá því brum er að brjótast út,“ segir Leiknir Ágústsson, garðyrkjufræðingur hjá Draumagörðum. Trén missi mikið af orku sem annars færi í laufgun. Því geti verið betra með slíkt til mánaðamóta júní og júlí. Sama eigi við um öll stærri tré.

„Það er best ef fagmaður er að klippa, þá getur hann metið hvort hann þorir að fara í klippingu á stórum trjám. Það er varhugavert að fara í klippingu á stórum trjám, sem eru svolítið gömul því þau geta síður varið sig fyrir sýkingu,“ segir Leiknir. Hann bendir á að ef fjarlægja eigi greinar sem eru sverari en þriðjungur af ummáli stofns, sé betra að taka tréð í svokallaða kerfisklippingu til að koma í veg fyrir sýkingu. Þá er byrjað á að klippa við hliðargrein á stóru greininni sem á að fjarlægja. Við það fer tréð í vörn. Einu eða tveimur árum seinna sé restin af greininni tekin alveg að greinarkarga. Þá sé tréð þegar farið að loka af sárið.

„Upp úr miðjum maí er gott að vera búinn með allar klippingar,“ segir Brynjar Kjærnested, eigandi Garðlistar. Hann segir mikið að gera hjá fyrirtæki sínu um þessar mundir. „Fólk fer oft ekki að huga að garðinum fyrr en með hækkandi sól.“

Þjónusta hjá Garðlist kostar 4.500 krónur á tímann, auk virðisaukaskatts. Draumagarðar selja tímann á 3.200 krónur auk virðisaukaskatts. **- ss**



**RUNNAR SNYRTIR Í VERÐLAUNAGARÐI** Starfsmaður Garðlistar snyrtir hér runna þannig að þeir muni líta vel út í sumar, formaðir og fallegir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# SUMAROPNUN
## OPIÐ ALLA DAGA TIL
# 21:00
# Í SKÚTUVOGI

Aðeins í dag í öllum verslunum

**20%** afsláttur af öllum REIÐHJÓLUM

Lambalæri Bernaise **290 kr** í dag í Skútuvogi kl 18:30 - 20:30



Soldis Silkitré & silkiblóm

**30%** afsláttur

Aðeins í dag í Skútuvogi



Energy 20"
3899968
**19.190**
~~23.990~~

Aðeins í dag í öllum verslunum

**20%** afsláttur af öllum BÚSÁHÖLDUM



## Frábær tilboð á uppþvottavélum, þvottavélum og þurrkurum

Gildir í öllum verslunum dagana 7. - 10. maí

Electrolux



**Uppþvottavél**
ESF 65022W
1805331
**99.990**
~~123.990~~
3 ÁRA ÁBYRGÐ

Electrolux



**Þvottavél**
EWF 12440W
1805455
**79.990**
~~88.990~~
3 ÁRA ÁBYRGÐ

Electrolux



**Þurrkari**
EDE 36130W
1805460
**56.790**
~~65.990~~
3 ÁRA ÁBYRGÐ

HÚSASMIÐJAN x blómaval Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og mindavíxl og eru háðar lagerstöðu.

# RISA TAX FREE DAGAR

ALLUR fat

MESTA

*Landsins mesta vöruvalið!*



## ALLUR FATNAÐUR!

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.



## ALLIR SKÓR!

Skóaðu þig upp! Skór á alla fjölskylduna án virðisaukaskatts 7.-10. maí.

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# …aður, skór og snyrtivara

## úrvalið á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag

**ALLAR SNYRTIVÖRUR!**



# TAX FREE DAGAR

**FRÍHAFNARDAGAR**

7.-10. maí afnemum við virðisaukaskatt af ÖLLUM SNYRTIVÖRUM, FATNAÐI OG SKÓM.

*Landsins mesta úrval af snyrtivörum!*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. maí 2009.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 25 **Velta:** 80 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 240 **+10,14%**

**OMX ÍSLAND 6** 640 **-0,68%**

MESTA HÆKKUN

**BAKKAVÖR** 0,79%
**MAREL FOOD SYST.** 0,20%

MESTA LÆKKUN

**ALFESCA** 7,94%
**ÖSSUR** 0,52%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 2,90 -7,94% ... Atlantic Airways 173,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,28 +0,79% ... Eik Banki 83,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 117,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,50 +0,00% ... Marel Food Systems 49,10 +0,20% ... Össur 94,90 -0,52%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Vöruskiptaafgangur er minni en greinendur bjuggust við

„Þetta eru vonbrigði," segir Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá IFS Greiningu, um 2,3 milljarða króna afgang af vöruskiptum í síðasta mánuði, samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í gær. IFS hafði spáð sjö milljarða afgangi.

Samkvæmt tölunum nam útflutningur 31,7 milljörðum króna á móti 29,4 milljarða innflutningi í mánuðinum. Þetta þykir með slappari mánuðum.



SNORRI JAKOBSSON

Hagstofan segir að í ljósi veiks gengis krónunnar hljóti afgangur af vöruskiptum að valda áhyggjum þar sem krónan hefði með réttu átt að ýta undir verðmæti útflutnings auk þess sem verð sjávarafurða og áls sé hærra í íslenskum krónum.

Samdráttur á erlendum mörkuðum á hlut að máli en verð á fiski og áli var tuttugu prósentum lægra í síðasta mánuði en um áramót. Það eitt og sér jafngildi sjö milljarða samdrætti útflutningstekna á mánuði. „Þetta er því verulegt áfall fyrir hagkerfið," bætir Snorri við.

Hagstofan birtir endanlegar tölur í lok mánaðar. **- jab**

## Fyrsta hjöðnun verðs frá 1955

Meðalverðbólga í ríkjum Efnahags- og samvinnustofnunarinnar (OECD) hjaðnaði úr 1,3 prósentum í 0,9 prósent milli febrúar og mars á þessu ári samkvæmt tölum sem birtar voru í gær. Í Bandaríkjunum átti sér stað verðhjöðnun í fyrsta sinn frá því árið 1955. Þar lækkaði vísitala neysluverðs um 0,4 prósent milli mánaða.

Ársverðbólga í evrulöndum mældist 0,6 prósent í mars, en í Japan mældist hins vegar áframhaldandi verðhjöðnun, 0,3 prósent, en var 0,1 prósent í fyrra mánuði.

Í löndum OECD nam mánaðarverðbólga hins vegar 0,3 prósentum í mars, samanborið við 0,4 prósent í febrúar. **- óká**

# Gjaldþrot íslensku bankanna vógu þyngst í Evrópu í fyrra

Gjaldþrotatölur evrópskra banka á síðasta ári námu 38 milljörðum evra, samkvæmt nýrri skýrslu matsfyrirtækisins Moody's. Upphæðin jafngildir um 6.380 milljörðum íslenskra króna. Af heildarupphæðinni eru 90 prósent til komin vegna gjaldþrota íslensku bankanna þriggja.

Fram kemur í skýrslu Moody's að í fyrra hefðu 17 útgefendur skuldabréfa upp á 44 milljarða evra (tæplega 7.400 milljarða króna) komist í þrot. Árið 2008 sé því það annað versta í sögunni, aðeins árið 2002 voru meiri gjaldþrot.

Sömuleiðis eru gjaldþrot Kaupþings og Glitnis með þeim hæstu í sögu Moodys í Evrópu frá 1985, þótt fall Lehman Brothers í Bandaríkjunum sé stærst á heimsvísu.

Af þeim sautján sem urðu gjaldþrota í fyrra voru 12 fyrirtæki metin af Moody's og standa undir 39,4 milljörðum evra af heildarupphæðinni. Íslensku bankarnir þrír, Kaupþing, Glitnir og Landsbankinn, eru allir í þeim hópi.

Moody's leggur mat á hættuna á frekari gjaldþrotum með áhættueinkunnum. Spáð er 21,2 prósenta uppsveiflu í gjaldþrotum á fjórða ársfjórðungi 2009. Gangi sú spá eftir segir fyrirtækið niðursveifluna verða meiri en eftir að netbólan sprakk á árunum 2001 til 2003. **- óká**

**GREIÐSLUFALL LANGTÍMASKULDA**

| Nafn þrotabús | Land | Upphæð* |
|---|---|---|
| Kaupþing | Ísland | €14.699 |
| Glitnir | Ísland | €13.765 |
| Landsbankinn | Ísland | €8.917 |
| Roskilde Bank | Danmörk | € 458 |
| Lehman Bro Bankhaus | Þýskaland | € 56 |
| Búnaðarbankinn | Ísland | € 47 |
| GMAC Int. Finance | Holland | € 37 |
| Lehman Bro Holding | Bretland | € 7 |
| Eurokommerz Holding | Rússland | € 98 |
| Lehman Bro Int | Bretland | € 0,4 |
| | | **Alls: 31.974** |

*Upphæðir eru í milljónum evra. Heimild: Moody's.




**LANDSVIRKJUN** Forsvarsmenn Landsvirkjunar hafa skoðað útgáfu skuldabréfa í Bandaríkjadölum. Málið verður skoðað í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lýsa eftir áhuga á krónubréfum

**Seðlabankinn hefur veitt erlendum krónubréfaeigendum heimild til að fjárfesta í íslenskum skuldabréfum. Búist er við að Landsvirkjun brjóti ísinn.**

„Við höfum fylgst með málinu síðan fyrir áramót og munum hafa samband við Seðlabankann í fyrramálið [í dag] enda stefnum við á að gefa út skuldabréf í Bandaríkjadölum," segir Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsvirkjunar.

Seðlabankinn auglýsti í gær eftir fyrirtækjum sem hafa áhuga á því að taka erlend lán í krónum og greiða þau til baka í erlendri mynt. Lánin koma úr ranni krónubréfaeigenda sem festust inni með stöður sínar í Seðlabankanum þegar gjaldeyrishöftin voru sett á seint á síðasta ári. Við það var þeim óheimilt að innleysa bréfin. Heimild hefur hins vegar verið fyrir útflæði á vaxtagreiðslum vegna krónubréfanna en það hefur átt hlut að veikingu krónunnar síðustu vikur.

Greining Íslandsbanka segir líklegt að talsverður áhugi muni reynast af hálfu íslenskra fyrirtækja að taka lán sem þessi.

Í umræðunni hefur verið að skuldabréf Landsvirkjunar geti hljóðað upp á allt að 50 milljarða króna og geti í kjölfarið undið hratt ofan af krónubréfastöðum í Seðlabankanum. Horft er til þess að gengi krónunnar styrkist í kjölfarið.

Stefán segir enga ákvörðun hafa verið tekna um það hversu hátt skuldabréf Landsvirkjunar verði.

Seðlabankinn er einungis að veita möguleika á undanþágu frá reglum um gjaldeyrisfærslur. Fari það eftir markaðnum hversu hratt vindi ofan af krónubréfunum, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum.

Skilyrði fyrir lántökunni eru þau að lánin verði tekin til sjö ára hið minnsta og að fyrirtækið hafi fyrirsjáanlegar tekjur í erlendum gjaldeyri sem nægi til að standa skil á greiðslum vegna lánsins.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá hefur verið rætt við fjölda fyrirtækja með starfsemi hér síðan fyrir áramót vegna stöðunnar, þar á meðal Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls, stoðtækjafyrirtækið Össur og Marel Food Systems auk þess sem sjávarútvegsfyrirtæki komi til greina. Forráðamenn fyrirtækjanna munu horfa til þess að skuldabréfin standi straum af innlendum kostnaði og uppbyggingu, jafnvel álvers, en greiði til baka í uppgjörsmynt sinni.

**jonab@markadurinn.is**




# Kaupþing tapar með Storebrand

Norska tryggingafélagið Storebrand tapaði 733 milljónum norskra króna á fyrsta ársfjórðungi. Það jafngildir fjórtán milljörðum króna.

Talsverð vonbrigði voru með uppgjörið en norski fréttavefurinn e24 hafði í gær eftir sérfræðingum að það yrði ekki meira en 160 milljónir norskra króna. Napur raunveruleikinn varð hins vegar 340 prósentum verri en spáð var.

Gengi hlutabréfa í tryggingafélaginu féll um 11,54 prósent í kauphöllinni í Ósló í Noregi í gær og endaði gengi hlutabréfa þess í 23 norskum krónum á hlut. Markaðsverðmæti félagsins nam ellefu milljörðum norskra króna í byrjun dags og gufaði því rúmur milljarður úr bókum hluthafa.

Kaupþing á enn tíund í félaginu, beint og óbeint. Gengistapið í gær, sem strikast væntanlega úr bókum skilanefndar, nemur hundrað milljónum norskra króna (um tveimur milljörðum íslenskra.) **- jab**


TAL
6 vinir
óháð kerfi
Veldu 6 gsm eða heimasímanúmer fyrir 0 kr. mínútuna.
Allur Pakkinn
frá 3.990 kr. á mánuði
Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm
HEIMASÍMI
NET
GSM


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1359
KS LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.
1359
KS LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.
1398
KS LAMBAHRYGGUR FROSINN
1398 kr./kg.
998
N.F BLEIKJUBITAR BEINHREINSAÐIR
998 kr./kg.
Fiskbúðin okkar
798
FERSK ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS
798 kr./kg.
1298
N.F BLEIKJUFLÖK TERYAKI MARINERUÐ
1298 kr./kg.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
1298
GRASBÆTIR
5 KG 1298 kr.
10 KG 1998 kr.
flúðamold
398
ÍSLENSK FLÚÐAMOLD
20 LÍTRA POKI 398 kr.
698
SALTAÐ HROSSAKJÖT
3 KG Í FÖTU AÐEINS 698 kr.
1798
KS FERSKT LAMBAPRIME
1798 kr./kg.
TILBOÐ 50% MEIRA MAGN - SAMA VERÐ
179
MYLLU SAMLOKUBRAUÐI
770 gr 179 kr.
198
BÓNUS SMÁBRAUÐ 198 kr.
197
MYLLU BEYGLUR 197 kr.
219
MYLLU HVÍTLAUKSBRAUÐ 219 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS 1989 - 2009
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.
1078
KS LAMBALÆRI FROSIÐ
1078 kr./kg.
219
SAFARÍK RAUÐ EPLI
NÝ UPPSKERA FRÁ ARGENTÍNU
219 kr./kg.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.
298
KS LAMBASVIÐ FROSIN
298 kr./kg.
98
489
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr
BÓNUS PYLSUR 10 STK
489 kr./kg. PYLSAN CA 25 KR STK
BÓNUS
Kjúklingur
Kjúklingalundir
1598
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1598 kr./kg.
BÓNUS SNAKK
219
BÓNUS SNAKK 160 gr 219 kr.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
AÐEINS 20-25% FITA.
FITUMINNA EN ÖRBYLGJUPOPP.
Pipar sósa
Hvítlauks sósa
198
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR
hvítlauks og pipar 270 ml 198 kr.
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.
598
BÓNU ÍSPINNAKASSI 24 STK
598 kr. PINNINN 25 KR STK.
18
VÆNGIR
239
HOLTA FERSKIR KJÚLINGAVÆNGIR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 398 KR. 239 kr./kg.
6
498
BÓNUS WC PAPPÍR 18 RÚLLUR
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6 STK
498 kr. ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
298
BÓNUS FORSOÐNAR
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
900 gr 298 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tap og sköpun verðmæta:

## Ryð og mölur

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Hrun í veraldlegum eigum þjóðanna heldur áfram þrátt fyrir innilegar óskir áhugamanna um að gengi taki að hækka: eignirnar halda áfram að vera til staðar en verðmiðarnir breytast ört. Peningaeign er hratt að nálgast vaxtaleysið og þá er ekki tekið tillit til þessa gríðarlega taps sem er orðið á öðrum fjárfestingum: hlutafé, húsnæði, listaverkum, farartækjum, nánast allt það sem áður var verðlagt hátt hefur lækkað. Og framleiðslutækin eru ekki lengur arðbær: birgðir hlaðast upp, ál, stál, bílar, fiskur, mjöl. Í snaggaralegum samdrætti neyslunnar standa stjórnmálamenn og rekstraraðilar gáttaðir og bjargarlausir.

Hrun í hinum andlegu verðmætum þjóðanna fylgir í kjölfarið: nú er viðurkennt að gróðavonin hafi leitt okkur af leið. Óbilgirni og harka í eftirsókn lífsins gæða hafi verið villuljós, en eftir sitja eldri gildi magnlítil á skrauthillu: sanngirni, réttlæti, heiðarleiki og traust. Og enn gera menn sér von um að þeirra vegur verði eins og hann er í bókunum og minningunni.

Í þessu róti öllu hér í okkar litla samfélagi er uppi háværkrafa um að enn skuli gengið á forðann: ekki þykir annað en sjálfsagt að lífeyrisforðinn verði tekinn til handargagns þrátt fyrir harkalegt tap sjóðanna. Þá skal enn rýrður hlutur þeirra sem eiga enn fjármagn geymt í bönkum þótt verðfall krónunnar hafi étið upp stóran hluta eigna þeirra, rétt eins og verðmæti vinnu alls þorra manna hefur verið gengisfellt grimmilega. Og örþrota atvinnulífi í höndum eigenda og stjórnenda sem fóru svo illa að ráði sínu að þeir sóuðu eigin fé fyrirtækja sinna, skal nú almenningur bjarga með skattfé sínu, auknu framlagi í banka til að borga niður afskriftir á hin sömu fyrirtæki.

Sama lið og setti atvinnufyrirtækin á hliðina getur með engu móti hugsað sér að verst stöddu en þó starfhæf fyrirtæki lendi í eignarsýslufélögum utan bankanna sem þegar eru farnir að sýna merki þess að þar er mest hugsað um efnahagsreikninginn og útvalda skjólstæðinga en allan þorra þeirra sem leggja bönkunum til rekstrarfé með innlögnum og ríkisframlagi. Ekki verður með neinum hætti greint að spilling og klíkukerfi þrífist síður í bankarekstrinum en stöku eignaumsýslufélögum. En á það ráðslag reyndra manna erlendis frá skal ekki reynt.

Og svo fer fólk að brotna, heimilin að sundrast, eymdin og miskunnarleysið taka að gera vart við sig. Menn stinga af og hverfa. Og fáum dögum eftir kosningar styrkist sá almannarómur að sami rassinn sé undir því öllu, þingliðinu. Vonleysið magnast og fyrirlitningin eykst.

Þá dugar harla lítið að ráðamenn þingmeirihlutans brosi breitt og tilkynni þjóðinni að þeim líði ljómandi vel þann daginn. Langdregin og óskýr stjórnarmyndun er óþolandi, óskiljanleg og óafsakandi. Kjósendur allir, og þó einkum þeir sem kusu þessa tvo flokka, eiga skýra kröfu á að stjórnarstefna verði lögð fram – ekki seinna en í gær og þjóðin upplýst um framhaldið. Því það er ekki nóg að gert og við erum ekki svo græn að halda að þetta reddist í þetta sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hlegið að fólki?**
Skúli Thoroddsen, formaður Starfsgreinasambandsins, ritaði grein í Fréttablaðið í gær um myndina Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason og Þorfinn Guðnason. Eins og kunnugt er deilir myndin á virkjanastefnu stjórnvalda undanfarin ár. Skúla líkaði myndin ekki; honum þykir höfundar hennar „gera grín að fátæku fólki fyrir austan“ og „hlæja að alþýðunni sem tekur fagnandi nýjum atvinnutækifærum“. Skúli spyr hvort myndinni sé beint gegn sér og sínum líkum „sem virða náttúruna að verðleikum og viljum virkja þann kraft sem í henni býr eins og bóndinn yrkir jörðina?“



**En hvað um bændurna?**
En til að komast að þeirri niðurstöðu að í myndinni sé gert gys að landsbyggðarfólki þarf Skúli að horfa fram hjá ýmsu sem þar kemur fram, til dæmis nokkrum viðtölum við bændur sem segja virkjanaframkvæmdir skemma möguleika sína til að yrkja jörðina. Eða eru þeir kannski í hópi þeirra sem virða ekki náttúruna að verðleikum?

**Engin æskudýrkun**
Góðu heilli er ekki æskudýrkuninni fyrir að fara á hinu Nýja Íslandi. Nýverið skipaði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra (f. 1942) nefnd sem á að meta hæfni umsækjenda um starf seðlabankastjóra. Formaður nefndarinnar er Jónas Haralz (f. 1919) en auk hans eiga sæti í nefndinni Guðmundur K. Magnússon (f. 1937) og Lára V. Júlíusdóttir (f. 1951). Meðalaldur nefndarinnar er því um 73,3 ár. Hún slær því við stjórn Þjóðmenningarhússins í þessum efnum. Í henni sitja Salome Þorkelsdóttir (f. 1927), Jóhannes Nordal (f. 1924), og Andri Snær Magnason (f. 1973). Meðalaldurinn þar á bæ er því snöggtum lægri, ekki nema 67,7 ár.



bergsteinn@frettabladid.is

# Ísland í meðferð



**ÞORVALDUR GYLFASON**
**Í DAG** | Ísland og AGS

Engum er minnkun að því að leggjast inn á Vog, öðru nær. Margir Íslendingar hafa kosið að fara í meðferð, sem hefur skilað álitlegum hópi manna góðum og varanlegum árangri. Margir fara að sönnu af seint af stað, draga það of lengi gegn ítrekuðum áskorunum aðstandenda og lækna. Vandinn hneigist til að ágerast um afneitunartímann. En þegar menn horfast loksins í augu við sjálfa sig, ástvini sína og aðra og leggjast inn, vaknar von um að sigrast á vandanum. Þá ríður á samheldni, trausti og úthaldi: að þrauka, þreyja þorrann, gefast ekki upp.

Ég er að tala um Ísland og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í apríl 2008 ráðlögðu ríkisstjórnir og seðlabankar nokkurra nálægra landa íslenzkum stjórnvöldum, samkvæmt heimildum, að leita til sjóðsins, þar eð efnahagsmál landsins voru þá bersýnilega að losna úr límingum. Það var þó ekki fyrr en eftir hrun bankanna í október, hálfu ári síðar, að íslenzk stjórnvöld játuðu sig sigruð og óskuðu eftir aðstoð sjóðsins. Hefðu þau hlýtt kallinu fyrr, hefði hugsanlega verið hægt að girða fyrir hrunið eða að minnsta kosti milda afleiðingar þess fyrir fólk og fyrirtæki. Samstaða virðist nú ríkja milli allra flokka á Alþingi um að halda eigi fast við samstarfið við sjóðinn. Utan þings heyrast þó ýmsar raddir efast um ágæti samstarfsins. Þær raddir eiga vísast eftir að hækka, þegar frá líður og kjaraskerðingin af völdum fyrirhugaðs aðhalds í fjármálum ríkisins til að ná endum saman verður tilfinnanlegri en orðið er.

**Meðferðin er óþörf!**
Sumir fjargviðrast út í AGS og finna honum ýmislegt til foráttu. Þeir eru í stöðu aðstandanda, sem kemur í heimsókn að Vogi til að reyna að sannfæra vistmanninn um, að meðferðin sé óþörf. Þá reynir á viðnámsþrótt og þrautseigju sjúklingsins. Hann lagðist inn af fúsum og frjálsum vilja, þar eð honum hafði reynzt um megn að leysa vanda sinn á eigin spýtur.

Reynsla annarra hefur sannfært hann um, að meðferðin getur hrifið. Hann þarf á því að halda bæði innan fjölskyldunnar og í vinnunni að ná fullum bata í krafti meðferðarinnar. Hann hefur sagt svo oft áður, ranglega, að hann hefði fulla stjórn á eigin málum, að honum er ekki lengur treyst. Hann þarf á vottun meðferðarheimilisins að halda til að sýna fjölskyldu, vinnuveitanda og öðrum, að hann sé hættur að drekka. Annars verður honum ekki trúað.

**Þú ert ekki frjáls!**
Með líku lagi gera sumir lítið úr stjórnvöldum og hamra á því, að AGS hafi öll ráð Íslands í hendi sér og að ríkisstjórnin og Seðlabankinn geti nú ekki um frjálst höfuð strokið. Þeir eru í stöðu aðstandanda, sem kemur í heimsókn á Vog til að brýna fyrir vistmanninum, að hann sé ekki lengur sjálfs sín herra og eigi því að strjúka úr vistinni. En vistmaðurinn okkar er á Vogi að eigin ósk, þótt frumkvæðið kæmi frá fjölskyldunni.

Hann lagðist þangað inn einmitt til að deila fullveldi sínu um tíma með læknum og öðru starfsfólki á Vogi, því að honum hafði að eigin dómi ekki haldizt nógu vel á óskoruðu fullveldi. Hann var ekki sviptur sjálfræði og lagður inn á spítala gegn vilja sínum. Þvert á móti sá hann sjálfur, að hann þarfnaðist hjálpar. Þess vegna lagðist hann inn.

**Skiptar skoðanir um vexti**
Íslenzk stjórnvöld þurftu á því að halda að biðja AGS um aðstoð, úr því sem komið var. Þau áttu ekki annarra kosta völ. Lánstraust Íslands í útlöndum þvarr við bankahrunið eins og hendi væri veifað. Erlendum viðskiptamönnum Íslands er ljóst, að vandi okkar nú er að mestu heimabakaður, þótt neistinn, sem kveikti bálið, bærist að utan. Greiðasta leiðin til að endurheimta traust og koma efnahag landsins aftur á réttan kjöl er að vinna með sjóðnum, af því að hann nýtur trausts úti í heimi, þótt hann sé auðvitað ekki óskeikull. Einkum er deilt hér heima um ráð hans (og Seðlabankans) í vaxtamálum. Sumir gagnrýnendur sjóðsins og aðrir líta svo á, að hávaxtastefna í gjaldeyriskreppu falli um sjálfa sig, þegar gengið fellur þrátt fyrir háa vexti og grípa þarf til gjaldeyrishafta.

Sjóðurinn verst með þeim rökum, að of mikil og ótímabær lækkun vaxta geti kallað á enn frekara gengisfall og torveldi afnám haftanna. Þennan hnút þarf að leysa, en meðferðin er eigi að síður nauðsynleg.

# Góð fjárfesting

**UMRÆÐAN**
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifar um Vinnuskóla Reykjavíkur



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

Í heimskreppunni miklu á fjórða áratug aldarinnar fylgdi mikið atvinnuleysi á Íslandi. Þeir sem höfðu fyrir fjölskyldu að sjá gengu fyrir þeirri vinnu sem bauðst. Unglingarnir mættu afgangi og atvinnuleysi þeirra á meðal varð nánast algjört.

Mörgum stóð ógn af hugsanlegum afdrifum ungdómsins og ráðamenn voru hvattir til aðgerða. Í kjölfarið setti bæjarstjórnin í Reykjavík í tilraunaskyni upp í vinnuskóla sem var fyrsti vísir Vinnuskólans eins og við þekkjum hann. Hann var þá starfræktur í skíðaskála Ármanns fyrir pilta og gert var ráð fyrir að piltarnir fengu 15 krónur að námskeiði loknu. Á stríðsárunum var mikið vinnuframboð og unglingar tóku þátt í ýmsum störfum en við lok fimmta áratugarins hafði aftur sótt í gamla farið fyrir stríð. Árið 1951 varð vinnuskólinn formlega til.

Borgarstjórn Reykjavíkur er stolt af því að nú, þegar líklegt er að færri störf standi unglingum til boða en áður, að allir unglingar í 8.-10. bekk fái starf í Vinnuskóla Reykjavíkur í sumar. Það er mikilvægt fyrir borgarbúa að unglingar geti gengið að starfi vísu hjá Vinnuskólanum og það er fagnaðarefni að borgarstjórn hafi tryggt þennan valkost.

Í vetur eru 4.500 nemendur skráðir í 8. -10. bekk grunnskóla í Reykjavík. Búist er við að 80-90% þeirra skrái sig í skólann sem er mun meira en 2008 en þá voru nemendur um 2.400. Það er því líklegt að unglingum í Vinnuskólanum fjölgi um tæplega 50% í sumar. Skráningu lýkur 24. maí.

Verkefni nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur lúta að viðhaldi, snyrtingu og fegrun umhverfisins. Leitast er við að ala með unglingunum ýmsar dyggðir svo sem skyldurækni, ábyrgðartilfinningu, reglusemi, stundvísi og góða umgengni. Þessi markmið hafa ekki mikið breyst, unglingarnir fá þjálfun við verkleg störf og þeir taka þátt í fræðslu sem eykur víðsýni.

Vinna nemenda er góð langtímafjárfesting. Það hefur gríðarlega sterkt forvarnargildi fyrir allt samfélagið að geta veitt unglingum uppeldis- og félagslegt skjól í Vinnuskólunum. Það er góð fjárfesting að skapa unglingum vinnu.

*Höfundur er formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

NÝ SENDING

**Sumarfrakkar**



~~Áður 19.900~~

**Nú 9.900**

Stærðir 10-24

2 týpur

Litur: svart

COSMO

Kringlunni




Jóhanna Símonardóttir heldur upp á hönnun Aftur-systra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Góð kápa í kokteilboðin

**Bleikköflótta kápan, sem eiginmaður Jóhönnu Símonardóttir gaf henni í jólagjöf fyrir þarsíðustu jól, sló svo rækilega í gegn að hún er enn uppáhaldsflíkin í fataskápnum, enda glæsileg, litrík og margbreytileg.**

„Ég fékk þessa bleikköflóttu ullarkápu í jólagjöf frá manninum mínum fyrir þarsíðustu jól. Þetta hefur verið mín uppáhaldsflík síðan,“ segir Jóhanna Símonardóttir, fjármálastjóri vefráðgjafafyrirtækisins Sjá ehf. „Aftur-systur eiga heiðurinn að þessari hönnun. Kápan er frekar síð, þannig að maður getur verið í hverju sem er innan undir, það skiptir ekki máli því maður lítur hvort sem er alltaf út fyrir að vera á leiðinni á ball.“

Jóhanna kann vel að meta hönnun þeirra Aftur-systra og á eina aðra flík úr þeirra smiðju. „Já, ég er yfirleitt mjög hrifin af því sem þær eru að gera. Kápuna var ég búin að sjá í búðinni hjá þeim löngu fyrir jólin. Ég fór þangað aftur og aftur, til að skoða hana og láta mig dreyma. Ég ætlaði nú ekki að kaupa hana en ég gat ekki hætt að hugsa um hana. Á einhvern dularfullan hátt frétti maðurinn minn svo af þessu og gaf mér kápuna í jólagjöf. Það er óhætt að segja að gjöfin hafi slegið í gegn það árið.“

Flíkurnar frá Aftur-systrum má oft bera á nokkra mismunandi vegu, eftir stað, stund og stemningu. „Mér finnst mjög skemmtilegt hvað þessar flíkur eru fjölnota. Ég á til dæmis svartan bol frá þeim sem hægt er að breyta í fínan kjól í einu handtaki. Ég er líka mjög ánægð með hann.“

Kápuna er líka hægt að nota sem slá og jafnvel kjól, til dæmis við sokkabuxur og háa hæla. Jóhanna notar hana þó oftar sem yfirhöfn við fínni tækifæri. Í vinnunni er hún yfirleitt hversdagslega klædd. „Við erum ráðgjafar í vef- og tölvumálum og höfum kannski meira frelsi í klæðaburði en margir aðrir.“ Fyrirtækið er sérhæft í að gera vefi notendavæna, passa upp á að þeir virki sem skyldi og notendur skilji þá vel og örugglega. Vinnan fer því mikið fram fyrir framan tölvuskjáinn og þá er betra að vera þægilega klæddur. „En það kemur samt fyrir að ég noti kápuna í vinnunni líka, til dæmis þegar maður þarf að mæta á fundi,“ bætir Jóhanna við. „Við þau tækifæri vill maður oft vera aðeins fínni en venjulega og þá kemur kápan að góðum notum. Og svo er hún mjög góð í kokteilboðin.“ *holmfridur@frettabladid.is*


TILBOÐSHELGI Í FLASH



JAKKAR/KÁPUR
30% AFSL.

- PEYSUR
  ÁÐUR 6.990.-
  NÚ 3.990.-
- KVARTBUXUR
  ÁÐUR 6.990.-
  NÚ 4.990.-
- SKOKKAR
  ÁÐUR 7.990.-
  NÚ 4.990.-

FLASH

LAUGAVEG 54
SÍMI: 552 5201

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst 8. maí n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# ;TÍSKA



**COCO CHANEL** eru gerð góð skil í nýrri kvikmynd í leikstjórn Anne Fontaine. Audrey Tautou leikur hina frönsku Coco sem var og er goðsögn í tískubransanum, en myndin gerist á yngri árum Coco, áður en hún varð fræg. Myndin var frumsýnd í Frakklandi 22. apríl.



Blái liturinn barst inn í tískulínu Johns Galliano.

Kóngablár silkikjóll frá Max Mara.

Sérstakur blár jakki að hætti Johns Galliano.

# Kóngablátt fyrir sumarið

**Blái liturinn stakk sér víða niður í tískusýningum fyrir vorið og sumarið. Helst bar á kóngabláum silkikjólum.**

Margir tískuhönnuðir, allt frá Gucci til Galliano, létu heillast af djúpbláum lit þegar þeir hönnuðu tískulínur sínar fyrir vorið og sumarið.

Blái liturinn er litur himins og hafs. Hann vekur upp tilfinningar stöðugleika og öryggis og því ekki að furða að svo margir einkennisbúningar til dæmis hjá flugfélögum og bönkum séu bláir, enda er mikilvægt að umhverfið kalli fram traust og rósemi.

Blái liturinn stendur einnig fyrir frið, trú og sannleika. Guðinn Óðinn klæddist blárri skikkju, María mey klæddist bláu og seinni tíma listamenn hafa málað Jesú í bláum klæðum þegar hann er að kenna lærisveinunum.

Ekki er ljóst hvort tískuhönnuðirnir hafa hugleitt þennan háleita bakgrunn bláa litarins, en eitt er víst að fallegur er hann, sá kóngablái. *solveig@frettabladid.is*



Skvísulegur kjóll frá Versace.



Hér glittir í blátt í töffaralegum klæðnaði frá Gucci.

Mjúkar línur í kjól úr tískulínu Martin Grant.

Fjaðraskreyttur skokkur við bláar leggings úr vor- og sumarlínu La Perla.


## „Skiptu um tösku“ ... um leið og þú skiptir um föt



*Með einu handtaki skiptir þú um „hlið“ á töskunni.*

Brún eða svört grunntaska, úrval af 25 glæsilegum hliðum – og þú átt rétta tösku við öll tækifæri.

**SUMARTILBOÐ:** *1 taska og 2 hliðar;* **Kr. 9.500,-**

*Allar nánari upplýsingar á* ***www.taska.is***

**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**



**Plokkari með ljósi**



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

**Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar**



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*

**ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir**

# Flott föt
## fyrir flottar konur

belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

## Ítalskir gæðaskór



Light Step by Gisport
á dömur & herra

St: 41-47
St: 39-47
Allir með dempun í hæl
St: 40-47

xena
GLÆSIBÆ S: 553 7060



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Á snældu skaltu stinga þig

Í eina tíð þótti prjónaskapur afskaplega sveitalegur og helst tengdur við lopapeysur. Og þrátt fyrir að lopapeysur hafi fyrir nokkru fengið uppreisn æru og verið teknar inn í iðandi heim tískunnar, ekki síst fyrir ný snið og þynnri lopa, þá er prjónatískan nú annað og meira.

En svo er fleira en prjónaðar flíkur sem á upp á pallborðið um þessar mundir, það er allt sem í höndum er unnið eins og bútasaumur svo dæmi sé tekið. Sama má segja um útsaum sem gjarnan skreytir nú flíkur svo ekki sé minnst á ísaumaðar perlur og steina. Einnig færist heimasaumur í vöxt. Vissulega fer það vel saman við slæmt árferði og kreppu en það nægir þó ekki til að skýra út þennan áhuga, því prjóna- og saumaskapur hélt innreið sína töluvert á undan kreppunni.

Það eru ungir tískuneytendur sem hafa tekið upp þennan heimaheklaða stíl og nú þykir til dæmis ekkert flottara en heimagerðir fylgihlutir. Í dag eru það svo karlmenn sem setjast við prjónaskap, fara jafnvel á námskeið og taka þátt í hraðprjónakeppnum eins og konur. Það heitasta hjá prjónaáhugafólkinu eru svokölluð prjónakvöld sem fara fram á flottum börum í bland við frumlega kokteila og elektró-tónlist. Það er því ekki svo galið að hekla sjöl í fimmtugsafmælisgjafir.

Í febrúar síðastliðnum var haldin árleg saumasýning og kaupstefna í Vilette-sýningarhöllinni í París undir yfirskriftinni „Saumnálar í hátíðarskapi“. Yfir þrjátíu þúsund gestir heimsóttu sýninguna því nú vilja allir sauma. Á nokkrum árum hefur fjöldi sýnenda farið úr 60 í 200 og fyrir þessa sýningu dugir nú ekkert minna en 2.000 fermetra sýningarsvæði. Á sama tíma spretta upp eins og gorkúlur verslanir í keðju sem heitir La Droguerie og opnar um land allt. Þessar verslanir eru eins og Vogue-búðir sem flestir þekkja, með metravöru, efni og allt það sem tengist saumaskap.

Meira að segja konsept-búðin Chez Colette, sem er ómissandi viðkomustaður tískuáhugafólks í París, hefur nýlega sett á markað línu sem kallast Wool and the Gang. Þetta er tískulína með prjónuðum ullarvörum úr hágæðaefnum. Verðið er því ekki endilega lægra á prjónavörunum því frumleiki og það að varan er oft handunnin skiptir meira máli. Hún hentar vel þeim sem ekki vilja fjöldaframleidda vöru frá Asíu sem oft leikur vafi á hver hafi framleitt og við hvaða aðstæður.

En rúsínan í pylsuendanum er svo að það er einstaklega róandi að prjóna og jafnast á við íhugun eða slökunarmeðferð. Hver segir svo að jóga sé upphaf og endir alls til að ná andlegu jafnvægi þegar nægir að taka fram prjóna eða nál.

*bergb75@free.fr*


Fágun og glæsileiki KAREN MILLEN



KRINGLAN s. 512-1735 | SMÁRALIND s. 534-1740



DANSSTUDIO JSB

# Sumar hjá Dansstudio JSB

**Innritun hafin!**



EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

## Ný námskeið hefjast 19.maí 2009

***Skráning í síma 581 3730 og á jsb@jsb.is***

**Street dans – Hip hop**
**Námskeið fyrir stelpur og stráka, 14 ára og eldri**
Tímabil: 19. maí – 11. júní
Kennt 3x í viku, 75 mínútur í senn:
Þriðjudaga kl. 19:40, fimmtudaga kl. 20:00 og föstudaga kl. 17:40
Kennari: Ragna Þyrí Guðlaugsdóttir
***Verð: 18.900 kr.***

**Klassískur ballett – Modern Jazz**
**Framhaldsnemendur 13 ára og eldri**
**Upplagt til að skerpa tæknikunnáttuna og halda sér í formi**
Tímabil 8. – 29. júní
4 x 90. mín kennslustundir í viku
**Klassískur ballett:** Mánudaga og miðvikudaga kl.17:30 – 19:00
Kennari: María Gísladóttir
**Modern Jazz:** Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18:30 – 20:00
Kennari: Ásdís Ingvadóttir
***Verð 25.000 kr.***



Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.

**Jazzdans - Danspúl**
**Frábær blanda af dansi og líkamsrækt**
Tímabil 1: 8. júní – 2. júlí
Kennarar: Unnur Gísladóttir og Irma Gunnarsdóttir
Tímabil 2: 4. ágúst – 30. ágúst
Kennarar: Sandra Ómarsdóttir og Þórdís Schram
Kennt er 3x í viku, 60 mínútur í senn
**Jazzdans:** mánudaga kl. 18:40 og þriðjudaga kl. 17:40
**Danspúl:** fimmtudaga kl. 18:40
***Verð 17.000 kr.***

ATH! Þeir sem skrá sig á tvö tímabil fá annað tímabilið á hálfvirði og aðgang að líkamsræktartímum í allt sumar!
***Aðeins 25.500 kr. fyrir bæði tímabilin***

**Klassískur ballett – Nútímadans**
**Stutt og krefjandi námskeið fyrir lengra komna, 15 ára og eldri**
Tvöfaldir tímar, kennt 5 daga vikunnar
**Klassískur ballett** 75 mín. **Nútímadans** 75 mín.

Tímabil: 10. ágúst – 19. ágúst
Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 17:40 – 20:10
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18:30 – 21:00
Kennarar: María Gísladóttir og Andreas Elía Constantinou
***Verð: 23.500 kr.***

DANSLISTARSKÓLI JSB

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732*
*jsb@jsb.is • www.jsb.is*

**BJARTIR LITIR** einkenna vorið. Auk þess endurspeglar þessi árstími endurnýjun. Þegar vorhreingerningin er að baki er því um að gera að fríska upp á heimilið með blómum eða fjarlægja vetrarlitina og setja skæra liti í staðinn,.



# Kryddrækt undir stiganum

**Með vatnsræktarkerfi, fljótandi áburði og viðeigandi ljósaperum er auðvelt að rækta eigið grænmeti og kryddjurtir allt árið um kring. Jafnvel undir stiganum eða í geymslunni. María Norðdahl í versluninni InniGörðum við Dalveg í Kópavogi er sérfróð um þessi efni.**

„Í vatnsrækt er ekki notuð nein mold, bara vatn, leirkúlur, tilheyrandi næring, birta og hiti. Því er hægt að hafa ræktunina á ganginum, úti í bílskúr, sólskálanum eða hvar sem er. Ég hef ekki keypt kirsuberjatómata í heilt ár heldur rækta þá í herbergi heima hjá mér,“ segir María og býður upp á safaríka tómata sem bragðast vel.

Það var sonur Maríu, Pétur Þórisson, sem hóf innflutning á vatnsræktarkerfunum í árslok 2007 og að sögn Maríu hefur salan aukist jafnt og þétt. Kerfin fást í ýmsum stærðum og gerðum, eru einföld í notkun og létt í þrifum.

Minnsta kerfið tekur bara fjórðung úr fermetra og kostar um 15.000 krónur. „Ein vinkona mín setti slíkan pott undir stigann hjá sér og ræktar þar 6-8 kryddtegundir,“ lýsir María. Hún segir algengt að konur heillist af ræktunarmöguleikunum og karlar af tæknibúnaðinum.

„Einn af fyrstu viðskiptavinunum okkar sér stórfjölskyldunni fyrir grænmeti en var ekkert að spá í ræktun áður. Það var bara tæknin sem höfðaði til hans,“ segir hún og telur að með 20 potta kerfi sé auðvelt að sjá fjögurra manna fjölskyldu fyrir nægu salati.

Ræktunin byggist á hringrás vatnsins enda er það alltaf á ferðinni og verður því súrefnisríkt. Sett er smá næring í það og með minnsta kerfinu fylgir áburður sem dugar í tvö og hálft ár. En skyldu perurnar taka mikið rafmagn? „Undir 125 vatta peru er hægt að vera með ferskt grænmeti inni í geymslu. Auðvitað nýtir fólk glugga ef þeir eru til staðar því ekkert er eins gott og dagsbirtan en ef ekki er aðgangur að henni þá bjóðast aðrir möguleikar,“ segir María. Vefsíða fyrirtækisins er www.innigardar.is.

*gun@frettabladid.is*



„Með tuttugu potta kerfi er auðvelt að sjá fögurra manna fjölskyldu fyrir nægu salati,“ segir María Norðdahl innan um gróðurinn í InniGörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Pétur hóf að flytja inn vatnsræktarkerfi fyrir einstaklinga og stofnanir í árslok 2007.



Áburðurinn er að sjálfsögðu í fljótandi formi.



Tómatar þrífast vel í vatnsræktarkerfi.


White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



Þurrkari
- 10 kg -

Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

bfo.is
Þjónustuverkstæði fyrir eftirtaldar bifreiðar
reynsla – þekking – góð þjónusta
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Hópferðamiðstöðin Vesttravel TREX Travel Experiences

TREX - HÓPFERÐAMIÐSTÖÐIN
HÓPFERÐABÍLAR FYRIR ALLS KONAR HÓPA!
VIÐ HÖFUM EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HÓPFERÐABÍLUM (RÚTUM) AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM.

SUMARSÓLSTÖÐUFERÐ 17. - 21. JÚNÍ: STRANDIR - DJÚP
5 daga rútu- og skoðunarferð með leiðsögn um heillandi vestfirska náttúru og söguslóðir í samvinnu við Ferðafélag Íslands. M.a. farið um Snæfjallaströnd, Æðey, Kaldalón og Strandir. Útsýnissigling í Reykjarfjörð og undir Hornbjarg. Einstök ferð.

VERÐ. 70.000 KR OG MIKIÐ INNIFALIÐ. PANTIÐ STRAX.

Trex - Hópferðamiðstöðin, Hesthálsi 10, 110 Reykjavík, sími: 587 6000 www.trex.is info@trex.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Barnavagnavika FÍ
11. – 15. maí

Gönguferðir fyrir barnafólk með barnavagna og kerrur, alla daga vikunnar 11. – 15. maí. Léttar, skemmtilegar gönguferðir, góð hreyfing og góður félagsskapur. Allar gönguferðir hefjast klukkan 16.00
Fyrsta gönguferðin er frá Perlunni og er gengið um Öskjuhlíð. Dagskrá barnavagnavikunnar má sjá á heimasíðu FÍ www.fi.is

Fararstjórar: Auður Kjartansdóttir og Páll Guðmundsson

Þátttaka er ókeypis, allir velkomnir.

Ferðafélag Íslands
Skráðu þig inn – drífðu þig út
www.fi.is

# atvinnutæki 2009

FIMMTUDAGUR 7. MAÍ 2009





Þorsteinn telur að líkt og með aðrar atvinnugreinar eigi eftir að lifna yfir vinnuvélamarkaðnum á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Frábært framtak sem eflir samstöðu

„Mér finnst þetta alveg frábært framtak hjá þeim, sem verður hugsanlega til að efla samstöðu og minna bransann á að vor er í lofti," segir Þorsteinn Magnússon, ráðgjafi á fyrirtækjasviði Lýsingar, sem er annar styrktaraðili Atvinnutækja 2009. „Við vonumst til að menn nái þarna að hittast og spjalla og gleyma erli hversdagsins."

Þorsteinn segir að þótt ástandið síðustu mánuði hafi ekki verið gott frekar en í öðrum atvinnugreinum vænti hann þó framfara eftir því sem líður á árið. „Með hækkandi sól á klárlega eftir að lifna yfir markaðnum eins og öðrum atvinnugreinum. Stór verkefni eru þegar farin í útboð og önnur á leiðinni. Sem dæmi má nefna að 2009 verður með stærri árum hjá Vegagerðinni," bendir hann á.

Lýsing hefur árum saman átt í viðskiptum við fjölda aðila innan innflutnings- og verktakaiðnaðarins og lætur Þorsteinn vel af samstarfinu. „Við ráðgjafarnir höfum átt í nánu og góðu samstarfi við þessa aðila og reynum að þekkja rekstur þeirra eins vel og unnt er. Þetta er mjög skemmtilegur bransi og alveg bráðskemmtilegir karlar."

Að hans sögn ætla starfsmenn Lýsingar því ekki að láta sitt eftir liggja á Atvinnutækjum 2009. „Nei, við ætlum að taka þátt í sýningunni af fullum krafti. Mætum á svæðið og verðum þátttakendum, gestum og gangandi innan handar." - rve




# Gamla strætólóðin

Stórsýning innflytjenda vinnuvéla og leigufyrirtækja verður haldin í dag og morgun á Kirkjusandi í Reykjavík.

Á sýningunni verða sýndar vinnuvélar ásamt öðrum atvinnutækjum og tilheyrandi fylgihlutum. Markmiðið er að fagna sumri og sýna verktökum og áhugamönnum um vinnuvélar að enn sé líf og kraftur í fyrirtækjum þátttakenda.

Tíu aðilar hafa ákveðið að taka þátt í sýningunni. Þeir eru: Armar ehf., Glóbal tæki ehf., Íshlutir ehf., Kraftvélar ehf., Kraftvélaleigan ehf., Leiguvélar ehf., Vélaborg ehf., Vélaver ehf. og Vinnulyftur ehf.

Styrktaraðilar eru Íslandsbanki fjármögnun og Lýsing ehf.

Sýningarsvæðið verður á „gömlu strætólóðinni" á Kirkusandi. Aðstandendur benda á að hægt sé að leggja bifreiðum inni á sýningarsvæðinu. Ekið er inn á það frá Sundlaugarvegi.

Sýningin verður eingöngu opin fyrir boðsgesti í dag frá klukkan 17 til 21 en verður opin almenningi á morgun frá klukkan 12 til 18.

**Útgefandi:** Innflytjendur vinnuvéla **Ábyrgðarmenn:** Björn Jónsson, Magnús Ingþórsson, Sveinn M. Sveinsson **Ritstjóri:** Roald Eyvindsson **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir s. 512 5462.



„Við hvetjum sem flesta til að mæta," segir Magnús. Frá vinstri: Björn Jónsson Kraftvélum, Guðbjörn Árnason Íslandsbanka, Sveinn M. Sveinsson Vélaborg, Ólafur Erlingsson Leiguvélum, Magnús Ingþórsson Vélaver, Sigurður Þorsteinsson Kraftvélaleigunni og Auðunn Guðmundsson Örmum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Horft fram á veginn

**Innflytjendur atvinnu- og leigutækja blása til sóknar með vinnuvélasýningunni Atvinnutæki 2009 sem verður opnuð í dag.**

„Með þessu móti viljum við vekja athygli á þessari atvinnugrein, horfa fram á veginn og blása til sóknar. Nú eru vorið og sumarið fram undan og tími verklegra framkvæmda," segir Magnús Huldar Ingþórsson, forstjóri Vélavers, um vinnuvélasýninguna Atvinnutæki 2009, sem haldin er fyrir boðsgesti á Kirkjusandi í Reykjavík í dag frá klukkan 17 til 21 og fyrir almenning á morgun frá klukkan 12 til 18.

Atvinnutæki 2009 er stórsýning tíu innflytjenda atvinnutækja, fjármögnunar og leigutækja, þar sem 80 til 100 vélar, tæki og tól verða til sýnis. Að sögn Magnúsar er um að ræða eina af veglegri sýningum á atvinnutækjum hérlendis og eru að minnsta kosti tíu ár síðan aðilar innan vinnuvélageirans tóku sig saman í þessum tilgangi. „Áður voru haldnar árlegar sýningar á svokölluðu Þróttarplani. Menn ákváðu að snúa nú bökum aftur saman til að gera þessa sýningu sem allra veglegasta."

Magnús segir það hagsmunamál aðstandenda Atvinnutækja 2009 og fjölda annarra aðila innan verktakaiðnaðarins að halda ákveðnum, verklegum framkvæmdum gangandi í landinu, þar sem þær geti skapað þúsundir starfa. Með þessari sýningu vilji aðstandendurnir leggja sitt af mörkum til að skapa jákvætt umhverfi og styðja við þjónustu í þessari atvinnugrein.

„Vissulega er staðan sú að umhverfi fyrirtækja í landinu, þar á meðal innflutnings- og verktakafyrirtækja, gæti verið betra, en það gildir svo sem um öll fyrirtæki í landinu," segir hann. „Fyrirtækin skortir hér í fyrsta lagi raunhæfa gengisskráningu, vexti og betra aðgengi að lánsfé. Á það meira og minna við um öll fyrirtæki og einstaklinga ekki síður."

Magnús bendir á að þrátt fyrir neikvæða umræðu undanfarna mánuði megi heldur ekki gleyma að fram undan eru miklar verklegar framkvæmdir í landinu. „Til dæmis stóru vegagerðarverkefnin og svo standa orkufyrirtæki og sveitarfélögin fyrir fjölda framkvæmda. Þannig að mikið er í pípunum. Við höfum því vissulega væntingar um að staðið verði við þau loforð sem hafa verið gefin um verklegar framkvæmdir af hálfu ákveðinna aðila," segir hann bjartsýnn í bragði.

Eins og fyrr segir verður Atvinnutæki 2009 opnuð almenning klukkan 12 á morgun og stendur fram til klukkan 18. Aðgangur að sýningunni verður ókeypis. - rve

# Gott samstarf í meira en 25 ár

„Þarna er klárlega verið að spyrna við fótum, sameina kraftana og vinna þétt saman," segir Helgi Björn Kristinsson, forstöðumaður ráðgjafar- og sölusviðs viðskiptabanka Íslandsbanka, um sýninguna Atvinnutæki 2009 sem verður opnuð í dag.

Íslandsbanki er annar tveggja styrktaraðila að sýningunni og eftirláta aðstandendum sýningarsvæði. Að auki hefur bankinn átt í farsælu samstarfi við aðila innan verktakaiðnaðarins í meira en 25 ár. „Þess vegna vildum við koma að þessu með einum eða öðrum hætti, til að blása eins miklu lífi og hægt er í þennan markað," segir Helgi.



Helgi Björn Kristinsson hjá Íslandsbanka, sem er annar tveggja styrktaraðila að sýningunni, á Kirkjusandi þar sem sýningin verður opnuð boðsgestum síðar í dag og almenningi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann telur eina leið út úr efnahagsþrengingum þjóðarinnar vera að hefja eins miklar framkvæmdir og mögulegt er. „Og þá bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Það er auðvitað alveg ljóst að vor og sumar eru vertíð, til dæmis í jarðvinnu, og þess vegna mikilvægt að við fáum sem mest úr sumrinu."

Helgi segir verktaka þegar hafa brugðist við efnahagsþrengingunum með ýmsu móti, til dæmis með sölu á gríðarlegu magni tækja úr landi. „Það er hins vegar á tæru að við verðum að hafa tæki á Íslandi til að geta sinnt framkvæmdum. Þetta snýst auðvitað ekki aðeins um verktaka, heldur um fjölskyldur og heimili í landinu."

Helgi segist skilja vel stöðuna sem verktakar eru í. „Það hafa skipst á skin og skúrir hjá fjármögnunarfyrirtækjum síðustu 25 ár. Nú reynir auðvitað á verktaka, banka og sveitarfélög og auðvitað erfitt ætli allir að halda að sér höndum. Tilgangurinn með sýningunni er liður í því að snúa vörn í sókn." Hann bendir á að ráðgjafar Íslandsbanka komi til með að verða á sýningunni. „Þetta er góður vettvangur fyrir okkur til taka púlsinn og spjalla við menn um allt milli himins og jarðar." - rve



# Gömul verð á nýjum tímum

## Nýr Renault Mascott Langur 3,5T Grindarbíll

**DCI 150 -2,5 disel, 146 hö.**
ABS bremsukerfi, Dráttarkúla, Fjarstýrðar samlæsingar, Rafdrifnar rúður, Bætt fjöðrun að aftan. Tvöföld dekk að aftan. Burðargeta 1.366 Kg. Þá þarf ekki meirapróf. Hægt að auka burðargetu upp í 4,2 tonn. Hjólhaf 4,630 m.

*Listaverð ekki fáanlegt*
**Okkar verð: 6.950.000,- með vsk. 5.582.240,- án vsk.**
**TIL Á LAGER**



## Nýr Renault Master L2H2 millilangur með háþekju:

2,5L disel, Tauáklæði, rafm. rúður, samlæsingar, ABS bremsukerfi, plata í botni, skilrúm með glugga, 270° opnun á afturhurðum.

*Listaverð með þessum búnaði 5.600.000,- með vsk.*
**Okkar verð: 4.227.000,- með vsk. 3.395.000,- án vsk.**
**Þú sparar 1.373.000,-**
**TIL Á LAGER**



## Nýr Renault Trafic L1H1 stuttur:

**DCI 90 - 2,0L diesel, 90 hö.**
tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, ABS bremsukerfi, Útvarp / CD með aðgerðarhnöppum í stýri, gluggar með rúðuþurkum að aftan, skilrúm með glugga, plataí botni.

*Listaverð ekki fáanlegt*
**Okkar verð: 3.224.550,- með vsk. 2.590.000,- án vsk.**
**TIL Á LAGER**

**DCI 115 - 2,0L diesel, 117 hö.**
tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, ABS bremsukerfi, útvarp / CD með aðgerðarhnöppum í stýri, gluggar með rúðuþurkum að aftan, skilrúm með glugga, plataí botni.

*Listaverð með þessum búnaði 3.900.000,- með vsk.*
**Okkar verð: 3.349.050,- með vsk. 2.690.000,- án vsk.**
**Þú sparar 550.950,-**
**TIL Á LAGER**

**DCI 150 - 2,5L diesel, 146 hö.**
tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, ABS bremsukerfi, útvarp með aðgerðarhnöppum í stýri, loftkæling.

*Listaverð ekki fáanlegt*
**Okkar verð: 3.598.050,- með vsk. 2.890.000,- án vsk.**
**TIL Á LAGER**

**Trafic Við eigum þrjár vélastærðir í Trafic bílana.**



Miðað við verðlista 8.4.2009.

**www.sparibill.is**

SPARIbill

**FISKISLÓÐ 16 - GRANDA.**
**SÍMI: 577 3344**



Grafið fyrir fráveitulögn við Klettavík í Borgarnesi. MYND/OR



Niðurgrafin dælustöð fráveitu rís við Brúartorg í Borgarnesi. MYND/OR

# Lífrænar hreinsistöðvar á Vesturlandi

**Hreinsun strandlengjunnar í Borgarbyggð og á Akranesi og uppsetning lífrænna hreinsistöðva í þorpunum í uppsveitum Vesturlands er á dagskrá Orkuveitu Reykjavíkur í sumar.**

Verkið var boðið út fyrr á árinu og nær til fráveitukerfis og hreinsistöðva í Borgarnesi, á Akranesi, og á Kjalarnesi. „Þetta er stærsta umhverfisverkefni sem ráðist hefur verið í á Vesturlandi,“ segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar.

Á Akranesi, í Borgarnesi og á Kjalarnesi er verið að reisa hreinsistöðvar ásamt fjölda niðurgrafinna dælustöðva og marga kílómetra af fráveitulögnum. Einnig er verið að leggja vatnsveitulagnir á Akranesi og í Borgarnesi og bakrásarlögn Hitaveitu í Borgarnesi.

Hafin var vinna við verkið snemma árs 2008 og var Ístak með lægsta tilboðið. Um hundrað manns hjá Ístaki unnu við verkið í vetur og er gert ráð fyrir að þeir verði um 60 til 70 í sumar.

Upphaflega var stefnt á að ljúka framkvæmdunum árið 2009 en vegna efnahagsástandsins hefur verið teygt á framkvæmdunum. Má vænta þess að þeim ljúki árið 2010.

Útrásir frá hreinsistöðvunum sem ná upp undir kílómetra á haf út verða einnig lagðar á hverjum þessara staða árið 2010. Dagleg losun um núverandi útrásir þessara bæja munu því heyra sögunni til. „Þetta er mikið þarfaverk. Við þetta hverfa skólpstútarnir sem hafa staðið í fjörunum á Skaganum og í Borgarnesi og þá fara menn loks að búa við sama ástand þar og í höfuðborginni,“ segir Eiríkur.

Í sumar er líka unnið að því að reisa lífrænar hreinsistöðvar á fjórum stöðum á Vesturlandi. Bygging er hafin á Bifröst, jarðvegsframkvæmdir hafnar í Reykholti og Varmalandi, og Hvanneyri mun svo fylgja í kjölfarið. Þar er gengið lengra í hreinsun fráveituvatnsins en gert er við strendurnar þar sem hafið tekur við. Það er Borgarverk sér um þær framkvæmdir og vélbúnaðinn sér Vélaverk um. Stefnt er að því að taka lífrænu hreinsistöðvarnar í notkun í vetur. *-hhs*



# AUKTU FRAMLEIÐNINA
# TAKTU TRIMBLE Í NOTKUN




*Íslenskir verktakar setja traust sitt á Trimble*




Aðferðir við framkvæmdir hafa tekið stakkaskiptum og munu aldrei verða hinar sömu og áður. Að bæta staðsetningu inn í framkvæmdir og hönnun er auðvelt og getur aukið mjög afkomu í hverju verki. Þessi tækni getur borgað sig upp á fyrsta verki...ef réttur búnaður er valinn.

**Trimble: Leiðtogi tækniframfara á framkvæmdasviði.**

ÍSMAR

Síðumúla 28 | 108 Reykjavík
Sími 510 5100 | ismar@ismar.is

Trimble
Authorized Dealer

ÍSMAR hf, Síðumúla 28, 108 Reykjavík, Sími 510-5100 Fax 510-5101 © Copyright 2008 Trimble Navigation Limited. All rights reserved. PN TC-053-IS (01/08)



Framkvæmdir ættu að hefjast síðsumars.

# Fyrsti kafli boðinn út í júní

„Fyrsti kafli tvöföldunar Suðurlandsvegar verður boðinn út í júní og ættu framkvæmdir að hefjast síðsumars miðað við það,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, en um er að ræða fimm kílómetra kafla frá Lögbergsbrekku að Litlu kaffistofunni. Talið er að um ár taki að ljúka fyrsta áfanganum og verður einum milljarði króna ráðstafað í verkið.

Samkvæmt áætlun sem samgönguráðherra kynnti í lok mars verður leiðin frá Reykjavík til Selfoss 2+2 vegur að undanskildum kafla frá Litlu kaffistofunni yfir Hellisheiði og að Kambabrúnum, sem verður 2+1.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hafði kynnt áætlun sem gerði ráð fyrir 2+2 vegi alla leið en meta þurfti hlutina upp á nýtt í ljósi efnahagsástandsins.









## Íslandskort sem sýnir helstu nýframkvæmdir um síðastliðin áramót




# Vegir byggðir og bættir

**Framlög til vegamála á þessu ári eru með því mesta sem hér hafa sést. Mörg stór verk eru í gangi og önnur á teikniborðinu. Rögnvaldur Gunnarsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar, leit í huganum yfir landið.**



„Peningarnir fara í ýmsar áttir en um 20 milljarðar eru ætlaðir í nýframkvæmdir þannig að það er fullt að gera fram undan,“ segir Rögnvaldur og bendir á heimasíðuna www.vegagerd.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Stærstu framkvæmdirnar sem nú er unnið að af hálfu Vegagerðar eru jarðgöngin, Héðinsfjarðargöng fyrir norðan og Óshlíðargöng fyrir vestan,“ byrjar Rögnvaldur frásögn. „Héðinsfjarðargöngin eru tvískipt og búið að sprengja í gegn en frágangi lýkur ekki fyrr en á næsta ári. Í Óshlíð er búið að sprengja um 60 prósent ganganna.

Tvö stór verkefni í viðbót eru á Vestfjörðum. Annað í Djúpinu sem styttir leiðina til Ísafjarðar og hitt er nýr vegur um Arnkötludal sem tengir Reykhólasveitina við Strandir.“

Önnur viðamikil verk sem Rögnvaldur nefnir eru Hólaskarðsvegur sem liggur um Melrakkasléttu og tenging frá honum norður til Raufarhafnar og vegur frá hringveginum út að Dettifossi. Hann var boðinn út í fyrra og verður haldið áfram með hann í sumar. Lengsti malarkafli landsins á hringveginum er um Breiðdalsheiði og Skriðdal. Nú á að stytta hann um 11 kílómetra að sögn Rögnvaldar með lagningu bundins slitlags í Skriðdal. Þá er unnið að nýjum vegi í Hamarsfirðinum, í nágrenni Djúpavogs og verið að fækka þar brekkum og blindhæðum.

„Það stærsta á Suðurlandi er nýi vegurinn af þjóðvegi 1 niður að Bakkafjöruhöfn,“ segir Rögnvaldur. „Svo er haldið áfram með Suðurstrandarveg, frá Þorlákshöfn og vestur. Fjörutíu kílómetrar eru undir núna og þá eru 15 eftir.“ Hann nefnir fjölmörg fleiri verk en er beðinn að einskorða sig við þau mikilfenglegustu.

„Stærsta verkefnið sem hefur verið boðið út á þessu ári er nýr vegur til Vopnafjarðar um Vesturárdal. Það verður unnið á fjórum árum. Svo var verið að opna útboð í Bræðratunguveg og nýja brú yfir Hvítá við Flúðir. Lægsta tilboð kom frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða sem hljóðaði upp á 67 prósent af kostnaðaráætlun,“ lýsir hann.

Það sem boðið verður út á næstunni að sögn Rögnvaldar er breikkun Suðurlandsvegar frá Litlu kaffistofunni að Kambabrún og breikkun Vesturlandsvegar í gegnum Mosfellsbæ. Einnig Laxárdalsvegur milli Búðardals og Hrútafjarðar. „Samkvæmt fjárlögum eru framlög til vegamála þrjátíu og einn milljarður á þessu ári,“ segir hann. „Þessir peningar fara í ýmsar áttir en um tuttugu milljarðar eru ætlaðir í nýframkvæmdir þannig að það er fullt að gera fram undan.“ *-gun*

# Síðasta haftið sprengt í göngunum

Síðasta haftið í Héðinsfjarðargöngum var sprengt á skírdag að viðstöddu fjölmenni en göngin munu tengja saman byggðarlögin á Siglufirði og Ólafsfirði, sem sameinuð hafa verið í sveitarfélagið Fjallabyggð.

Um er að ræða tvenn jarðgöng. Annars vegar 6,9 kílómetra göng frá Ólafsfirði yfir í Héðinsfjörð og hins vegar 3,7 kílómetra göng milli Héðinsfjarðar og Siglufjarðar, en göngin ásamt vegtengingu í Héðinsfirði eru rúmir 11 kílómetrar á lengd.

Gangagerðin, sem hefur tekið rúmlega 30 mánuði, hefur verið unnin af tékkneska verktakafyrirtækinu Metrostav en vegagerð, vegskála og ýmsan frágang sér Háfell ehf. um. Til verksins hefur Metrostav notað Tamrock-borvagna og Komatsu-trukka og vinnuvélar frá Kraftvélaleigunni.



Borað í Héðinsfjarðargöngum.



Í Dimmugljúfrum er Ístak með verkefni á vegum Landsvirkjunar. Það snýst um að útbúa hyl undir 90 metra háum fossi sem fellur fram af Kárahnjúkastíflunni á yfirfalli. MYND/LANDSVIRKJUN

# Hylur og frágangur á virkjunarsvæðinu

Stærsta verkefni Landsvirkjunar á þessu ári er frágangur á Kárahnjúkasvæðinu að sögn Þorsteins Hilmarssonar, upplýsingafulltrúa stofnunarinnar. „Það er verið að ganga frá svæðinu eftir framkvæmdirnar. Þar er um jarðvinnu að ræða sem verktakar fyrir austan eru að fást við,“ lýsir hann. „Svo er Ístak með verkefni ofan í gljúfrinu sem verður lokið í sumar. Þar er verið að búa til hyl undir fossinum sem fellur fram af stíflunni þegar lónið er fullt. Hylurinn er til varnar berginu þar undir því höggið dempist þegar vatnið fellur ofan í vatn.“

Þorsteinn segir ekkert liggja fyrir um nýframkvæmdir. „Í neðri hluta Þjórsár er unnið við samninga og skipulagsmál og Búðarhálsvirkjun milli Hrauneyja og Sultartanga er til skoðunar en málið snýst um fjárhagsstöðu heimsins. Við höfum kaupendur að orkunni þaðan og unnum að undirbúningi framkvæmdarinnar 2001 og 2002. Það er til dæmis kominn grunnur undir stöðvarhús og búið að bjóða út véla- og rafbúnaðinn en tilboðin hafa ekki verið opnuð.“

Djúpboranir við Kröflu er þróunarverkefni sem Landsvirkjun leiðir í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og erlendar rannsóknarstofnanir. Það gengur undir skammstöfuninni ITTP og er unnið af Jarðborunum. Því lýkur í lok júní, að sögn Þorsteins. „Ef vonir ganga eftir er hægt að ná milli 400 og 500 gráðu heitum vökva og undir miklu meiri þrýstingi en áður hefur þekkst. Menn telja sig hafa rekist á svona fyrirbrigði bæði hér á landi og annars staðar. Það þarf bara að finna þau og í framhaldinu að beisla orkuna.“ *-gun*

# Algjör bylting í samgöngumálum

Vegagerðin og Siglingastofnun fólu verktakafyrirtækinu Suðurverki að sjá um gerð Landeyjarhafnar í Bakkafjöru að undangengnu útboði, auk flóðvarnargarða og tengdra vega. „Vegagerðin sér um hluta af verkinu sem felst í að byggja veg að höfninni frá þjóðveginum,“ nefnir Kristján Helgason, deildarstjóri á hafnarsviði Siglingastofnunar, en verktakafyrirtækið Suðurverk hefur séð um framkvæmdina, bæði vegagerðina og hafnargerðina. Framkvæmdir ganga samkvæmt áætlun og er það verkfræðistofan Strendingur sem annast eftirlit fyrir Vegagerðina og Siglingastofnun.

„Stefnt er að því að verkið verði tilbúið sumarið 2010,“ segir Kristján og nefnir að þetta séu einar stærstu samgönguframkvæmdir sem nú eru í gangi á landinu. „Þessar framkvæmdir eiga eftir að valda byltingu í samgöngumálum til Vestmannaeyja.“

Beðinn um að lýsa þeirri aðferð sem Suðurverk notar við að flytja grjótið á milli segir hann þá flytja grjótið fyrst niður af Hamragarðsheiðinni þar sem grjótnámurnar eru. „Grjótið er síðan sett á lager við austanvert Markarfljót, þaðan sem flutningurinn á efninu fer síðan fram í brimvarnargarða Landeyjahafnar. Síðan veita þeir fljótinu austur fyrir efnishaugana. Þeir ætla einnig að setja rör undir þjóðveginn til þess að trukkarnir valdi ekki truflunum á umferð á meðan framkvæmdum stendur.“ Hann nefnir til gamans að það hafi þurft að safna saman um 700.000 rúmmetrum af efni í framkvæmdina.



Framkvæmdir ganga samkvæmt áætlun. Reiknað er með að verkinu ljúki 2010.

Að sögn Kristjáns er nú verið að hefja undirbúning þess að hægt verði að keyra út sjálfa hafnargarðana eins og hann orðar það. „Brimvarnargarðarnir verða keyrðir út í sumar, síðan taka við framkvæmdir við bryggjuna og dýpkun hafnarinnar,“ segir hann og bætir við að stór hluti af verkinu sé fólginn í að græða upp sandinn umhverfis ferjuhöfnina.“ *-vg*









Vinna verður lögð í endurnýjun gangstétta og stíga á Akureyri í sumar.

# Stéttir og stígar settir í forgang

Viðhald verður fyrirferðarmikið í gatnaframkvæmdum norður á Akureyri í sumar.

„Við erum í endurbyggingu á götum upp á tæpar hundrað milljónir króna í ár. Stærsta verkefnið er Eyrarlandsvegurinn og undirgöng undir Hörgárbraut, sem vinna verður hafin við í sumar," segir Helgi Már Pálsson, deildarstjóri framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.

Gata verður lögð í nýju hverfi suðvestan við bæinn og hefur hún fengið nafnið Daggarlundur. Áætlaður kostnaður við nýbyggingu gatna er sjötíu milljónir. „Við erum með malbikun á nýjum götum upp á sjötíu milljónir króna. Þar ber hæst malbikun á íbúðagötum í Naustahverfi," segir Helgi.

Áhersla verður lögð á lagningu gangstétta og stíga, sem hefur setið á hakanum í uppgangi síðustu ára. Í þau verkefni fara 53 milljónir króna. *- hhs*



Beðið var með ýmsar framkvæmdir í Fljótsdalshéraði. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Nóg um að vera í Fljótsdalshéraði

„Fljótsdalshérað tók þá ákvörðun við upphaf framkvæmda við virkjun og álver á Austurlandi að geyma sínar framkvæmdir eins og hægt væri fram yfir þenslutímabilið 2003 til 2008," útskýrir Eiríkur Bj. Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótdalshéraðs.

Hann nefnir að á árinu verður haldið áfram með framkvæmdir á endur- og uppbyggingu Grunnskólans á Egilsstöðum. Einnig verði farið í gatnaframkvæmdir í miðbæ Egilsstaða.

„Þegar er búið að semja um framkvæmdir við endurbætur á lóð Fellaskóla í Fellabæ og þar að auki eru áætlaðar framkvæmdir við jarðgerðarsvæði og móttökustöð á sorpi," segir hann.

Unnið er við undirbúning á stækkun leikskólans Hádegishöfða í Fellabæ og stefnt er að framkvæmdum við nýja kaldavatnslögn. Að lokum nefnir Eiríkur verkefni sem tengist sveitarfélaginu og er bygging fyrsta hluta nýrrar gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs. *- vg*

# Snjóflóðavarnir skapa vinnu fyrir vestan

Jóhann Birkir Helgason, forstöðumaður tæknideildar Ísafjarðarbæjar, var spurður um nýframkvæmdir á vegum Ísafjarðarbæjar.

„Við erum með tvö verk í gangi eins og er," svarar Jóhann Birkir. „Annað snýst um lóðaframkvæmdir við Heilsugæsluna á Þingeyri og hitt um gatnagerð á Suðureyri vegna nýbygginga þar. Það eru vestfirskir verktakar sem hafa þessa vinnu með höndum."

Deiliskipulag við snjóflóðavarnir í hlíðum Kubba, ofan við Holtshverfi á Ísafirði var nýlega auglýst. Það er stórt verkefni sem Jóhann Birkir á von á að verði boðið út í sumar. Sem leiðir hugann að snjóflóðavörnunum í Bolungarvík og þótt þær séu ekki í umdæmi Jóhanns er hann spurður út í þær.

„Jú, það var hafist handa við þá framkvæmd í fyrra og þar er unnið af kappi núna. Svo voru Bolvíkingar að stækka félagsheimilið sitt." *- gun*



Ísfirðingar búa oft við mikil snjóþyngsli og tekið er tillit til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttaúttektir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.

Allt sem þú þarft




Gott Fólk

## Atvinna

**TEITUR**

**ÓSKUM EFTIR VÖNUM MANNI Í BODDÝVIÐGERÐUM TIL STARFA SEM FYRST.**

Ennfremur óskum við eftir bifreiðastjórum með hópbifreiðaréttindi til sumarafleysinga.
Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.

**VÉLAFL**

### SÖLUMENN

**Vélafl ehf óska eftir sölumanni í vinnuvélum. Viðkomandi þarf að geta talað og ritað ensku.**
Leitað er að kröftugum einstaklingi með ríka þjónustulund sem er tilbúin að takast á við krefjandi verkefni. Þarf að geta hafið störf sem fyrst
Vinsamlegast sendið ferilskrá á atvinna@velafl.com
Vélafl ehf, Óseyrarbraut 12, 220 Hafnarfjörður
**www.velafl.com**

## Fundir / Mannfagnaður

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

### Ársfundur Veiðimálastofnunar 2009

Haldinn föstudaginn 8. maí 2009í Bíósal, Hótel Loftleiðum

**Dagskrá:**
13:30 Fundur settur.
13:35 Yfirlit um starfsemi Veiðimálastofnunar. Sigurður Guðjónsson
13:50 Veiðin 2008 og veiðihorfur sumarið 2009. Guðni Guðbergsson
14:10 Vatnatilskipun Evrópu. Þýðing hennar fyrir Ísland. Jón S. Ólafsson
14.30 Kaffihlé
14.50 Áhrif sela á stofna laxfiska. Nýjar rannsóknir Veiðimálastofnunar og Selaseturs Íslands. Sandra Granquist
15:10 Vistfræði lax í sjó. Rannsóknarverkefnið SALSEA. Sigurður Már Einarsson
Fyrirspurnir og umræða
16:00 Fundarslit.

Fundarstjóri: Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**LMH.IS** Leigumiðlun Hafnarfjarðar 517-0150

Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

Laus strax! 3ja herb. íbúð 80fm í 108. Langtímaleiga. V. 116þ. innifalið hússj. & hiti. s. 896 6077.

Rúml. 20fm stúdíóíbúð til leigu. Lauganesvegur 38. Leiguv. 45þ. á mán. rafm. og hiti innif. S. 699 5552.

**Kópavogur**
Kjallaraíb.,m/ sérinngang. Hentug fyrir einstakling eða par. Reglusemi og skilvísi áskilin. Laus strax. Uppl. í s. 864 5920

2 Herb. 30 fm einbýlishús í Vesturbæ, til leigu frá 7. maí. S. 662 3184.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu með aðgangi að baði og eldhúsi. Uppl. í s. 770 6090.

Rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 30 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

Good room for rent in a basement 109 Rvk(garden). Furnitures, kitchen, bed, wc and shower includet + elec. Avalable 1. júní S. 864 2292

Til leigu 2-3 herb. íbúð með sérinngangi í 111. Uppl. í s. 867 9403.

Til leigu stúdíóíbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Arnarsmári Kópavogi, 3ja herb. mjög fín íbúð til leigu. 80fm. Þvottahús á hæðinni. Íbúðin er á þriðju hæð. Hússjóður og hiti innifalið í leigunni. Stutt í strætó, Smáraskóla og Smáralind. Langtímaleiga. Uppl. í síma 8990560

Good room for rent in a basement 109 Rvk 8,5fm. Furnitures, kitchen, bed, wc and shower includet + elec. Avalable 1. júní. S. 864 2292.

5 herb. hæð á Álfhólsvegi í Kópavogi, laus frá 1.júní eða 1.júlí eftir samk. langtímaleiga verð 135þús uppl. 6997696

Góð 2ja herb. íbúð til leigu í Furugrund í Kóp. Góðar svalir og öll húsg. geta fylgt. Verð 85.þús. Allt innifalið. Laus strax. S:6994368

Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur allar gerðir leiguíbúða á skrá. www.husaleiga.is S:471 1000

3 herb.íbúð á góðum stað í hlíðunum RVK V.ca80þús. Sími 895 9415.

Til leigu Árbær 110 Mjög falleg 2ja herb. 63 fm íbúð stórar svalir og mikið útsýni uppl. í síma 698-1254

Þingholtsstræti 80m2 íbúð á efstu hæð í fjölbýlishúsi í hjarta miðborgarinnar. Glæsilegt útsýni yfir tjörnina og Reykjanesfjallgarðinn. Leiga 130þ. S. 820 4004.

Blikaás 7, 221 Hafnarfirði 3ja herbergja, 100m2 íbúð á góðum stað í Áslandinu til leigu. 120 þús á mánuði. Uppl í síma 693-3359

Nokkur góð herb. í 104 Rvk., lækkað verð. Uppl. í s. 697 8720.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

4 herb. Við Skólavörðuholt. Með svo til öllum húsbúnaði, laus til 1 sept. Uppl í s 868 4023.

Mjög gott herbergi með húsgögnum á góðum stað í Hafnarfirði til leigu. Eldunar- og þvottaaðstaða og nettenging. Uppl.. í síma 899 7004.

### Húsnæði óskast

**Takið eftir!**
**Vantar allar gerðir leiguhúsnæðis á skrá.**
**Uppl. veitir Rúnar P. á RE/MAX Senter í s.6974881 eða runar@remax.is**

Óskum eftir 4 herb. íbúð á svæði 110, helst í Selás eða í Norðlingaholti. Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið. Vinsamlegast hafið samband í síma 821-8774.

### Atvinnuhúsnæði

Til leigu 95fm iðnaðarh. M/innkeyrsludyrum. Við Viðarhöfða 2. Uppl. Rúnar 697 6595.

Til leigu 90 m2 atvinnuhúsnæði í Kópavogi. Innkeyrsludyr. Uppl. í sima 8608960

**Fyrir innlendan iðnað**
1.706 m2 framleiðsluhús á Eyrarbakka. Raf.inntak 1.200 amp Starfsm.aðstaða. Útisvæði og fl. Hagstæð leiga. S. 661-6800

### Geymsluhúsnæði




**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

GISTING í 101 RVK. Íbúð fullbúin m/svölum. Bílast. Frá 5,000.- kr. per sólarhr. uppl s: 898-4188

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

panorama restaurant

Panorama Restaurant óskar eftir vönum og íslensku mælandi starfsmönnum til að sjá um morgunverð, vinnutími frá ca.5.30-13.30 unnið á föstum vöktum. Umsóknir sendast á fb@centerhotels.is

**Smiðir**
Óskum eftir smiðum. Uppmæling eða tímavinna. Uppl. s. 899 7012.

Auglýsi kennarastarf í Grsk. í Hofgarði Öræfum. Umsóknarfrestur til 25. maí. Pálína, sími 478 1672 / 894 1765.

**30.000 kr. fyrir flottasta prófílinn !**
Sexychat.is efnir til samkeppni um flottasta prófílinn. Peningaverðlaun og ókeypis áskrift! Sexychat.is.

Skipsstjóri óskast á línubát frá austfjörðum upplýsingar í síma 8641673.

VÁ! 844 dollarar á 10 klst! Skoðaðu málið á http://www.IncomePumper.com/islenska

**Handprjónakonur**
Geysir Shops óskar eftir handprjónakonum. Áhugasamir sendi tölvupóst á elmar@geysirshops.is eða hringi í s. 555 2808.

Óskum eftir kokk/matráð á veitingastað Hótel Lunda í Vík í Mýrdal frá 20.maí-1.október. Húsnæði á staðnum Uppl. 866 4891

Handlaginn starfsmaður óskast á smurstöð og dekkjaverkstæði, kemur til með að hafa umsjón með smurstöð, eingungis vanur maður kemur til greina! Umsóknir berist á Nesdekk@internet.is

Starfsfólk vantar á ljósastofu í Rvk. Umsóknir berist á myspace.com/_sohosol eða facebook.com/soho sol

Launakerfið í Lifewave skilar sér strax. Vertu með strax. uppl í s. 662 5599

Smiður eða handlaginn maður óskast í tímabundið verkefni. Uppl. í s. 697-9660

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar



Júbílantar VÍ - munið STÚDENTAFAGNAÐINN föstudaginn 15. maí. Miðasölu lýkur þriðjudaginn 12. maí. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans, www.verslo.is eða í síma 590 0600.

### Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**



**30.000 kr. fyrir flottasta prófílinn !**
Sexychat.is efnir til samkeppni um flottasta prófílinn. Peningaverðlaun og ókeypis áskrift! Sexychat.is.




**Einstaklega heit auglýsing**
ungrar konu sem er í alveg gríðarlegum ham og vill að þú hlustir á hana leika sér og skiljir eftir skilaboð hjá henni. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8319.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Chat.is**
Frábær nýr íslenzkur spjallvefur, ókeypis og öllum opinn. Þið notið hljóðspjall (Voice Chat) til að tala saman alveg eins og í síma! Chat.is.

Auglýsi eftir bónda eða sjómanni á milli fertugs og fimmtugs. Svör sendis til Fréttablaðsins merkt Vinur.

**Indæl og hlý kona**
vill kynnast karlmanni með endurnærandi og slakandi tilbreytingu í huga. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8211.

**Samkn. KK 50+**
vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga, verður að hafa aðstöðu. Augl. hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8389.

### Ýmislegt

**Íslensk grasrótartónlist fyrir sjónvarpseríu**
**Lumar þú á óútgefinni frumsamdri tónlist sem gæti hljómað í sjónvarpseríunni Fangavaktin?**
**Allar gerðir tónlistar koma til greina; Klassík, Country, Þungarokk, Þjóðlaga, Rapp, Teknó osfrv.**
**Sendu inn geisladisk með upplýsingum um höfund, flytjanda osfrv. á heimilisfangið SagaFilm, Laugarvegi 176, 101 Reykjavík**
**Eða á netfangið tonlist_fangavaktin@sagafilm.is**

## Til leigu

# TIL LEIGU

Til leigu lager-eða geymsluhúsnæði með mikilli lofthæð á hafnar-svæðinu við Sundahöfn í Reykjavík. Um er að ræða nokkur pláss af ýmsum stærðum, allt að 2.300 m2. **Rúmgott og afgirt útisvæði. Leigist á sanngjörnu verði.**

**Nánari upplýsingar gefa Gunnar í síma 693-7310 eða Benedikt í síma 693-7304.**

## Fasteignir

**Kjöreign ehf**
**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
OPNUNARTÍMI MÁN-FÖS KL. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
**FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is**

### HRAUNBÆR 103



Rúmgóð 2ja herbergja þjónustuíbúð fyrir 60 ára og eldri, á 5. hæð með svölum í austur. Fallegt útsýni. Íbúðin skiptist í rúmgott baðherbergi, eldhús, rúmgóða stofu með gluggum á tvo vegu. Gott svefnherbergi með skáp. Nýlegt eikarparket á íbúðinni. Geymsla og þvottahús innaf forstofu. **HLUTDEILD Í MIKILLI SAMEIGN SVO SEM HÚSVARÐARÍBÚÐ OG SAMKOMUSAL. RÚMGÓÐIR GANGAR. ÍBÚÐIN ER LAUS. - VERÐ KR. 23,9.**

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

# Valdstjórnin

**UMRÆÐAN**
Ólöf Nordal skrifar um myndun ríkisstjórnar


ÓLÖF NORDAL

Það gengur heldur brösuglega að mynda ríkisstjórn í þessu landi. Eftir 80 daga setu ríkisstjórnar Vinstri grænna og Samfylkingar, þar sem flokkarnir kepptust við að ausa lofi hvorir á annan, virðist heldur hafa lengst milli flokkanna eftir kosningar.

Það tók langt á aðra viku að koma þessari síbreyttu ríkisstjórn saman í lok janúar. Minnihlutastjórnin þurfti að reiða sig á Framsóknarflokkinn fram að kosningum, en hagaði sér í alla staði eins og stjórn sem hefði nánast allan þingheim að baki sér. Minnihlutastjórnin lofaði aðgerðum, tekið yrði á bráðavandanum. Nú átti loksins að ganga í hlutina. Sannleikurinn er sá, að þessi verkstjórn, eins og hún kallaði sig, hefur engu komið í verk. Það eina sem hún hefur gert frá því hún tók við völdum er að tala og tala… um ekki neitt.

Ekki hefur það lagast eftir kosningar. Forsvarsmenn flokkanna keppast við að tala um hvað það sé mikið að gera hjá þeim. Steingrímur J. Sigfússon upplýsti í Morgunblaðinu á þriðjudag að verkefnin næðu honum upp að eyrum. Það er sem sé svo mikið að gera, að enginn tími vinnst til þess að mynda hér ríkisstjórn. Ef samstarfið var svona ljómandi gott fyrir kosningar, hefði verið hægur vandi að nota stjórnarsáttmálann sem þegar lá fyrir sem grunn að nýjum sáttmála og einhenda sér svo í að leysa úr bráðavanda landsmanna. En það var ekki gert.

Hvers vegna? Vegna þess að verkstjórnin svokallaða passaði sig á því að setja ekkert í stjórnarsáttmálann í vetur sem máli skipti. Ekki var tekið á neinum ágreiningsefnum. Öllum efnahagsaðgerðum var ýtt fram yfir kosningar. Öllum erfiðum málum var stungið undir stól, vafalaust vegna þess að flokkarnir voru ósammála um mikilvæg mál.

Því miður hefur ekkert breyst eftir kosningar. Nú á að bjóða upp á Helguvíkurlausn í Evrópumálum. Nú á ekki að sýna á nein spil í ríkisfjármálum. Í stað þess er forsætisráðherrann að biðla til fjölmiðla um að kynna fyrir fólki þær aðgerðir sem í boði eru fyrir þá sem eru í vanda. Ef þessi ríkisstjórn ætlar sér að skjóta sér undan öllum erfiðum málum með því að vera sammála um að vera ósammála er hún kannski bara að sýna sitt rétta andlit. Það eina sem þessi stjórn er sammála um er að halda völdum. Rétta nafnið á slíku stjórnarmynstri er valdstjórn.

*Höfundur er alþingismaður.*







# Ætti að skattleggja skuldir?

**UMRÆÐAN**
Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um skuldastöðu heimilanna

Það þykir góð jafnaðarmennska og í anda norrænna velferðarríkja að skattbyrði sé dreift þannig að þeir sem mest hafa borgi hærri skatta en þeir sem minna hafa. Með þessu móti geta stjórnvöld jafnað bilið milli ríkra og efnalítilla, tryggt jafnan aðgang að heilsugæslu, námi og öðrum grundvallar lífsgæðum.


SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Við hrun bankakerfisins og íslensku krónunnar urðu til byrðar sem falla með afar ójöfnum hætti á skuldara og fjármagnseigendur vegna verðtryggingar lána. Með verðtryggingu er tjónið af hruni krónunnar lagt á skuldarann, en verðgildi fjármagns heldur fölsku góðærisverðgildi fyrir fjármagnseigandann.

Það þekkist hvergi, svo mér sé kunnugt, að litið sé á skuldastöðu heimila sem eðlilegan grundvöll þess að skipta tilfallandi viðbótarbyrðum; að hafi fjölskylda efni á að skulda 20 milljónir geti hún allt eins skuldað 24, skuldi hún 10 hljóti hún að geta skuldað 12. Þetta þekkist hvergi vegna þess að þetta er afspyrnu ósanngjörn leið til að skipta byrðum, ef þetta þætti góð aðferð þá mætti alveg eins nota skuldir almennings sem sérstakan skattstofn og skattleggja fólk í réttu hlutfalli við skuldir fjölskyldnanna. Allir hljóta að sjá að slíkt væri fráleitt.

Eins og við viljum að skattar leggist með sanngjörnum hætti á heimilin er eðlilegt að skipta öðrum byrðum í samfélaginu með réttlátum hætti. Ekki gengur að skýla sér bak við tæknilegar forsendur. Fólk skrifaði vissulega upp á verðtryggð lán en það var gert miðað við allt aðrar forsendur, sem lagðar voru upp af lánveitendum og stjórnvöldum. Forsendur sem hafa brostið m.a. fyrir tilverknað lánveitenda og stjórnvalda. Því þarf að leita sanngjarnra almenna leiða til að skipta því tjóni sem varð við hrun krónunnar milli lántakenda og lánveitenda eins og landsfundir Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hafa samþykkt að gera. Framtíðarlausn á lánamálum heimila og fyrirtækja felst svo í aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru og þar með afnámi verðtryggingar. Stjórnarsáttmáli farsællar ríkisstjórnar þarf að taka á hvorutveggja leiðréttingu og framtíðarlausn.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*





ROBERT BROWNING (1812-1889) FÆDDIST ÞENNAN DAG

*„Guð er hið fullkomna skáld.“*

***Robert Browning var breskt skáld og leikritahöfundur. Hann er talinn eitt fremsta skáld Viktoríutímans.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. MAÍ 1978

## *Jarðgöng undir Oddskarð vígð*

Á þessum degi árið 1978 voru jarðgöng undir Oddskarð milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar vígð. Áður en göngin um Oddskarð komu, var gamli fjallvegurinn eina landleiðin milli byggðarlaganna. Hann liggur einnig um Oddskarð. Hann hefur löngum verið erfiður yfirferðar og er lokaður yfir vetrarmánuðina. Hann er í röð hæstu fjallvega á landinu um 705 metra yfir sjávarmáli en er enn í notkun sökum þess hve jarðgöngin um Oddskarð eru þröng.



ESKIFJÖRÐUR

Göngin um Oddskarð voru grafin á árunum 1972-1977. Þau eru 640 m löng, einbreið með tveim útskotum til að mætast. Göngin eru í 630 metra hæð og varð vegalengdin milli bæjanna tveggja um 16,2 km löng eftir tilkomu þeirra.

Göngin voru mikil samgöngubót á sínum tíma en þykja heldur þröng í dag auk þess sem blindhæð er inni í göngunum. Því vonast margir til að ný göng, svokölluð Norðfjarðargöng, verði að veruleika í nánustu framtíð.

### MERKISATBURÐIR

**1197** Sex menn látast í Lönguhlíðarbrennu eða Önundarbrennu.

**1429** Síðasta umsátursvirki Englendinga við Orléans, Tourelles, fellur. Jóhanna af Örk varð hetja fyrir að leiða lokaáhlaupið þrátt fyrir að vera særð.

**1812** Óveður geisar á Vestfjörðum og farast 54 menn á sjö skipum frá Önundarfirði.

**1908** Páll Einarsson er kosinn fyrsti borgarstjóri Reykjavíkur.

**1946** Japanska raftækjafyrirtækið Sony er stofnað.

**2007** Gröf Heródesar konungs finnst í hæðinni Herodium en hennar hafði verið leitað þar í yfir 30 ár.


†

*Kær frændi okkar,*

**Sigursveinn Ingibergsson**

er látinn. Útför hans fer fram í dag, fimmtudag, kl. 13.00 frá Fossvogskapellu.

**Frændsystkin.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Hermannsson**

frá Flatey á Skjálfanda,

verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 9. maí kl. 13.00.

**Sigrún Ragnarsdóttir** **Gestur Gunnarsson**
**Helga Ragnarsdóttir** **Kristinn Guðni Hrólfsson**
**Hermann Ragnarsson** **Dómhildur Antonsdóttir**
**Erla Ragnarsdóttir** **Ómar Ingimundarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður og ömmu,*

**Auðar R. Torfadóttur**

Máshólum 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11E á Landspítalanum við Hringbraut fyrir góða umönnun.

**Jóna Björg Hafsteinsdóttir** **Fjölnir Björgvinsson**
**Torfi Þór Fort** **Siriket Maneenak**
**og ömmustelpur.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólöf Ásthildur Þórhallsdóttir**

áður til heimilis í Dalsgerði 5 A, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð aðfaranótt sunnudagsins 3. maí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 13. maí kl. 13.30.

**Þórhallur Pálsson**
**Guðný Þuríður Pálsdóttir** **Guðjón Sigurðsson**
**Halldóra Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




**FAGNAÐ Á HVERJU ÁRI** Stefán hefur hin síðari ár haldið upp á afmæli sitt á heimili sínu og hyggst gera það líka í ár. „Á laugardaginn verður opið hús hjá mér klukkan fjögur og þá eru allir velkomnir,“ segir hann kátur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

STEFÁN BJARNASON: ER 99 ÁRA Í DAG

# Fer enn þá á skemmtistaði

„Ég byggði þetta hús fyrir 50 árum. Hér er einstaklega gott að vera. Grasagarðurinn er við hliðina, lítil bílaumferð og mikið fuglager hér í kring,“ segir Stefán Bjarnason, þegar blaðamaður tekur hús á honum í tilefni af stórafmæli Stefáns sem er 99 ára gamall í dag.

Stefán býr enn heima hjá sér og er við góða heilsu. „Mér hefur gengið ágætlega að búa einn þó svo ég sé orðinn aldraður. Barnabarnabarn mitt býr hér í lítilli íbúð á móti mér þannig að hún lítur til með mér, sem er afskaplega gott. Síðan fæ ég heimilishjálp en annars elda ég ofan í mig sjálfur, enda þykir mér það best,“ segir hann og brosir. Á matseðlinum er fiskur, kjöt og kartöflur en Stefán segist í raun ekki hafa neina haldbæra skýringu á langlífinu og nefnir að líkt og margir hafi hann veikst og þurft að leggjast inn á spítala. „Heilsan hefur þó verið sæmileg. Ég lifði kreppuárin þegar ekkert var að gerast og lífið var töluvert basl. Þá tók ég upp á því að stunda leikfimi á hverjum einasta degi þau ár og tel jafnvel að tiltölulega góð heilsa sé því að þakka,“ segir Stefán, sem æfði leikfimi, sund og glímu hjá íþróttafélaginu Ármanni.

En hvað þykir honum um þá kreppu sem nú er í aðsigi? „Vonandi verður hún ekki eins löng og stóra kreppan á árunum 1930 til 40. Ég held að kreppan nú verði ekki eins slæm og að mönnum takist frekar að finna einhver ráð við henni,“ segir Stefán bjartsýnn og heldur áfram: „Ég tel að kreppur séu alltaf af manna völdum og þær eru ákaflega dýrar fyrir þjóðfélagið og ættu aldrei að eiga sér stað. Jörðin hefur næga möguleika til þess að hægt sé fyrir fólk að lifa á henni.“

Stefán dregur enga dul á stjórnmálaskoðanir sínar en þeirra vegna varð hann stundum af vinnu áður fyrr. „Ég er kommúnisti, var í Kommúnistaflokknum og þótti róttækur. Féll það stundum í grýttan jarðveg og kom fyrir að menn voru neyddir til að segja mér upp vegna þessa. Sagt var að flokkurinn væri handbendi Rússa og öðru logið upp á hann en þetta var allt þvættingur. Ég var útilokaður frá vinnu ár eftir ár vegna þessa og andrúmsloftið var hatrammt. Maður getur skapað sér ýmislegt ef maður fær tækifæri til þess. Ég held að margt hafi nú breyst til batnaðar og fólk er farið að skilja mikilvægi þess að allir hafi vinnu, það er best fyrir þjóðfélagið,“ segir hann en viðurkennir að hann hafi áhyggjur af auknu atvinnuleysi. „Þó eru alltaf einhverjir möguleikar og ég hef trú á að við finnum leið út úr þessu. Þetta er allt önnur lífsbarátta nú en áður, við höfum það betra og þjóðin er upplýst og baráttuglöð.“ Spurður um hvað honum þyki um aðild að Evrópusambandinu stendur ekki á svari. „Ég er alfarið á móti því. Í því felst frelsisskerðing og ég tel að við þyrftum að láta of mikið af hendi.“

Stefán fæddist í Ölvisholti við Hvítá í Árnessýslu en flutti þaðan um sex ára aldur. „Þá flutti ég neðar í sýsluna, rétt neðan við Selfoss, þannig að ég er Sunnlendingur í húð og hár. Ég ólst upp í þó nokkurri fátækt en bændur voru þá margir auralitlir upp til sveita. Hafði það meðal annars áhrif á stjórnmálaskoðanir mínar og von um meiri jöfnuð. Síðan flutti ég rétt fyrir tvítugt til Reykjavíkur og hef búið hér síðan,“ segir hann og bætir við að þar vilji hann helst vera.

Stefán starfaði lengst af í byggingavinnu og byggði þó nokkur hús. „Ég hef alltaf verið sæmilega handlaginn þótt svo ég sé ekki faglærður. Það var því mitt hlutskipti að vinna með höndunum. Húsið mitt byggði ég sjálfur með hjálp góðra manna,“ segir hann en þar bjó hann með eiginkonu sinni sem lést fyrir átta árum. „Ég á þrjú börn og slatta af barnabörnum og barnabarnabörnum. Hins vegar man ég ekki í svipinn hve mörg þau eru,“ segir Stefán og hlær góðlátlega. „Fjölskyldan er mikill fjársjóður og ákaflega dýrmætt að eiga hana að þegar maður eldist,“ segir hann og nefnir að hann skreppi stundum á barinn. „Ég lifi bara venjulegu lífi. Reyni að fylgjast með og fer stöku sinnum á skemmtistaði og fæ mér bjórglas,“ segir hann brosandi og nefnir að Næsti bar í Ingólfsstræti sé í uppáhaldi. „Kannski fæ ég frítt glas þegar þeir sjá þetta?“ bætir hann við glettinn.

**hrefna@frettabladid.is**


Göngudagar
20%
afsláttur af öllum gönguskóm
frá fimmtudegi til sunnudags.
Öll helstu merkin í gönguskóm.
MEINDL
THE NORTH FACE
SCARPA
LOWA
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 42579 05/08

## Námskeið við tannlæknafælni

- ÓTTAST ÞÚ HEIMSÓKNIR TIL TANNLÆKNA?
- FORÐAST ÞÚ Í LENGSTU LÖG AÐ LEITA TIL TANNLÆKNA?

Kvíðameðferðarstöðin, í samstarfi við Halldóru B. Bergmann sálfræðing og Evu Guðrúnu Sveinsdóttur tannlækni, býður nú upp á námskeið þar sem kenndar verða árangursríkar leiðir til þess að vinna bug á ótta við tannlæknaheimsóknir. Umsóknarfrestur rennur út 13. maí n.k. og er fjöldi þátttakenda takmarkaður.

KMS Kvíðameðferðarstöðin

Áhugasamir geta haft samband við Kvíðameðferðarstöðina í s. 534-0110, 822-0043 eða á kms@kms.is.
Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Kvíðameðferðarstöðvarinnar, www.kms.is.




# Sveitarómantík

NOKKUR ORÐ
**Sigríður Björg Tómasdóttir**

Fyrir borgarbarnið sem hefur að mestu leyti haldið sig innan borgarmarkanna heilan vetur er fyrsta ferðin út úr bænum að vorlagi hreinasta dásemd. Það er eins og að gera vorhreingerningu í hausnum að fara af stað í sveitina, sjá ný fjöll og skoða nýjar fjörur. Í ferðalagi helgarinnar varð Snæfellsnesið fyrir valinu, ægifagurt og dásamlegt.

Auk þess að njóta útsýnis og upplifa náttúruna á nýjum stað fóru ferðalangar í heimsókn á bæ í grennd gististaðar til að skoða dýrin. Ungviðið var nú mishrifið af því að vera inni í fjárhúsum og skoða dýrin, lyktin þótti sumum yfirþyrmandi. Aðrir voru gríðarlega spenntir enda ekki á hverjum degi sem gefst tækifæri til þess að halda á nýbornum lömbum.



Sauðburðurinn var í fullum gangi og varð undirrituð þeirri lífsreynslu ríkari að fylgjast með lambi koma í heiminn. Það voru heljarmikil átök satt best að segja og borgarbarninu mér varð um og ó að fylgjast með aumingja kindinni sem á endanum þurfti hjálp frá ábúanda við að koma lambinu út. Ekki í frásögur færandi fyrir sveitavana en ferðalangarnir höfðu fæstir fylgst með þessu gangverki náttúrunnar og þótti því mikið til koma.

Það er klisja að tala um tækifæri í ferðaþjónustu á Íslandi, en það er mikið til í þessari klisju. Það er svo auðvelt að njóta ýmissa hluta hér á landi sem eru ekki innan seilingar annars staðar.

Það er því engin ástæða til að örvænta yfir sumarfríinu í ár þó að venjubundinni utanlandsferð hafi verið slaufað. Þrátt fyrir miskalt veðurfar og dýrtíð eru fjallgöngur og fjöruferðir pottþétt afþreying.




# Gorenje ísskápur

A+ Orkunýtni

Gorenje ísskápur
RK60358DBK
Svört hönnun.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihófs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Hæð: 180 cm.

Tilboð 115.900

PIPAR • SÍA • 90535

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott








SUMAR
TILBOÐ
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FARTÖLVUM
GRÆDDU Á GÖMLU
NÚ GETUR ÞÚ SETT GÖMLU FARTÖLVUNA UPP Í NÝJA :)
GLÆSILEG VERSLUN
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS
EINFALT!
MÆTTU BARA MEÐ GÖMLU FARTÖLVUNA OG SETTU HANA UPP Í NÝJA
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**!** **kl. 20.00**
*Í kvöld mun tónlistar- og myndlistarmaðurinn Curver Thoroddsen heimsækja Nýlistasafnið með viðamikið safn afurða sinna. Hann mun leiða okkur í sannleikann um framleiðslu sína á tónlist og gjörningum tengdum því, sérstöðu tölunnar 7 í sköpun sinni, útskýra ást sína á Curver-ruslatunnum, með viðkomu í hinum ýmsu tónlistarverkefnum og hvernig er að starfa sem tónlistarmaður erlendis.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Fílahjörðin rumskar í kvöld*

Tónleikar með þessu athyglisverða og hljóðláta nafni verða í Leikhúskjallara Þjóðleikhúss til styrktar Steingrími Eyfjörð Guðmundssyni hljóðmanni, sem einnig er þekktur sem Hawaii-gítarundrið (KRAMDA HJARTAÐ), kvikmyndatónskáld, lagahöfundur, hagyrðingur, kórstjóri og svo ótal margt fleira.

Snillingurinn Steingrímur hefur nú háð stranga baráttu við hvítblæði í um það bil hálft ár og varið tímanum lengst af á Landspítalanum, en að lokinni meðferð hér heima fer hann í mergskipti í Svíþjóð. Varla þarf að taka fram að svona veikindi höggva gríðarlegt skarð í fjárhag hvers og eins sem í því lendir, hvað þá nánustu fjölskyldu.


**TÓNLIST** Steingrímur Eyfjörð Guðmundsson

Því eru aðdáendur, vinir og velunnarar Steingríms hvattir til að mæta á styrktartónleikana og sækja sér styrk í samkomuhaldið og skemmta sér í leiðinni. Fram koma Sýrupolkasveitin Hringir ásamt Möggu Stínu, nýstirnin í Comedy-rokkhljómsveitinni Skelkur í bringu, gleðibankarnir Úlfur Eldjárn & Músíkhvatur. Þá kemur fram hin gamla góða, eina og sanna, Stórsveit JÚPITERS og sjálfur Dóri Dragbítur er rúsínan í pylsuendanum.

Hófsamur aðgangseyrir er í boði en yfirboð vel þegin fyrir hvern miða, hver króna skiptir máli. Forsala miða er í 12 Tónum á Skólavörðustíg 15 .

### > Ekki missa af

myndlistarsýningum sem nú eru að renna sitt skeið: sýningu helgaðri Flóka í Listasafni Reykjavíkur hafa tæplega 36.000 gestir skoðað. Í kvöld kl. 20 koma þeir Þorri Jóhannsson, Ólafur Gunnarsson og Hilmar Örn og minnast meistarans.

## Boðið á námskeið

Þjóðleikhúsið hefur frá upphafi hrunsins sýnt markverða viðleitni til að sinna þeim sem misst hafa atvinnu. Leikhúsið bauð atvinnulausum snemma upp á sérstök kjör á miðum og nú bætir það um betur með opnum námskeiðum fyrir atvinnulausa: dagana 12.-13. maí næstkomandi. Leikarar Þjóðleikhússins munu leiða tvö stutt námskeið sem hafa það helst að markmiði að gleðja sálina, efla jákvætt hugarfar og næra andann. Námskeið þessi hafa þegar verið kynnt hjá Vinnumálastofnun og félagasamtökum og er næsta fullt á þau bæði.

Meðal leiðbeinenda á námskeiðunum verða leikararnir Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson og Ólafur Egill Egilsson.

Á fyrra námskeiðinu, Njóttu sýningarinnar – leikhúslæsi, sem haldið verður þriðjudaginn 12. maí, kl. 13-16, er leikhúsformið kynnt lag fyrir lag fyrir þátttakendum. Þeir fá einstaka innsýn í vinnuaðferðir leikhúslistafólks og læra aðferðir sem skerpa sýn á það sem fyrir augu ber á leiksýningum. Innifalin er kynnisferð um leikhúsið baksviðs. Í boði verður einnig leikhúsferð á Hart í bak hinn 15. maí og umræður að lokinni sýningu.

Síðara námskeiðið verður miðvikudaginn 13. maí, kl. 13-16, og endar á leikhúsferð föstudagskvöldið 15. maí.


**LEIKLIST** Ólafur Darri Ólafsson er meðal þeirra sem leiðbeina á opnum námskeiðum Þjóðleikhússins fyrir atvinnulausa.

Þar verður stofnað til vinnusmiðju með landsþekktum leikurum, þar sem áherslan er á að efla kjark og jákvæðni í gegnum skemmtilegar leiklistaræfingar. Námskeiðin eru þátttakendum að kostnaðarlausu og henta fólki á öllum aldri. Fjöldatakmarkanir eru á námskeiðin en áhugasömum er bent á að hafa samband við Vigdísi Jakobsdóttur, forstöðumann fræðsludeildar Þjóðleikhússins, vigdis@leikhusid.is, s. 585 1200.

- pbb

## Töfraflautan flutt

Óperan Töfraflautan eftir Wolfgang Amadeus Mozart verður flutt í Lindakirkju á morgun kl. 20.00. Það er Óperudeild Söngskóla Sigurðar Demetz undir styrkri stjórn Keiths Reed sem flytur. Verkið er sett upp í heild sinni með hljómsveit og kór.

Þessi sýning hefur algjöra sérstöðu vegna þess að Næturdrottningin er sungin af Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Sarastro af Bjarna Thor Kristinssyni en önnur einsöngshlutverk eru flutt af nemendum skólans. Óperan skartar mörgum hlutverkum og gefur því mörgum nemendum tækifæri á að sýna hvað í þeim býr.

- pbb

## Söngvaseiður frumsýndur

**Bandaríski söngleikurinn Sound of Music – Söngvaseiður – verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu annað kvöld. Verkið er velþekkt hér á landi, bæði af kvikmynd frá sjöunda áratug síðustu aldar og eldri uppfærslum en verkið hefur áður notið mikilla vinsælda hér á sviði. Að þessu sinni eru undirtektir framar vonum: uppselt er á þrjátíu sýningar og útséð að verkið verður fyrirferðarmikið í rekstri Borgarleikhúss í vor, sumar og haust.**


**LEIKLIST** María í hópi hinna móðurlausu systkina, barna greifans von Trapp.
MYND LR/GRÍMUR BJARNASON

Söngvaseiður er fluttur af tuttugu og fimm leikurum og átta manna hljómsveit. Er sýningin með stærri verkefnum sem Leikfélag Reykjavíkur hefur ráðist í, verður helst jafnað við Evu Lunu og Land míns föður Kjartans Ragnarssonar. Texti verksins er þýddur af Flosa Ólafssyni og Þórhallur Sigurðsson leikstýrir, báðir eldri og reyndir kraftar úr Þjóðleikhúsinu. Hljómsveitarstjóri er Agnar Már Magnússon, Ástrós Gunnarsdóttir annast dansatriðin en Snorri Freyr Hilmarsson og Stefanía Adolfsdóttir leikmynd og búninga.

Stærsta hlutverk verksins, hlutverk Maríu sem hættir við að fara í klaustur og gerist fóstra hjá barnmargri fjölskyldu er í höndum Valgerðar Guðrúnar Guðnadóttur. Heimilisföðurinn leikur Jóhannes Haukur Jóhannesson. Hópur barna leikur Trappsystkinin en önnur hlutverk eru í höndum reyndra og söngvinna leikara Leikfélags Reykjavíkur.

Söngvaseiður er fjölskyldusýning þótt efnið eins og í fleiri verkum þeirra Rodgers og Hammerstein lýsi samdrætti eldri manns og barnungrar konu; lífskraftur og þroski takast á, virðing og sjálfstæði. Verkið náði á sínum tíma miklum vinsældum sökum þess að þar var dregin up bjartari mynd af Evrópu en verið hafði efst á baugi um langt skeið. Heimur sem var ráðsettur og utan við stríðið. Eins og í öllum samstarfsverkum Rodgers og Hammersteins glitra lögin í verkinu og bera það í raun uppi og hafa mörg lifað sjálfstæðu lífi utan sögu sviðsins. Og svo spillti ekki fyrir upphaflegum viðgangi verksins vestanhafs að verkið rakti sögu sem átti sér stoð í raunveruleikanum.

Nokkuð langt er síðan verk frá þessu tímabili bandarískrar söngleikjahefðar hefur komið hér á svið: Kysstu mig Kata í Borgarleikhúsi og West Side Story í Þjóðleikhúsi munu vera þau síðustu frá hinum glæsilega tindi bandarískrar söngleikjasögu. Þá var rík krafa á meðalstórar hljómsveitir, 20 til 30 spilara, leikara sem gátu bæði dansað, leikið og sungið, á öllum aldri og stundum af fleiri en einum kynþætti. Sviðsetning á verkum frá þessu tímabili er því prófsteinn á atvinnumennsku, mikla og fjölbreytta færni allra flytjenda, enda eru miklar vonir bundnar við frumsýningu morgundagsins ef marka má forsölu á sýninguna.

pbb@frettabladid.is


# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 10/5 kl. 14:00 | U | Mið 27/5 kl. 18:00 | U | Sun 7/6 kl. 14:00 | U |
| Sun 10/5 kl. 17:00 | U | Fös 29/5 kl. 18:00 | U | Sun 7/6 kl. 17:00 | U |
| Lau 16/5 kl. 14:00 | U | Lau 30/5 kl. 14:00 | U | Lau 13/6 kl. 14:00 | Ö |
| Lau 16/5 kl. 17:00 | U | Lau 30/5 kl. 17:00 | U | Lau 13/6 kl. 17:00 | Ö |
| Sun 17/5 kl. 14:00 | U | Fim 4/6 kl. 18:00 | U | Sun 14/6 kl. 14:00 | U |
| Sun 17/5 kl. 17:00 | U | Fös 5/6 kl. 18:00 | U | Sun 14/6 kl. 17:00 | U |
| Sun 24/5 kl. 14:00 | U | Lau 6/6 kl. 14:00 | U | Sun 30/8 kl. 14:00 | |
| Þri 26/5 kl. 18:00 | U | Lau 6/6 kl. 17:00 | U | Sun 30/8 kl. 18:00 | |

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 8/5 kl. 20:00 | U | Fim 14/5 kl. 20:00 Aukas. | Ö |
| Lau 9/5 kl. 20:00 | U | Fös 15/5 kl. 20:00 | U |

**Skoppa og Skrítla í söng-leik** (Kúlan)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 9/5 kl. 13:00 | Ö | Lau 9/5 kl. 14:30 | Ö |

**Creature** - gestasýning (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 14/5 kl. 20:00 | U | Lau 16/5 kl. 20:00 |
| Fös 15/5 kl. 20:00 | Ö | Sun 17/5 kl. 20:00 |

**Í Óðamansgarði** - ópera í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

| | |
|---|---|
| Fös 22/5 kl. 20:00 | Lau 23/5 kl. 20:00 |

**Ó, þú aftur** - afmælissýning Hugleiks (Smíðaverkstæðið)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 15/5 kl. 20:00 | U | Fös 22/5 kl. 20:00 | Fim 28/5 kl. 20:00 |
| Sun 17/5 kl. 20:00 | | Sun 24/5 kl. 20:00 | Fös 29/5 kl. 20:00 |
| Mið 20/5 kl. 20:00 | | Mið 27/5 kl. 20:00 | |


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 7. maí 2009**

### ➜ Tónleikar



**12.00** **Bragi Bergþórsson** tenór og **Antonía Hevesi** píanóleikari verða með hádegistónleika í Hafnarborg við Standgötu í Hafnarfirði. Á efnisskránni verða ljóð eftir Schubert og ítalskar óperuaríur. Aðgangur ókeypis.

**20.30** Píanóleikarinn **László Süle** heldur tónleika í sal FIH við Rauðagerði 27. Aðgangur er ókeypis.

**20.30** **Kór Akraneskirkju** heldur tónleika í Menningarhúsinu Miðgarði í Skagafirði. Á efnisskránni verður veraldleg og andleg kórtónlist auk þekktra alþýðulaga.

**20.30** **Tríó Björns Thoroddsen og Andrea** Gylfadóttir verða með tónleika í Tónbergi, tónleikasal tónlistarskólans á Akranesi við Dalbraut.



**22.00** **Svavar Knútur** trúbador verður með tónleika á Jacobsen í Austurstræti þar sem hann mun leika efni af væntanlegri plötu

**22.30** **Jónsson & More og M & M kvintettinn** spila á tónleikum Hjá Jazzklúbbnum Múlanum í djasskjallara Café Cultura við Hverfisgötu 18.

### ➜ Útivist

**20.00** **Íslenski fjallahjólaklúbburinn** verður með kynningarfund vegna ferðar sem farin verður á Nesjavelli þann 16. maí. Fundurinn fer fram á Brekkustíg 2 (gamla slökkviliðsstöðin). Allir velkomnir. Nánari upplýsingar www.ifhk.is.

### ➜ Síðustu forvöð

Sýningu **Mörtu Maríu Jónsdóttur** og **Magnúsar Helgasonar** í Gallerí Ágúst við Baldursgötu, lýkur á laugardag. Opið mið.-lau. kl. 12-17.

### ➜ Bókmenntakvöld

**20.00** **Marta Guðrún Jóhannesdóttir** ræðir við **Sigurð Karlsson** þýðanda og **Tapio Koirvukari** rithöfund um finnskar skáldsögur. Einnig verður sýnd kvikmyndin „Óþekkti hermaðurinn“. Nánari upplýsingar á www.nordice.is. Aðgangur ókeypis.



### ➜ Sýningar

Í **Listasafni Árnesinga** við Austurmörk í Hveragerði stendur yfir sýning á verkum átta íslenskra myndlistarmanna sem allir vinna með ljósmyndina í list sinni. Safnið er opið alla daga kl. 12-18.

**Þóra Sigurðardóttir** og **Sólrún Sumarliðadóttir** hafa opnað sýningu í Listasafni ASÍ við Freyjugötu 41. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13 -17. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Hagyrðingakvöld

**20.30** **Birgir Sveinsson** stjórnar Hagyrðingakvöldi á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri.

### ➜ Dagskrá

**20.00** Dagskrá í tengslum við sýninguna **„Skuggadrengur - Heimur Alfreðs“** í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Fram koma **Þorri Jóhannsson, Ólafur Gunnarsson, Hilmar Örn Hilmarsson, Sigurður Skúlason og Sjón**. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Sýningu lýkur á sunnudag.

### ➜ Pallborðsumræður

**18.00** Pallborðsumræður verða í tengslum við sýningu **Guðrúnar Kristjánsdóttur „Veðurskrift“ í** Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Auk listamannsins taka þátt m.a. **Oddný Eir Ævarsdóttir, Pétur Gunnarsson og Guðni Tómasson**. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### ➜ Ljósmyndasýningar

**12.00** **Í Skotinu á Ljósmyndasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu verður opnuð sýningin LAUGA VEGURINN sem er tileinkuð þvottakonum er gengu inn í Laugardal og Laugavegurinn var lagður gagngert fyrir. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Opið virka daga kl. 12-19 og helgar 13-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




Við kynnum frábærar nýjungar frá Chanel dagana 7. – 13. maí í verslunum Hagkaups
Kringlunni, Smáralind, Holtagörðum og Garðabæ

- Lift Lumier nýr farði og hyljari sem gefur húðinni slétta og mjúka áferð, dregur fram náttúrulegan ljóma húðarinnar.
- Ultra Correction Line Repair krem sem snýr áhrifum tímans við.
- Body Excellence Slimming Gel, gel fyrir líkamann sem örvar sogæðakerfið og blóðrásina, stinnir, styrkir og vinnur á appelsínuhúð.
- Rouge Allure Laque, varalitur með svamppensli, gefur vörunum jafna og gljáandi áferð.

Gjöf fylgir kaupum þegar keyptir eru 2 hlutir eða fleiri og þar af eitt krem eða farði.

KAUPAUKI* • Chanel taska • Lift Lumier farði 2,5ml • Coco Mademomselle EDP 2 ml • Sublimage krem 4 ml

Sérfræðingar okkar verða á staðnum og veita faglega ráðgjöf.
Vertu velkomin, við tökum vel á móti þér.

*Meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


LEAVES


FOREIGN MONKEYS

## > Í SPILARANUM

**Leaves** - We Are Shadows
**Patrick Watson** - Wooden Arms
**Bjartmar Guðlaugsson** - Í fylgd með fullorðnum
**Grizzly Bear** - Veckatimest
**Foreign Monkeys** - Foreign Monkeys

**tónlist**

tonlist@frettabladid.is

# The Shins tekur breytingum

Hin vinsæla indípoppsveit The Shins er nú á tónleikaferðalagi um Bandaríkin eftir langt hlé. Öllum að óvörum hefur söngvarinn og lagahöfundurinn James Mercer skipt um mannskap í sveitinni. Hljómborðsleikarinn Marty Crandall og trommarinn Jesse Sandoval eru horfnir á braut og nýir menn komnir í staðinn. Þeir eru bassaleikarinn Ron Lewis, úr Grand Archives og Fruit Bats, og Joe Plummer, trommuleikari Modest Mouse.

„Ég var kominn með hugmyndir sem kröfðust nýs fólks,“ segir James Mercer um breytingarnar. Nýja mannaskipanin mun klára tónleikaferðina sem nú stendur yfir og taka upp plötu í kjölfarið. Stefnt er að því að platan komi út snemma á næsta ári. Mercer segist vera búinn að semja þrjátíu ný lög sem valið verður úr.

Platan verður gefin út af útgáfufyrirtæki Mercers, Aural Apothecary, en ekki er ólíkegt að Sup Pop muni dreifa henni. Mercer segir að ástæða þess að hann gefi út á eigin merki sé sú að þá fái hljómsveitin meiri peninga í eigin vasa.

James Mercer hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hann gerir tónlistina við kvikmyndina 180 Degrees South með meðlimum Modest Mouse og leikur sjálfur í kvikmynd sem er væntanleg innan tíðar. Myndin kallast Some Days Are Better Than Others og leikur Mercer á móti Carrie Brownstein úr hljómsveitinni Sleater-Kinney. „Það var mjög gaman og virðist hafa gengið ágætlega. Ég hef séð smá af myndinni og það var ekkert neyðarlegt að horfa á það.“


**JAMES MERCER** Söngvari og lagahöfundur The Shins hefur gert mannabreytingar á sveitinni. Ný plata kemur út í byrjun næsta árs. NORDICPHOTOS/GETTY



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Hvar er hip-hoppið?*

Þá er seinni hluti vals tónlist.is og Félags íslenskra hljómplötuframleiðenda á hundrað bestu plötum Íslandssögunnar hafinn. Þær plötur sem lentu í hundrað efstu sætunum í fyrri hluta valsins eru komnar á tónlist.is og nú á að skipa þeim í sæti. Það er margt kunnuglegt á þessum lista. Mörg meistaraverk og margar plötur sem hafa áður verið á svipuðum listum. Fullt af Bubba, Megasi, Spilverki, Þursum, Björk og Sigur Rós. Botnleðja kemur líka sterk inn með þrjár plötur og það er ánægjulegt að sjá Apparat Organ Quartet, FM Belfast og Hjaltalín troða sér þarna upp á milli gömlu meistaranna. Og bestu plötur Rokk í Reykjavík-bylgjunnar eru þarna: Viltu nammi væna? með Fræbbblunum, Ekki enn Purrksins og Mjötviður mær Þeysara. Og margt fleira gott.


**XXX ROTTWEILER HUNDAR** Komast ekki á blað í valinu um bestu plötur Íslandssögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Það vekur samt athygli hvað er ekki á listanum. Trúbrot er fulltrúi hipparokksins á listanum með tvær plötur, Trúbrot og Lifun, en hins vegar komast Óðmannaalbúmið og Magic Key með Náttúru ekki á blað. Goð S.H. Draums eru ekki í náðinni og heldur ekki Arctic Death Ship með Kimono, Emotional með Trabant, æ með Unun eða In Cod We Trust með Ghostigital svo nokkur dæmi séu tekin.

Það vekur líka athygli að krúttin komast varla á blað. Seabear, Slowblow, Benni Hemm Hemm og Ólöf Arnalds ná ekki inn á listann. Og ekki einu sinni múm! Og það sem er kannski undarlegast af þessu öllu. Eina hip-hop platan er Jinx með Quarashi! Fyrsta plata XXX-Rottweilerhunda var algjör tímamótaplata sem olli sprengingu í íslensku hiphoppi en hún kemst ekki á blað. Á heimsenda með Forgotten Lores er annálað snilldarverk, en hún er ekki þarna og ekki platan hans Móra svo maður nefni bara þrjár íslenskar hip-hop plötur sem eiga hiklaust heima á meðal hundrað bestu platnanna.

# ÓVÆNT ÚTSPIL DYLANS

**Þó að það séu ekki nema tæp þrjú ár síðan Bob Dylan-platan, Modern Times kom út þá er karlinn samt mættur með nýja. Together Through Life var tekin upp í október síðastliðinn og er 33ja plata Dylans. Trausti Júlíusson lagði við hlustir.**

Einhvern tímann á síðasta ári hafði franski kvikmyndaleikstjórinn Olivier Dahan samband við Bob Dylan og bað hann um tónlist fyrir myndina My Own Love Song sem hann var að vinna að. Hann vantaði sérstaklega ballöðu sem aðalkarlpersóna myndarinnar átti að syngja undir lok hennar. Dylan hafði séð kvikmynd Dahans um Edith Piaf, kunni vel að meta hana og ákvað þess vegna að slá til. Umbeðið lag, Life is Hard, er á nýju Dylan-plötunni Togehter Through Life sem kom út í síðustu viku, en platan öll varð til í framhaldi af þessu kvikmyndatónlistarverkefni. Platan er komin út, en kvikmyndin verður frumsýnd seinna á árinu.

### Tex-Mex og blúsrokk í anda Chess-útgáfunnar

Together Through Life er ólík síðustu Dylan-plötum, Love & Theft (2001) og Modern Times (2006). Auk meðlima úr tónleikabandi Dylans spila harmonikkuleikarinn David Hidalgo (úr Los Lobos) og gítarleikarinn Mike Campbell (úr hljómsveit Tom Petty, The Heartbreakers) stór hlutverk. Tónlistin er á köflum mjög Tex-Mex skotin enda er harmonikkan áberandi á henni, en hljómurinn minnir líka stundum á gamalt blúsrokk frá sjötta og sjöunda áratugnum. Níu af tíu lögum plötunnar eru samin af Dylan og Robert Hunter sem er þekktastur fyrir að hafa verið mikill vinur Jerry Garcia og náinn samstarfsmaður Grateful Dead. Hunter samdi mikið af textum fyrir Dead og hann á greinilega sinn hlut í textagerðinni á Together Through Life.

Platan er léttvægari heldur en hin útpælda og tilkomumikla Modern Times, en þetta er samt fín Dylan-plata sem sýnir að karlinn er enn að koma á óvart. Eftir Victoria Secret-auglýsinguna þá ætti kannski ekkert að koma manni á óvart þegar Dylan er annars vegar, en maður átti samt ekki von á því að hann mundi snara fram svona hraðsoðinni og kæruleysislegri plötu.



**BOB DYLAN** Together Through Life er hraðsoðnari og kæruleysislegri en við eigum að venjast.

### Aldrei getað samið popp

Dylan er þekktur fyrir að veita fá viðtöl og svara stundum löngum spurningum með eins atkvæðis orðum. Hann er hins vegar mjög ræðinn í viðtalinu sem hann veitti Bill Flanagan nýlega og finna má á opinberu vefsvæði Dylans www.bobdylan.com.

Þar ræðir hann óvenju frjálslega um nýju plötuna, viðrar skoðanir sínar á mönnum og málefnum og talar um ferilinn og stöðuna í dag.

Hann tjáir sig meðal annars um Barack Obama og Rolling Stones og tónlistarmenn sem hafa haft áhrif á hann í gegnum áratugina. Hann nefnir Jimmy Buffett, Gordon Lightfoot, Warren Zevon, Randy Newman, John Prine og Guy Clarke sem sína uppáhalds lagasmiði og segir að hann sjálfur gæti ekki búið til „það sem kallað er popptónlist“ þótt hann reyndi. Þegar Flanagan minnir hann á að hann hafi nú selt yfir hundrað milljónir platna þá svarar Dylan: „Ég veit. Það er mér ráðgáta líka!“ Frábært viðtal sem allir aðdáendur ættu að lesa.

### Góðir aukabitar

Nýja Dylan-platan er fáanleg í nokkrum útgáfum. Hún er til sem einfaldur geisladiskur, sem tvöföld vínylplata og svo í þrefaldri viðhafnarútgáfu sem samanstendur af plötunni sjálfri, aukadiski með einum þætti af útvarpsþættinum Theme Time Radio Hour og DVD-diski með viðtali við Roy Silver sem var fyrsti umboðsmaður Dylans. Dylan gerði tíu klukkustundarlanga þemaútvarpsþætti og sá sem við fylgir með hér ber nafnið „Friends & Neighbours“. Flottur þáttur sem sýnir hvað Dylan er skemmtilegur útvarpsmaður. Tónlistin er vel valin, en kynningarnar eru það sem gerir gæfumuninn. Viðtalið við Roy Silver er líka vel þegið þannig að þessir tveir aukabitar ættu ekki að valda Dylannördum vonbrigðum.






**FLAMING LIPS** Wayne Coyne, til vinstri, dauðsér eftir að hafa gagnrýnt Arcade Fire.

# Sér eftir ummælum um Arcade Fire

Flaming Lips-söngvarinn Wayne Coyne hefur beðist afsökunar á niðrandi ummælum sínum um hljómsveitina Arcade Fire. Coyne sagði í viðtali við Rolling Stone fyrr á árinu að meðlimir sveitarinnar væru hrokafullir og færu illa með samstarfsfélaga sína. „Ég er þreyttur á hrokanum í þeim. Við höfum spilað með þeim og þeir koma mjög illa fram við fólk,“ sagði Coyne í viðtalinu.

Win Butler, söngvari Arcade Fire, svaraði þessum ummælum á sínum tíma og sagðist ekki skilja hvert Coyne væri að fara. Meðlimir Arcade Fire hefðu alltaf dáð Flaming Lips og könnuðust ekki við að hafa sýnt þeim óvirðingu.

Nú sér Coyne eftir öllu og segist hafa beðið meðlimi Arcade Fire persónulega afsökunar. „Ég dauðsé eftir þessu. Ég var ekkert endilega að tala um fólkið í Arcade Fire. Ég var að meina gaurana sem sáu um sviðið fyrir þá á nokkrum hátíðum,“ sagði Coyne, hálf skömmustulegur.

# 135 taka þátt í Þorskastríði

Alls sendu 135 flytjendur inn efni í tónlistarkeppnina Þorskastríðið. Þátttakan var framar björtustu vonum útgáfufyrirtækisins Cod Music því á síðasta ári sendu 102 flytjendur inn lög. Yngstu tónlistarmennirnir sem tóku þátt í ár eru 12 og 13 ára en elsti keppandinn er 56 ára. Tónlistarstefnurnar eru úr öllum áttum og eru flestir flytjendurnir úr Reykjavík en næstflestir frá Akureyri. Nú tekur við að hlusta á hvert einasta lag og í framhaldinu verður sigurvegari Þorskastríðsins kynntur föstudaginn 15. maí.



**STEINI** Hljómsveitin Steini vann Þorskastríðið í fyrra og hlaut að launum útgáfusamning.







# bíó

bio@frettabla-

## > WEISZ Í WHISTLEBLOWER

Rachel Weisz hefur tekið að sér aðalhlutverkið í pólitíska dramanu The Whistleblower. Myndin, sem er byggð á sönnum atburðum, fjallar um friðargæsluliða í Bosníu sem kemur upp um mansal sem Sameinuðu þjóðirnar ætluðu að þegja yfir.



# Reynolds leikur í Deadpool

Hjá 20th Century Fox er byrjað að undirbúa gerð myndarinnar Deadpool sem verður byggð á persónunni sem Ryan Reynolds lék í X-Men Origins: Wolverine.

Persónan er ein sú vinsælasta í X-Men-myndasöguheiminum. Deadpool snýst um málaliðann Wade Wilson sem lætur gera á sér genatilraun í von um að læknast af krabbameini. Kemur hann út úr tilrauninni hálfbrjáluð andhetja sem nánast ómögulegt er að stöðva. Fastlega er búist við því að Reynolds endurtaki hlutverk sitt sem Wade í myndinni.

Undirbúningur að framhaldi Wolverine er einnig í bígerð og talið er að samúræjar komi þar við sögu. Einnig er á teikniborðinu myndin Magneto sem verður byggð á vonda karlinum úr X-Men og sömuleiðis er væntanleg myndin X-Men: First Class. Það er því greinilegt að reyna á að mjólka úr X-Men-vörumerkinu eins lengi og hægt er, enda eru framleiðendur í Hollywood ekki þekktir fyrir að sleppa hendinni af einhverju sem rakar inn seðlum fyrir þá ár eftir ár.



**DEADPOOL** Ryan Reynolds í hlutverki Wade Wilson í Wolverine.

Áður en Ryan Reynolds leikur í Deadpool sést hann á hvíta tjaldinu í The Proposal á móti Söndru Bullock. Einnig er væntanleg með honum myndin Paper Man.

# Ferrell flytur í úthverfið

Will Ferrell er í samningaviðræðum um að taka að sér aðalhlutverkið í gamanmyndinni Neighborhood Watch. Myndin fjallar um náunga sem flytur úr borginni í úthverfi þar sem hann tekur þátt í nágrannavörslu og kemur í framhaldinu upp um samsæri.

Leikstjóri myndarinnar verður líklega David Dobkin sem leikstýrði hinni vinsælu Wedding Crashers þar sem Ferrell lék einmitt lítið en eftirminnilegt hlutverk.



## FRUMSÝNDAR MYNDIR

### Star Trek XI

Sagan fylgir uppvexti James T. Kirk og því þegar hann gengur til liðs við Stjörnuflotann í fyrsta sinn. Þar kynnist hann Vúlkananum Spock og saman taka þeir við Enterprise-geimskipinu.

**Aðalhlutverk:** Chris Pine, Zachary Quinto, Eric Bana, Simon Pegg og Zoe Saldana.

**Dómar:** Imdb.com: 8,2/10. Rottentomatoes.com: 100%.

### Boat That Rocket

Bresk grínmynd frá Richard Curtis, handritshöfundi Notting Hill, Love Actually og Bridget Jones. Hér segir frá ólöglegri útvarpsstöð úti á Norðursjó á sjöunda áratugnum. Nokkrir plötusnúðar segja ljósvakastríði á hendur ríkismiðlunum sem kjósa djasstónlist fram yfir rokk.

Aðalhlutverk: Philip Seymour Hoffman, Bill Nighy, Emma Thompson og Gemma Arterton.



**Dómar:** Imdb.com: 7,5/10. Rottentomatoes.com: 54%.

### Múmínálfarnir: Örlaganóttin

Hér er á ferðinni mesta ævintýri Múmínálfanna til þessa. Myndin hefst á rólegum sumardegi í Múmíndalnum sem snýst upp í andhverfu sína þegar eldfjall í nágrenninu byrjar að gjósa og risastór flóðbylgja setur allan dalinn á kaf í vatn.



**SPOCK OG KIRK** Vúlkaninn Spock og James T. Kirk stjórna Enterprise-geimskipinu sem lendir í hinum ýmsu hremmingum.

# Geimævintýri með boðskap

**Tæp fimmtíu ár eru liðin síðan Gene Roddenberry fékk hugmyndina að sjónvarpsþáttum sem síðar fengu nafnið Star Trek. Ellefta kvikmyndin í þessari langlífu seríu verður frumsýnd á morgun.**

Leikstjóri Star Trek XI er J.J. Abrams, maðurinn á bak við Lost, Fringe og Mission: Impossible III, og þykir honum hafa tekist einkar vel upp við að endurskapa þetta fræga geimævintýri. Myndin færir áhorfandann aftur að upphafinu. Sagan fylgir uppvexti James T. Kirk og því þegar hann gengur til liðs við Stjörnuflotann í fyrsta sinn. Þar kynnist hann Vúlkananum Spock og saman taka þeir við Enterprise-geimskipinu og þurfa ásamt góðum hópi fólks að berjast gegn þeirri miklu ógn sem stafar af hinum illa Nero.

Star Trek hóf göngu sína sem sjónvarpsþáttaröð hjá NBC árið 1966. Í Star Trek-heiminum hafa jarðarbúar, í kjölfar kjarnorkustríðs og gjöreyðingar á miðri 21. öldinni, þróað tækni þar sem þeir geta ferðast hraðar en ljósið. Geimverur sem kallast Vúlkanar komast þá í kynni við jarðarbúa og í framhaldinu skapa þeir nokkurs konar útópískt samfélag þar sem ofbeldi hefur vikið fyrir þekkingarleit og könnun nýrra heima.

Höfundurinn Gene Roddenberry lagði áherslu á að hver sjónvarpsþáttur væri hæfileg blanda af ævintýri og ýmiss konar boðskap. „Með því að skapa nýjan heim með nýjum reglum gat ég komið á framfæri mínum skoðunum á kynlífi, trúarbrögðum, Víetnam, stjórnmálum og vígbúnaðarkapphlaupi. Við vorum að senda út skilaboð og sem betur fer komust þau öll fram hjá nálarauga sjónvarpsstöðvarinnar," sagði Roddenberry eitt sinn í viðtali.

Auk tíu kvikmynda hafa sex mismunandi sjónvarpsþáttaraðir verið gerðar um Star Trek með hvorki meira né minna en 716 þáttum. Vinsældirnar hafa verið gífurlegar og hefur Star Trek fyrir löngu skipað sér sess sem menningarsögulegt fyrirbæri. Aðdáendum þáttanna hefur stundum verið líkt við sértrúarsöfnuð, enda tala þeir margir hverjir Klingon-tungumálið reiprennandi og eru duglegir við að sækja Star Trek-ráðstefnur víða um heim. Þeir, rétt eins og aðrir kvikmyndaáhugamenn, fá væntanlega eitthvað fyrir sinn snúð þegar kemur að nýju myndinni því hún er sögð sú metnaðarfyllsta til þessa, enda sú langdýrasta frá upphafi. Ánægjan með hana er svo mikil að þegar hefur verið hafist handa við þá næstu og ljóst að ný og fersk framhaldssería er að verða að veruleika.

Star Trek-ævintýrið er því greinilega hvergi nærri búið og ljóst að Trekkurum á eftir að fjölga stórlega á næstu árum ef svo fer fram sem horfir.



**NYOTA UHURA** Zoe Saldana leikur Nyota Uhura í Star Trek-myndinni.

# Brooks og Burt minnast Doms

Mel Brooks og Burt Reynolds eru á meðal þeirra sem hafa talað hlýlega um gamanleikarann Dom DeLuise sem lést í Los Angeles á dögunum, 75 ára gamall.

Brooks, sem leikstýrði DeLuise í fjölda mynda, sagði hann hafa verið stóran í öllum skilningi þess orðs. „Hann var stór í sniðum og fékk fólk til að hlæja mikið og gleðjast," sagði hann. Reynolds, sem lék oft á móti DeLuise, bætti því við að hann hefði ávallt látið sér líða vel. „Það mun enginn koma í stað hans," sagði hann. DeLuise lést síðastliðinn mánudag á sjúkrahúsi í Santa Monica eftir langvarandi veikindi.

Hann er best þekktur fyrir leik sinn í myndum Mel Brooks, Blazing Saddles, Silent Movie og History of the World: Part I. Hann lék einnig á móti Reynolds í myndum á borð við The End, The Cannonball Run og Smokey and the Bandit II. DeLuise var mikill matmaður og átti lengi í baráttu við offitu, enda vó hann á tímabili 147 kíló. Hann lætur eftir sig eiginkonu og þrjá syni sem allir eru leikarar.



**DOM DELUISE** Gamanleikarinn vinsæli Dom Deluise er farinn yfir móðuna miklu.


LAGERSALA
LAGERSALAN HELDUR ÁFRAM Í TVO DAGA
DIM
DÖMU OG HERRA UNDIRFATNAÐUR
Mikið úrval af SOKKABUXUM
ÝMSAR SNYRTIVÖRUR
MEDICO - heildverslun
Akralind 3 - 201 kópavogur - www.medico.is
Opnunartímar: Fim. 7/5 & Fös. 8/5 frá kl. 16-19



Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
Er tímareimin komin á tíma?
Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 49.088 kr.
Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.925 kr.
Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 35.987 kr.
VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.
Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.




Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is
VÉLALAND




Kynning verður á nýjungum frá **GUERLAIN** og verða sérfræðingar **GUERLAIN** á staðnum og veita þér faglega ráðgjöf.

**Nýja Terracotta línan** vorið 2009

- **Mineral púður** í þremur fallegum litum
- **Mineral augnskuggar** fallegir litir
- **Casmir varagloss**
- **Sjálfbrúnkukrem og spray**

Einnig kynnum við nýjungar í **Succsess Future** línunni:
**Wrinkle pen(Hrukku) penna** sem fyllir upp í allar línur á undraverðan hátt.
Strykjandi , mótandi og nærandi **líkamskrem** sem gerir okkur tilbúnar í sólina á fjórum vikum.
**Augnkrem** sem vinnur á þrota og baugum, liftir upp augnlokunum svo um munar,
vinnur á fínum línum og gefur mikinn raka og ljóma. Er 100% olíu frítt og ilmefnalaust.

## 20% kynningarafsláttur á GUERLAIN vörum.

**Glæsilega Terracotta taska fylgir kaupum* á tveimur hlutum úr GUERLAIN línunni þar af einu kremi.**



***Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.***

HYGEA
snyrtivöruverslun

**> SVÍNAFLENSA ÓGNAR GLASTONBURY**

Aðstandendur Glastonbury-rokkhátíðarinnar eru sagðir íhuga þann möguleika að fresta henni í ár vegna svínaflensunnar. Meðal þeirra sem koma fram eru Blur og Bruce Springsteen en aðstandendur hátíðarinnar eru ekki vissir um að svona mannfögnuður sé heppilegur vegna flensunnar sem nú breiðist út um heiminn.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Tæmir vasa vina sinna

Edward Norton þarf engu að kvíða ef leikaraferillinn fer einhvern tímann í vaskinn. Hann þykir svo lunkinn pókerspilari að bestu vinir hans hafa tapað háum fjárhæðum á því að spila við hann. New York Daily News greinir frá þessu í gær. Norton lék eitt aðalhlutverkanna í pókermyndinni Rounders og lærði þar öll helstu brögðin í fjárhættuspilamennsku af fremstu pókerspilurum heims en Norton þótti standa sig vel sem Lester „Worm“ Murphy.

Og Norton hefur átt erfitt með að kveðja þennan ágæta karekter sinn og svo góður þykir hann vera orðinn að vinir hans úr leikarastéttinni veigra sér við að skora á hann. Nema Woody Harrelson. Sem hefur tapað umtalsverðum fjárhæðum á því að láta sér ekki segjast. „Harrelson er fórnarlambið mitt, ég elska að hirða af honum eins mikið af peningum og ég get,“ sagði Norton í samtali við blaðið. Leikarinn verður meðal spilara á góðgerðarmóti sem fram fer í Cannes um helgina og hyggst láta sverfa til stáls og sýna mátt sinn og megin í eitt skipti fyrir öll.



**SLYNGUR** Edward Norton græddi mikið á því að leika í pókermyndinni Rounders og hefur haft það fyrir sið að tæma vasa Woody Harrelson í spilum.

# Wolverine á toppinn

**Hugh Jackman hlær væntanlega alla leið í bankann um þessar mundir en nýjasta mynd hans, Wolverine, hefur slegið í gegn beggja vegna Atlantshafsins. Myndin skaust beint á toppinn í Bretlandi og skákaði þar unglingastjörnunni Miley Cyrus og kvikmynd hennar, Hönnuh Montana: The Movie. State of Play með Russell Crowe og Helen Mirren situr sem fastast í þriðja sætinu en önnur Disney-stjarna, Zac Efron, varð að gera sér fimmta sætið að góðu með 17 Again. Fjórða vinsælasta myndin hjá tjöllunum var síðan Ghosts of Girlfriends Past.**


WELLA PROFESSIONALS WELLA PROFESSIONALS WELLA PROFESSIONALS WELLA PROFESSIONALS

**Wella á Íslandi leitar að hármódelum!**

Halldór Jónsson ehf leitar að flottum, skemmtilegum og jákvæðum hármódelum fyrir sýningu sem verður haldinn á Hótel Borg mánudagskvöldið 18.maí.

Viðkomandi aðilar þurfa að vera opnir og jákvæðir, hafa heilbrigt hár, vera óhrædd við breytingar ásamt því að nota fatastærð 12 eða minna.

**Ef þú ert sú/sá sem við leitum að, láttu skrá þig hjá Halldóri Jónssyni fyrir fimmtudaginn 14. maí í síma 563-6300.**

**Frekari upplýsingar www.hj.is**

WELLA PROFESSIONALS WELLA PROFESSIONALS WELLA PROFESSIONALS WELLA PROFESSIONALS


# Lindsay yfirheyrð í Kanada

Draugar fortíðar eltu bandarísku leikkonuna Lindsay Lohan til Kanada því landamærayfirvöld voru ekki alveg á þeim buxunum að hleypa henni inn í landið. Lohan átti að koma fram á næturklúbbi í Montreal og lenti grunlaus á flugvelli borgarinnar. Þegar hún afhenti síðan vegabréfið sitt eins og lög gera ráð fyrir komu einhverjar vöflur á landamæraverðina og Lindsay var yfirheyrð í um klukkutíma.

Ástæðan fyrir þessu umstangi var sögð vera sú að Lindsay hefur átt erfitt með að halda sig frá akstri þegar hún hefur verið við skál.

„Þeir voru virkilega erfiðir við hana,“ segir einn heimildarmaður blaðsins. Lindsay fékk þó loks landvistarleyfi og gat því staðið við skuldbindingar sínar.



**DEAD SEA APPLE** Hljómsveitin Dead Sea Apple heldur sína fyrstu tónleika í langan tíma í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FIÐRINGUR TIL FORTÍÐAR Í KVÖLD

**Rokksveitin Dead Sea Apple heldur sína fyrstu tónleika í langan tíma á Sódómu Reykjavík í kvöld.**

„Þetta er nettur fiðringur til fortíðar. Við höfum ekkert spilað í nokkur ár og það var komin smá pressa á okkur að koma fram,“ segir trommarinn Hannes Friðbjarnarson, sem er einnig meðlimur í Buffi.

Sveitin hefur einnig sent frá sér nýtt lag sem nefnist I Want You Back sem sýnir að hún hefur engu gleymt. Lagið var hljóðritað í tilefni þess að fimmtán ár eru liðin síðan hún gaf út sitt fyrsta lag á safnplötunni Ýkt böst.

Dead Sea Apple var stofnuð í Kópavogi um miðjan síðasta áratug og gaf í framhaldinu út tvær plötur. Á þessum áratug hefur hún gefið út þrjú lög og haldið stöku tónleika. „Við erum allir búnir að þekkjast síðan við vorum tólf ára. Við vorum allir í sama skólanum í vesturbæ Kópavogs og höfum fylgst að síðan þá,“ segir Hannes.

Hljómsveitin var iðin við kolann á sínum tíma og reyndi meira að segja að slá í gegn í Bandaríkjunum. „Við vorum spilandi á þessum gömlu klúbbum eins og Tveir vinir, Rósenbergkjallara og Púlsinum. Síðan reyndum við „meik“-drauminn eins og hinir. Við fórum tvisvar til New York til að spila og leika okkur. Þetta var fyrir tíma Airwaves, netsins, gsm-síma og Loftbrúarinnar. Þetta var bara Visakort og málið dautt,“ segir Hannes og hlær.

Sódóma verður opnuð klukkan 21 í kvöld og stígur Dead Sea Apple á svið klukkutíma síðar. Miðaverð er 1.000 krónur. „Þetta er átaksmúsík. Þetta verður þungt og skemmtilegt,“ segir Hannes og lofar hörku tónleikum.

freyr@frettabladid.is






# Mickey Rourke sendur í megrun

Bandaríski leikarinn Mickey Rourke hefur fengið þau skilaboð frá framleiðendum Iron Man 2 að hann þurfi að missa nokkur kíló fyrir hlutverk sitt sem rússneski þrjóturinn Whiplash. Rourke bætti nokkrum grömmum á sig fyrir hlutverk sitt í The Wrestler og hefur átt í töluverðum vandræðum með að losa sig við þau. New York Magazine greindi frá þessu í gær.

Leikstjórinn Jon Favrau er víst alveg staðráðinn í að láta þetta ganga eftir og Rourke hefur fengið einkaþjálfara í New York. Sá hefur ansi harkalegar hugmyndir um líkamsrækt því Rourke fastar og má aðeins borða á veitingastað einu sinni í viku.



**OF FEITUR** Rourke er of feitur fyrir Iron Man 2 og hefur verið gert að léttast um nokkur kíló.



**KANNAR JARÐVEGINN FYRIR FRAMBOÐ** Leoncie ætlar hugsanlega að bjóða fram krafta sína í indverskum stjórnmálum sem löngum hafa verið æði skrautleg og blóði drifin. MYND/PÁLL BERGMAN

# Leoncie reynir fyrir sér í pólitík

**Indverska prinsessan Leoncie er með mörg járn í eldinum, eins og endranær. Myndband hennar var sýnt í listasetrinu Scandinavia House í New York og hlaut dynjandi lófaklapp og þá hyggst hún feta nýjar brautir.**

„Jú, þetta er rétt, ég hef alltaf haft mikinn áhuga á indverskum stjórnmálum og það komu að máli við mig menn frá nýju stjórnmálaafli og vildu fá mig til liðs við sig," segir Leoncie. Hún telur sig hafa mikið fram að færa í indverskum stjórnmálum sem að hennar sögn hafa einkennst af viðhorfum gamalla karla. Leoncie og eiginmaðurinn Victor hafa því verið á Indlandi að undanförnu og kannað jarðveginn fyrir framboð indversku prinsessunnar. Indland er fjölmennasta lýðræðisríki í heimi og stjórnmálin þar hafa oft verið æði skrautleg og blóði drifin.

En stjórnmálabarattan yrði bara smá hliðarspor frá ástríðu Leoncie, sem er og verður alltaf tónlistin. Nýverið var myndband hennar Love Messages from Overseas sýnt í listamiðstöðinni Scandinavia House í New York og ekki var að sökum að spyrja, salurinn hreinlega ærðist af fögnuði. „Mér skilst að áhorfendur hafi risið úr sætum sínum og það ku ekki gerast oft þarna," segir Leoncie og upplýsir jafnframt að myndbandið muni væntanlega ferðast víðar um Ameríku.

Leoncie og Victor hafa komið sér vel fyrir í Essex, festu nýverið kaup á nýju húsi sem Leoncie segist engan veginn standast íslensk gæði. „Nei, húsin hérna í Bretlandi eru öll skökk, það er eins og þeir viti ekki hvað hallamál er," segir hún og hlær, bætir því við að það séu ekki bara hin vel byggðu híbýli sem hún sakni frá Íslandi, hana þyrstir í gott vatn og harðfisk. „Enska vatnið er algjört sull, ódrekkandi." Hún upplýsir jafnframt að þau skötuhjú hafi látið af allri áfengisdrykkju, borði ekki rautt kjöt heldur bara fisk og grænmeti og það sé þegar farið að skila sér, Victor hafi grennst til muna og þeim líði mun betur á bæði líkama og sál.

- fgg

# Peter Stormare til liðs við Anitu Briem

Sænski stórleikarinn Peter Stormare hefur bæst í fríðan leikhóp bandarísku myndasögumyndarinnar Dead of the Night. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er íslenska leikkonan Anita Briem þar í einu aðalhlutverkanna ásamt Ofurmenninu Brandon Routh og sjónvarpsstjörnunni Taye Diggs. Þá greina ítalskir fjölmiðlar frá því að glímukappinn Kurt Angle muni einnig leika lítið hlutverk í myndinni.

Stormare er einn þekktasti leikari Svía og hefur afrekað ansi margt á löngum ferli; hann skaust upp á stjörnuhimininn sem hinn lánlausi mannræningi Gaear Grimsrud í Coen-myndinni Fargo og hefur síðan þá leikið stór hlutverk í kvikmyndum á borð við Bad Boys II, Armageddon og þá ættu sjónvarpsáhorfendur að kannast við hann úr bæði CSI og Prison Break. Glímukappinn Kurt Angle vann til gullverðlauna í sinni grein á Ólympíuleikunum í Atlanta árið 1996 en hefur síðan þá, líkt og svo margir þéttvaxnir kappar, reynt fyrir sér í kvikmyndaleik með fremur misjöfnum hætti.

Tökur á Dead of the Night standa nú yfir í New Orleans en myndin er byggð á ítölskum myndasögum sem segja frá einkaspæjaranum Dylan Dog, baráttu hans við ókunn öfl og glímuna við sjálfa ástina. - fgg



**Í FLOTTUM HÓPI** Anita Briem er í sannkölluðu stjörnuliði í kvikmyndinni Dead of Night því hún leikur á móti sænsku goðsögninni Peter Stormare, Ofurmenninu Brandon Routh og sjónvarpshetjunni Taye Diggs.





Heitustu heimsborgir Evrópu

Heimsborgirnar London, Berlín og París eiga ekki bara sameiginlegt að vera áfangastaðir Iceland Express, heldur bjóða þessar dásamlegu borgir upp á allt sem hugurinn girnist, hvert sem áhugamál þitt er. Bókaðu ljúffenga heimsborgarferð á **www.icelandexpress.is**

Iceland Express með ánægju

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN ORIGINS:WOLVERINE | kl.5.50,8og10.30-POWER | 14 |
| CRANK 2 HIGH VOLTAGE | kl. 10.30 | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| MÚMÍNÁLFARNIR (650kr.) | kl. 6 - Íslenskt tal | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| X MEN | kl. 5:40 - 8D - 10:20D | 16 |
| X MEN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| NEW IN TOWN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 5:50 | VIP |
| 17 AGAIN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:20 | 12 |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NEW IN TOWN | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| THE UNBORN | kl. 8:20 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 10:20D | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6(3D) | L |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 5:40 Síð. sýn. | 16 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| PUSH | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| FAST & FURIOUS | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| THE UNBORN | kl. 8 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| STATE OF PLAY | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 8 | L |
| PUSH | kl. 8 | 12 |
| BOY IN THE STRIPED PAYJAMAS | kl. 10:10 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:10 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ - Í DAG - KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE LÚXUS D | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 3.40 - 5.50 -8 - 10.10 | L |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 - 6 | L |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED | kl. 6 - 9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6.30 - 9 | 14 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| STATE OF PLAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

# Órafmagnaðir í Sýrlandi

Skítamórall ætlar að halda órafmagnaða tónleika í haust sem verða teknir upp og gefnir út fyrir jólin. Tilefnið er tuttugu ára afmæli sveitarinnar á þessu ári.

Á tónleikunum, sem verða teknir upp í tónleikasal Stúdíó Sýrlands að Vatnagörðum, ætla þeir að spjalla við áhorfendur á milli laga og leggja þeir mikið upp úr afslappaðri umgjörð. „Við erum að ætla að þetta verði tvö hundruð manna konsert. Við sitjum í hring og fólkið í kringum okkur. Þetta verður flott stemning og við ætlum að reyna að búa til óþvingað andrúmsloft,“ segir gítarleikarinn Addi Fannar. „Við höfum mikið spilað órafmagnað og þetta hentar okkur gríðarlega vel.“

Skítamórall hefur einnig bókað sig á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina en sveitin spilaði síðast þar fyrir fjórum árum. Nýtt lag, Sönn, kom jafnframt út á dögunum, auk þess sem gítarleikarinn Gunnar Þór Jónsson úr Sóldögg er genginn til liðs við sveitina. Á sama tíma hefur Gunnar Ólason lagt gítarinn á hilluna og einbeitir sér nú alfarið að söngnum.

Næsta ball Skítamórals verður á Breiðinni á Akranesi, Eurovision-kvöldið 16. maí, og má búast við hörkustemningu eins og hljómsveitarmeðlima er von og vísa. - fb



**SKÍTAMÓRALL** Hljómsveitin Skítamórall verður önnum kafin við spilamennsku í allt sumar.

# Tvískinnungur á enn erindi

**Vinsælasta plata Bjartmars Guðlaugssonar, Í fylgd með fullorðnum, hefur verið endurútgefin í tilefni þess að hún er ein af hundrað bestu plötum Íslandssögunnar samkvæmt nýrri könnun.**



**BJARTMAR TEKUR VIÐ PLÖTUNNI** Bjartmar Guðlaugsson tekur við endurútgefnu plötunni úr höndum Höskulds Höskuldssonar hjá Senu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta eru orðin 22 ár er það ekki?,“ segir Bjartmar og hlær. „Það er mjög vel staðið að þessu hjá þeim í Senu og Höskuldur [Höskuldsson] á skilið hrós fyrir þetta. Ég er algjörlega í skýjunum með þetta.“

Í fylgd með fullorðnum kom út 12. nóvember árið 1987 og seldist í fimmtán þúsund eintökum, enda hafði hún að geyma slagara á borð við Týnda kynslóðin, Ég er ekki alki og Járnkarlinn. Flest eintökin voru framleidd á vínyl en um eitt þúsund voru gefin út á geisladiskum, sem voru þá að ryðja sér til rúms. Platan hefur verið ófáanleg í rúma tvo áratugi en loksins hefur verið ráðin bót á því. „Mitt efni er nánast allt óendurútgefið og það varð einhvers staðar að byrja. Ég býst fastlega við því að það verði farið að vinna í því að gefa út elstu plöturnar,“ segir Bjartmar. Hann vill ekkert fullyrða um að Í fylgd með fullorðnum sé meistarastykkið sitt. „Þetta er þekktasta platan en margar af mínum plötum hafa farið svolítið utangarðs og ekki fyrir það að það séu verri plötur. Með vottorð í leikfimi er til dæmis afburða vel unnin plata. Ég hef alltaf notið þess á ferlinum að vera umvafinn snillingum. Það hefur gert mig að því sem ég er.“

Í fylgd með fullorðnum er að sögn Bjartmars hluti af nokkurs konar þríleik sem fól einnig í sér plöturnar Með vottorð í leikfimi og Það er puð að vera strákur. Hann er fullviss um að hin endurútgefna plata eigi jafnmikið erindi við landsmenn í dag og hún átti fyrir rúmum tuttugu árum. „Í fylgd með fullorðnum fjallar um tvískinnung í öllum sínum myndum. Það var alveg óhjákvæmilegt að líta á veröldina með augum barnsins í tveimur til þremur lögum á plötunni,“ segir hann. „Ég er svolítið hræddur um að þessi tvískinnungur sé búinn að koma okkur í þá stöðu sem við erum í í dag.“

Alls hefur Bjartmar gefið út tólf plötur á ferlinum og vonar að sú þrettánda líti dagsins ljós fyrr en síðar. „Ég er alveg í banastuði ef ég segi alveg eins og er. Það fer að styttast í að það heyrist lag en ég veit ekki með útgáfu,“ segir hann og bætir við: „Ég held að fyrir alla sem eru að stunda listir þá verður að færa þjóðinni eitthvað núna, það verður að gera það.“

freyr@frettabladid.is




Miðasala er í síma 568 8000 og á borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# Stieg Larsson-myndin of dýr fyrir Ísland

„Þessir aðilar settu upp verð sem við höfum bara aldrei séð áður. Við gerðum meira að segja ráð fyrir því í okkar kostnaðaráætlun að myndin myndi ná hæstu hæðum í miðasölu og teygðum okkur eins langt og við gátum en það dugði einfaldlega ekki til,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Senu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru hafa Ísleifur og félagar hans hjá Senu reynt að kaupa sýningarréttinn að kvikmyndinni Karlar sem hata konur. Hún er byggð á samnefndri glæpasögu sænska sakamálahöfundarins Stiegs Larsson sem slegið hefur í gegn hjá íslenskum lesendum. Bókin hefur setið í efstu sætum metsölulista Eymundsson. Ferlið hefur ekki gengið þrautalaust fyrir sig, dreifingaraðilinn Nordisk Film hefur ekki reynst sá liprasti í samningaviðræðum og nú hefur endanlega slitnað upp úr viðræðunum.

Myndin sjálf hefur hlotið prýðilega dóma á hinum Norðurlöndunum en í bígerð eru tvær aðrar myndir sem byggðar eru á hinum bókum Stiegs Larsson. Þær munu að öllum líkindum ekki heldur rata í íslensk kvikmyndahús og aðdáendur Larsson verða því að bíða þar til myndirnar verða gjaldgengar í sjónvarp og treysta á hyggjuvit RÚV í þeim efnum. **- fgg**



**LARSSON KOSTAR OF MIKIÐ** Kvikmyndin Karlar sem hata konur verður ekki sýnd í íslenskum kvikmyndahúsum. Hún er einfaldlega of dýr.

# Einu sinni var....

Margir muna eflaust eftir teiknimyndunum Einu sinni var … sem voru sýndar í Ríkissjónvarpinu á níunda áratugnum við miklar vinsældir. Bæði ungir sem aldnir hrifust af þessum skemmtilegu og fræðandi þáttum sem voru sýndir í yfir hundrað löndum. Næstkomandi sunnudagsmorgun klukkan 9.50 tekur Sjónvarpið til sýningar framhald þeirra sem nefnast Einu sinni var … Jörðin. Í þetta sinn verða unglingarnir sem eru þekktir úr fyrri syrpunni hetjur í ævintýrum og ráða miklu um framgang mála. Myndaflokknum er ætlað að hvetja yngri áhorfendur til að verða ábyrgir borgarar og hjálpa þeim að skilja umhverfi sitt svo þeir geti lagt sitt af mörkum til að vernda það. Ættu því foreldrar að hvetja börnin sín til að fylgjast með á sunnudagsmorgnum frá byrjun.



**EINU SINNI VAR …** Teiknimyndirnar Einu sinni var … voru sýndar í Ríkissjónvarpinu við miklar vinsældir hér á árum áður.


# Rekstur flugfélaga

## Áskoranir og tækifæri

Ráðstefna verður haldin í hátíðarsal Tækniskólans við Háteigsveg föstudaginn 8. maí frá kl. 13:00 – 17:00.

- **Ávarp samgönguráðherra**
- **The Airline Industry: Trends, Challenges and Strategies** John Wensveen Ph.D. Dean of School of Aviation
- **Air Atlanta** Hannes Hilmarsson forstjóri
- **Icelandair** Birkir Holm Guðnason framkvæmdastjóri
- **Flugfélag Íslands** Árni Gunnarsson framkvæmdastjóri
- **Flugvélamarkaðurinn** Hafþór Hafsteinsson stjórnarformaður Avion Aircraft Trading hf.
- **Flugfélagið Ernir** Hörður Guðmundsson framkvæmdastjóri
- **Primera Air** Hrafn Þorgeirsson framkvæmdastjóri
- **Flugmálastjórn** Pétur K. Maack flugmálastjóri

Ráðstefnugjald er 4000 kr. Ráðstefnugögn verða afhent frá kl. 12:30.
Skráning fer fram í s. **514 9601** eða á netfangið **ave@tskoli.is**.
Nánari upplýsingar á **www.tskoli.is**.

zetor

ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



# FÆRÐU BRJÓSTSVIÐA EÐA SÚRT BAKFLÆÐI?...




Nýtt!

...Nú færðu Losec mups* án lyfseðils í næsta apóteki!

*Omeprazol

**Notkunarsvið:** Losec Mups sýruþolnar töflur innihalda efnið omeprazol sem hemur magasýruframleiðslu. Losec Mups er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir omeprazoli eða einhverju öðru innihaldsefnanna eða samhliða lyfjum sem innihalda atazanavir. Gæta skal varúðar ef þú færð einhver af eftirtöldum einkennum: Verulegt þyngdartap, endurtekin uppköst, kyngingarerfiðleika, blóðuppköst eða blóð í hægðum. Þá skal hafa samband við lækni. Látið lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð. Meðganga og brjóstagjöf: Losec Mups má nota á meðgöngu. Konur með barn á brjósti eiga að leita ráða hjá lækni áður en notkun hefst. Skömmtun: Ein Losec Mups 20 mg tafla ekki oftar en einu sinni á sólarhring. Ef einkennin hafa ekki horfið eftir 14 daga stöðuga notkun skal hafa samband við lækni. Gleypa á töflurnar heilar með ½ glasi af vökva. Hvorki má tyggja þær né mylja. Töflurnar má setja í vatn eða einhvern súran vökva (t.d. ávaxtasafa) og taka þannig inn. Það skiptir ekki máli hvort Losec Mups er tekið inn með eða án matar. Algengustu aukaverkanir eru: Höfuðverkur, niðurgangur, ógleði/uppköst, kviðverkir, hægðatregða og aukinn vindgangur. **Lesið vandlega allan fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu**. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Mars 2009.

AstraZeneca
annt um líf og líðan

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR KR 3. SÆTINU Í PEPSI-DEILDINNI 2009

### > LYKILMAÐURINN

**Jónas Guðni Sævarsson** kom til KR fyrir síðasta tímabil og var fljótlega gerður að fyrirliða liðsins. Hann lék hvern einasta leik á síðasta tímabili og gegndi lykilhlutverki á miðjunni hjá KR. Liðið varð svo bikarmeistari um haustið undir hans forystu. Margir leikmenn hafa gengið til liðs við KR undanfarin ár án þess þó að ná að festa sig í sessi en slíkt var ekki tilfellið hjá Jónasi Guðna. Hann mun koma til með að gegna mikilvægu hlutverki í sumar, bæði í vörn og sókn.



# Getum lifað með kröfunni um titil

KR-ingar mæta til leiks í sumar með nokkuð breytt lið en liðið missti fimm fastamenn úr leikmannahópnum en fékk þó fimm aðra í staðinn. Logi Ólafsson, þjálfari liðsins, segir að það hafi gengið ágætlega að pússa saman nýtt lið.

„Við fengum ekki síðasta púslið í spilið nú fyrr en rétt undir lokin þegar Mark Rutgers kom í vörnina. Við vonumst til að hann finni sig vel og það fljótt. Þá var Baldur Sigurðsson nokkuð lengi að koma sér almennilega af stað vegna meiðsla. En að öðru leyti hefur þetta gengið bærilega og ég tel að við séum með góðan og breiðan hóp leikmanna og þeir hafa bæði reynslu og getu til að ná langt.“

Hann segir það ekki hljóma illa að vera spáð þriðja sætinu enda ætli liðið sér að vera í toppbaráttunni í sumar.

„Ég vonast þó til að við getum gert jafnvel enn betur en spáin er ekki slæm,“ sagði Logi. „Undirbúningstímabilið hefur gengið mjög vel og góð stemning ríkt meðal leikmanna. Þeir hafa líka verið duglegir og fórnað sér verulega í verkefnið. Ég vona svo sannarlega að menn uppskeri í samræmi við það sem þeir hafa lagt á sig í vetur. Úrslit leikja hafa ef til vill ekki gefið þetta til kynna en það eru teikn á lofti um að liðið geti staðið sig mjög vel í sumar.“

Aðspurður segir Logi að KR-ingar séu vanir því að gerð sé krafa um titil á hverju ári en KR varð síðast Íslandsmeistari árið 2003. „Krafan er jú alltaf fyrir hendi og það breytist ekki. Það sem hefur hins vegar breyst er að menn hafa lært að lifa með kröfunni og einbeitt sér að því sem þarf að gera hverju sinni í stað þess sífellt að vera að velta þessu fyrir sér.“



### > X-FAKTORINN

**Björgólfur Takefusa** var lengi að ákveða sig hvort hann ætlaði að vera með í sumar en hann var markahæsti leikmaður KR síðastliðið tímabil með fjórtán mörk. Hvort pásan hafi gert honum gott eða slæmt mun senn koma í ljós.

### AÐRIR LYKILMENN


GRÉTAR S. SIGURÐARSON


BJARNI GUÐJÓNSSON


STEFÁN LOGI MAGNÚSSON

### GENGI Á VORMÓTUNUM

Sigrar Jafntefli Töp




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2008 4. sæti í A-deild | 2007 8. sæti í A-deild | 2006 2. sæti í A-deild | 2005 6. sæti í A-deild | 2004 6. sæti í A-deild | 2003 1. sæti í A-deild |

Karlalið Hauka er búið að vinna sjö meistaratitla á síðastliðnum áratug:

# 25 ára og með sex meistaratitla

**HANDBOLTI** Haukarnir urðu í gær aðeins annað handboltafélagið frá upphafi sem vinnur sjö Íslandsmeistaratitla í karlaflokki á einum áratug. Haukar biðu í 57 ár milli Íslandsmeistaratitils númer eitt (1943) og tvö (2000) en hafa síðan unnið sex titla til viðbótar. Haukar bættust þar með í hóp Valsmanna sem unnu titilinn sjö sinnum frá 1988 til 1996.

Einn leikmaður Haukaliðsins hefur verið með í öllum titlunum nema einum. Andri Stefan Guðrúnarson var ekki kominn upp í meistaraflokk þegar Haukarnir unnu titilinn árið 2000 en hefur verið með liðinu síðan og aldrei í stærra hlutverki en einmitt nú.



**SIGURTILFINNINGIN** Andri Stefan var kátur í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Andri varð 25 ára í janúar og hefur því nægan tíma til þess að bæta við Íslandsmeistaratitlum í safnið.

„Ég er búinn að ná Jóni Karli og Halldóri Ingólfs,“ sagði hann kátur í viðtali eftir að titillinn var í höfn en þeir Jón Karl og Halldór lögðu skóna á hilluna eftir að hafa unnið í sjötta sinn í fyrra.

Birkir Ívar Guðmundsson varði frábærlega í lokaúrslitunum, en hann varð Íslandsmeistari í fjórða sinn. Haukarnir hafa unnið 26 af 31 leik í úrslitakeppni með hann í markinu. - óój






**PESPI-DEILD KARLA 2009** Þjálfarar liðanna í deildinni í sumar, allir nema Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Verja titilinn í ár

**Karlaliði FH og kvennaliði Vals var í gær spáð Íslandsmeistaratitlinum í árlegri spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna. Miðaverð verður lækkað í sumar.**

**FÓTBOLTI** Íslandsmótið í fótbolta fer af stað um næstu helgi og í gær hittust allir sem að deildinni koma og fóru yfir sumarið saman. Pepsi-deild kvenna hefst á laugardaginn en Pepsi-deild karla fer í gang á sunnudaginn.

Íslandsmeisturunum var spáð Íslandsmeistaratitlinum sjöunda árið í röð í úrvalsdeild karla en undanfarin tvö ár hefur spáin ekki gengið eftir. FH fékk góða kosningu í fyrsta sætið en athygli vakti að Keflavík er spáð 2. sæti þrátt fyrir mikinn leikmannamissi en Val er spáð aðeins 4. sæti þrátt fyrir að hafa bætt við sig mörgum leikmönnum. Stjörnunni og Þrótti var spáð falli.

Kvennalið Vals hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn undanfarin þrjú ár í úrvalsdeild kvenna og samkvæmt spánni á það ekki að breytast í Pepsi-deild kvenna. Það munaði þó ekki nema fjórum stigum á Val og Breiðabliki sem er spáð 2. sætinu. Athygli vakti að bikarmeisturum KR er aðeins spáð 6. sætinu en liðið hefur misst mjög marga leikmenn milli tímabila. Keflavík og nýliðum ÍR var spáð falli úr deildinni.

Það kom fram á fundinum að miðaverð á leikina verði lækkkað úr 1.500 í 1.200 krónur og að KSÍ og Háskólinn í Reykjavík hefðu hafið samstarf um að bæta líkamlegan og andlegan þátt dómara deildanna sem munu klæðast sérhönnuðum Henson-búningum í sumar.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, endaði síðan kynningarfundinn á léttu nótunum með því að skála í Pespi. ooj@frettabladid.is

### SPÁIN FYRIR PEPSI-DEILD KARLA OG KVENNA Í SUMAR

**Karlar**

| | |
|---|---|
| 1. FH | 420 stig |
| 2. Keflavík | 354 |
| 3. KR | 345 |
| 4. Valur | 340 |
| 5. Fram | 246 |
| 6. Breiðablik | 242 |
| 7. Grindavík | 216 |
| 8. Fylkir | 193 |
| 9. Fjölnir | 142 |
| 10. ÍBV | 113 |
| 11. Þróttur | 101 |
| 12. Stjarnan | 96 |

**Konur**

| | |
|---|---|
| 1. Valur | 280 stig |
| 2. Breiðablik | 276 |
| 3. Þór/KA | 224 |
| 4. Stjarnan | 212 |
| 5. Fylkir | 191 |
| 6. KR | 155 |
| 7. Aftureld./Fjölnir | 110 |
| 8. GRV | 83 |
| 9. Keflavík | 75 |
| 10. ÍR | 44 |



**PESPI-DEILD KVENNA 2009** Þjálfarar liðanna í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## EINIBERJAKRYDDAÐ LÚXUS LAMBALÆRI FRÁ KJARNAFÆÐI

**10% AFSLÁTTUR**

MERKT VERÐ 1.554 KR./KG

# 1.398




## VILLIBRÁÐAKRYDDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR FRÁ KJARNAFÆÐI

**10% AFSLÁTTUR**

MERKT VERÐ 1.998 KR./KG

# 1.799







# 399

## KOFAREYKT SVEITABJÚGU FRÁ KJARNAFÆÐI

**20% AFSLÁTTUR**

MERKT VERÐ 499 KR./PK

## LOGANDI GOTT Á GRILLLIÐ!




# 598

## BÓNUS BBQ SVÍNABÓGSNEIÐAR, REYKTAR

**10% AFSLÁTTUR**

MERKT VERÐ 665 KR./PK

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

**OPIÐ:** FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

# Úrslitaleiknum stolið af Chelsea

**Andres Iniesta og norski dómarinn Tom Henning Øvrebø lögðu grunninn að ótrúlegu ráni á Stamford Bridge í gær. Barcelona náði ekki að opna vörn Chelsea í 180 mínútur en komst samt í úrslit Meistaradeildarinnar. Eitt skot dugði til. Einnig hjálpaði að Øvrebø dæmdi ekki augljósar vítaspyrnur á Barcelona.**

**FÓTBOLTI** Annað árið í röð endar þátttaka Chelsea í Meistaradeildinni í tárum. Það var aðeins ein mínúta eftir af uppbótartíma á Stamford Bridge í gær þegar Andres Iniesta náði frábæru skoti fyrir utan teig sem söng í netinu.

Barcelona-menn voru þá einum færri eftir að Abidal fékk rauða spjaldið á 66. mínútu. Þetta útivallarmark tryggði Barcelona sæti í úrslitaleiknum gegn Man. Utd en lokatölur leiksins voru 1-1. Fyrri leiknum lyktaði með markalausu jafntefli.

Michael Essien kom Chelsea yfir í leiknum á 9. mínútu með einu glæsilegasta marki keppninnar í ár. Tók boltann á lofti fyrir utan teig og smellti honum í slána og inn: Draumamark.

Chelsea fékk svo sannarlega færi til þess að skora fleiri mörk. Drogba fékk samt besta færið en lét verja frá sér í dauðafæri. Það voru þó vítin sem Chelsea fékk ekki sem standa upp úr.

Chelsea-menn kröfðust þess að fá víti fjórum eða fimm sinnum í leiknum. Oftast höfðu þeir lítið til síns máls en að minnsta kosti í tvígang áttu þeir að fá vítaspyrnu þegar boltinn fór í hönd leikmanna Barcelona. Í bæði skiptin var Øvrebø vel staðsettur en sá samt ekki ástæðu til þess að flauta Chelsea-mönnum til mikillar gremju.



**REIÐUR** Michael Ballack var foxillur út í hinn norska Øvrebø sem mun líklega ekki fara í frí til London. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**HETJAN** Þrumufleygur Andres Iniesta á 93. mínútu skaut Barcelona í úrslit Meistaradeildarinnar þetta árið. Skot Iniesta var eina skot Barcelona á markið allan tímann. Hann fagnaði að vonum vel. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Þeir létu líka reiði sína bitna á Norðmanninum sem starfar sem sálfræðingur á daginn. Ballack vildi fá víti undir lokin og elti Øvrebø uppi þar sem hann dæmdi ekki. Stjakaði við honum og öskraði í eyra hans. Ótrúleg uppákoma.

Eftir leikinn gerðu leikmenn liðsins síðan aðsúg að Norðmanninum þar sem Didier Drogba gekk lengst allra með skammarlegu athæfi. Hann má búast við því að fá leikbann fyrir hegðun sína.

Klárasta vítið var þegar boltinn fór augljóslega í hönd Gerards Pique, fyrrverandi leikmanns Man. Utd. „Ef ég á að vera heiðarlegur þá fór boltinn í hendina á mér. Dómarinn má gera það sem hann vill, hann dæmdi ekki og það ber að virða hans ákvarðanir,“ sagði Pique sem bíður spenntur eftir að mæta sínum gömlu félögum í úrslitaleiknum.

Guus Hiddink, stjóri Chelsea, var svekktur út í sína menn fyrir að nýta færin ekki betur og viðurkenndi að Chelsea hefði átt að klára leikinn. Hann var samt svekktur yfir að hafa ekki fengið nein víti. „Við áttum að fá fjögur víti í þessum leik og strákunum finnst þetta ekki sanngjarnt,“ sagði Hiddink sem er til í að verja hegðun sinna manna eftir leikinn.

„Ég skil vel hversu svekktir strákarnir voru og menn missa sig þegar adrenalínið rennur um líkamann. Ég mun verja þá í þessu máli þar sem adrenalínið réð ferðinni. Við áttum samt að klára þennan leik sjálfir,“ sagði Hollendingurinn. henry@frettabladid.is



**ARON KRISTJÁNSSON** Hefur staðið sig frábærlega sem þjálfari Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslandsmeistarar Hauka:

## Nokkuð breytt lið næsta vetur

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka munu mæta með nokkuð breytt lið til leiks næsta vetur.

Fyrirliðinn Arnar Pétursson er hættur og Kári Kristján Kristjánsson er á leið í atvinnumennsku. Svo er Freyr Brynjarsson að íhuga framhaldið og Elías Már Halldórsson er að skoða þann möguleika að komast að hjá erlendu félagi.

Bestu tíðindin fyrir Hauka eru þó þau að Sigurbergur Sveinsson ætlar að leika áfram með félaginu en hann var orðaður við erlend félög.

Þeir Birkir Ívar Guðmundsson, Einar Örn Jónsson og Gunnar Berg Viktorsson munu einnig spila áfram með meisturunum.

Aron Kristjánsson þjálfari býst við því að halda áfram en semja þarf upp á nýtt.

„Ég var með þriggja ára samning en allar forsendur þess samnings eru brostnar,“ sagði Aron sem tók á sig 35 prósenta launalækkun líkt og leikmenn liðsins í vetur.

Aron sagðist hafa áhuga á því að halda áfram en Haukarnir vilja eflaust ólmir halda Aroni sem hefur gert Haukana að Íslandsmeisturum bæði árin sem hann hefur þjálfað liðið. Hann hefur þess utan blásið miklu lífi í félagið og stuðlað að bættri umgjörð. - hbg



**GUÐJÓN VALUR** Lék vel fyrir Löwen í gær. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Þýski handboltinn:

## Löwen komið í annað sætið

**HANDBOLTI** Þrátt fyrir misjafnt gengi í vetur þá er Íslendingaliðið Rhein-Neckar Löwen komið í annað sætið í þýsku úrvalsdeildinni.

Guðjón Valur Sigurðsson og félagar í Löwen rúlluðu yfir Wetzlar, 35-27, í gær og tryggðu sér með sigrinum annað sætið en Hamborg færðist í það þriðja.

Guðjón Valur skoraði fimm mörk í leiknum og þar af komu tvö úr vítum.

Annað Íslendingalið, Lemgo, tapaði aftur á móti óvænt á heimavelli fyrir Nordhorn, 30-38. Vignir Svavarsson skoraði eitt mark fyrir Lemgo í leiknum.

Lemgo er í fjórða sæti deildarinnar. - hbg




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

# ÍSLENSKAR GÆÐAVÖRUR




359-
BÓNUS MÖFFINS 500 G

359-
BÓNUS VÍNARBRAUÐ 500 G

198-
BÓNUS MJÓLKURKEX 600 G

98-
BÓNUS HAFRAKEX 200 G

298-
BÓNUS MATARKEX 1 KG

359-
BÓNUS VANILLU KREMKEX 1 KG

359-
ORA FISKBÚÐINGUR 1/1 DÓS

279-
ORA FISKBOLLUR 1/1 DÓS

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

## > Calista Flockhart

„Í hvert sinn sem ég hef þurft að flytja hef ég fengið þá óþægilegu tilfinningu að ég hafi skilið eftir hluta af mér á gamla staðnum. Ég forðast því að skipta um húsnæði.“

***Flockhart leikur Kitty Walker í þættinum Bræður og systur en í kvöld hefst ný sería í Sjónvarpinu.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ BEAU BRIDGES STANDA SIG VEL Í DESPERATE HOUSEWIVES**

# *Eftirminnilegur aukaleikari*

Desperate Housewives hafa ekki verið í forgangi hjá mér þegar kemur að sjónvarpsáhorfi en undanfarið hef ég gefið þáttunum aukinn gaum og sé ekki eftir því.

Síðasti þáttur var til að mynda einn sá besti í langan tíma, enda kom gæðaleikarinn Beau Bridges þar við sögu. Kom það í sjálfu sér ekki til af góðu því persóna hans, Eli Scruggs, andaðist í þættinum. Horft var um öxl og fjallað um samskipti hans við aðalleikkonurnar á meðan hann var enn á lífi og starfaði sem þúsundþjalasmiður í hverfinu. Eli hans var góðmennskan holdi klædd og var kvennastóðinu haukur í horni þegar kom að úrlausn hinna ýmsu vandamála sem herjuðu að þeim, bæði í einkalífinu og þegar kom að því að dytta að húsinu þeirra. Hin góðu ráð hans voru mikils metin og var hans sárt saknað af vinkonunum þegar hann hvarf yfir móðuna miklu, daginn sem hann ætlaði að leggjast í helgan stein.

Gaman hefði verið að sjá Eli Scruggs oftar koma við sögu í Desperate Housewives enda kryddaði hann þennan eina þátt sérlega vel. Vel skrifaðar aukapersónur í þáttum sem þessum eru afar mikilvægar og brjóta upp rútínuna sem skapast þegar þeir eru sýndir ár eftir ár.

Beau Bridges sýndi þarna og sannaði að þar er góður leikari á ferð, sem hefur þó mestallan feril sinn þurft að láta sér nægja hin ýmsu aukahlutverk. Yngri bróðir hans, Jeff, og faðirinn sálugi, Lloyd, eru þekktari nöfn með stærri hlutverk á ferilsskránni en þegar leikarar stela senunni eins og Beau gerði í Desperate Housewives skiptir ekki máli hvort menn eru aðal- eða aukaleikarar. Mestu skiptir að einhver muni eftir frammistöðunni þegar slökkt hefur verið á sjónvarpsskjánum.



**BEAU BRIDGES** Leikarinn Beau Bridges lék Eli Scruggs á eftirminnilegan hátt í Desperate Housewives.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.20 Game Tíví** SKJÁREINN



▶ **19.50 The O.C.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.05 Hell's Kitchen** STÖÐ 2



▶ **20.30 F1. Við rásmarkið** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.15 Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fjallgangan** (e)

**17.45 Tómas og Tim** (1:16)

**17.55 Stundin okkar** (e)

**18.25 Meistaradeildin í hestaíþróttum** Umsjónarmenn eru Brynja Þorgeirsdóttir og Unnur Birna Vilhjálmsdóttir.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Bræður og systur** (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Aðalhlutverk: Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.

**21.05 Þegar á reynir** (1:3) Fræðsluefni frá Rauða krossi Íslands. (e)

▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst.

**22.45 Anna Pihl** (Anna Pihl) (2:10) (e)

**23.30 Kastljós** (e)

**00.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Spin**

**10.00 Knights of the South Bronw**

**12.00 American Dreamz**

**14.00 Spin**

**16.00 Knights of the South Bronw**

**18.00 American Dreamz**

**20.00 Little Miss Sunshine** Fjölskylda leggur upp í langferð til að láta draum yngsta meðlims fjölskyldunnar rætast: að taka þátt í fegurðarsamkeppni.

**22.00 The Da Vinci Code**

**00.25 Te doy mis ojos (Take My Eyes)**

**02.10 The Notorious Bettie Page**

**04.00 The Da Vinci Code**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Litla risaeðlan, Elías og íkornastrákurinn.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Project Runway** (13:15)

**11.00 The Amazing Race** (13:13)

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (184:260)

**13.25 Wings of Love** (54:120)

**14.10 Wings of Love** (55:120)

**14.55 Ally McBeal** (24:24)

**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, A. T.O.M., Bratz og Elías.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (22:23) Monica og Chandler komast að því að þau muni að öllum líkindum ekki geta getið barn náttúrulega og fara því að leita sæðisgjafa.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.05 Veður**

**19.10 Markaðurinn með Birni Inga**

**19.40 The Simpsons** (8:22) Ferð fjölskyldunnar á bókamarkað með notuðum bókum hefur mikil áhrif á Springfield þar sem Hómer kemst yfir Duff-heimsmetabókina. Springfield tekst að setja heimsmet sem enginn væri stoltur af nema íbúar bæjarins.

▶**20.05 Hell's Kitchen** Gordon Ramsey er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi.

**20.50 The Mentalist** (13:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.

**21.35 Twenty Four** (15:24)

**22.20 The Living Daylights**

**00.30 Damages** (9:13)

**01.10 Tough Luck**

**02.35 Le petit lieutenant**

**04.25 Plague City**

**06.00 Friends** (22:23)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Chelsea - Barcelona** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**08.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**13.00 PGA Tour 2009 - Wachovia Championship** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**13.55 Inside the PGA Tour 2009**

**14.20 Chelsea - Barcelona** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**16.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**16.20 Shakhtar Donetsk - Dynamo Kyiv** Bein útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

**18.30 HSV - Werder Bremen** Bein útsending frá leik í undanúrslitum Evrópukeppni félagsliða.

▶**20.30 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir komandi keppni. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.

**21.00 Upphitun** Hitað upp fyrir Úrvalsdeild karla.

**22.00 NBA-tilþrif**

**22.30 F1. Við rásmarkið**

**23.00 Shakhtar Donetsk - Dynamo Kyiv** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

**00.40 HSV - Werder Bremen** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Liverpool - Newcastle** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.00 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.30 Goals of the Season 2006** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**21.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**22.40 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**23.10 Man. City - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.10 Nýtt útlit** (8:11) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**12.00 Nýtt útlit** (8:11) (e)

**12.50 Óstöðvandi tónlist**

**18.10 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.55 The Game** (5:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

▶**19.20 Game Tíví** (14:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 All of Us** (4:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd.

**20.30 The Office** (17:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem bestu gamanþættirnir. Michael reynir að finna nýjan lærling fyrir skrifstofuna á meðan Jim, Andy og Kevin fara í golf í von um að ná í mikilvægan viðskiptavin.

**21.00 Boston Legal** (10:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston. Rómantískur kvöldverður hjá Shirley Schmidt og Carl Sack tekur óvænta stefnu þegar samstarfsfólkið mætir á staðinn. Samræðurnar breytast í rifrildi þegar tekist er á um hitamál svo sem kynþáttamisrétti og efnahagsmál og jafnvel dauðann ber á góma.

**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (7:22)

**22.40 Jay Leno**

**23.30 America's Next Top Model** (7:13) (e)

**00.20 Painkiller Jane** (12:22) (e)

**01.10 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Gestir þáttarins eru á öndverðum meiði í pólitík.

**21.00 Maturinn og lífið** Fritz Jörgensen fær til sín góðan gest og ræðir um matarmenninguna.

**21.30 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir fjallar um málefni neytenda.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 21.35

**Twenty Four**

Sjöunda þáttaröðin af einu vinsælasta efni Stöðvar 2 frá upphafi. Þegar Jack Bauer sneri aftur frá Afríku þar sem hann starfaði sem trúboði og málaliði, var hann handtekinn og dreginn fyrir rétt. CTU hafði verið lagt niður og nýr forseti tekinn við völdum í Bandaríkjunum og áhrif hans á æðstu valdastöðum því dvínandi. Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Law & Order: Criminal Intent**

### Skjár Einn kl. 21.50

Ung kona er pyntuð og myrt í íbúð sinni. Hún var rithöfundur sem var um það bil að slá í gegn. Goren og Eames reyna að komast að því hvort morðinginn leynist meðal bókmenntafólksins sem hún var nýbyrjuð að umgangast eða gömlu vinanna úr hverfinu sem hún var að reyna að flýja.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Gullmolar úr hljóðritasafninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Einn stór sprengisandur- Afganistan í endursýn
**23.10** Kvöldtónar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (183:260)
**17.15 Hollyoaks** (184:260)
**17.45 The O.C.** (20:27)
**18.35 Seinfeld** (12:22)
**19.00 Hollyoaks** (183:260)
**19.25 Hollyoaks** (184:260)
**19.50 The O.C.** (20:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**20.35 Seinfeld** (12:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Gossip Girl** (14:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartíi.
**22.45 Grey's Anatomy** (20:24) Fimmta sería þessa vinsæla dramaþáttar.
**23.30 Idol stjörnuleit** (11:14)
**01.10 Fréttir Stöðvar 2**
**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Jonathan Creek **10.55** Jonathan Creek **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder the Third **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder the Third **19.10** Dalziel and Pascoe **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** Blackadder the Third **21.20** My Hero **21.50** Dalziel and Pascoe **22.40** Jonathan Creek **23.30** Jonathan Creek

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** Mission. Baby **12.00** Tretten børn og flere i vente **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.40** S, P eller K **13.50** Boogie Update **14.20** S, P eller K **14.30** Monster allergi **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Small Faces **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** DR1 Dokumentaren **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Til døden jer skiller **21.05** Columbo **22.35** Backstage **23.05** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Forbrukerinspektørene **10.40** Min tur - Kringlebotn **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Danske vidundere **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Sørens ønskestøvler **16.05** Fritt fram **16.30** Plipp, Plopp og Plomma **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Pakket og klart **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Menneskejegeren **20.20** Uti vår hage 2 **20.50** Du skal høre mye ... mer **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Da pengane erobra verda **22.35** Spooks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Fotbollsakademin **10.35** Så ska det låta **12.15** Plus Europa **13.15** Fråga doktorn **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mäklarna **15.25** Mat och grönt på Friland **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Draknästet **20.00** Debatt **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Uppdrag Granskning **22.00** Taxi **22.30** Tonårsliv **23.00** Sändningar från SVT24



*Martinelli hvíttuð eik og 30x60cm Champion flísar*

# Gólfefnaúrval í Múrbúðinni

**Nú borgar sig að gera gæða- og verðsamanburð!**


Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm
**3.590** kr. pr. m²


Martinelli, 3 stafa Eik hvíttuð, olíuborin 2200x189x14mm
**3.990** kr. pr. m²


Steirer, Austurískt, 3 stafa Hnota 2200x182x14x4mm
**7.290** kr. pr. m²


Steirer, Austurískt, 3 stafa Eik 2200x182x14x4mm
**4.495** kr. pr. m²


New plastparket, Eik, rakavarið 1214x193x8,3mm
**1.795** kr. pr. m²


New plastparket, Beiki, rakavarið 1214x193x8,3mm
**1.795** kr. pr. m²


Vegg, Princess, hvít, 20x45cm
**2.790** kr. pr. m²


Vegg, Princess, svört, 20x45cm
**2.350** kr. pr. m²


Steinskífa Mustang 30x60
**3.990** kr. pr. m²

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM


Gólf, Sunrise Beige, 33x66cm
**2.990** kr. pr. m²


Gólf, Regina, brún 33,3x33,3cm
**1.950** kr. pr. m²

**Reykjavík, Klettháls 7:** Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
**Suðurnes, Fuglavík 18:** Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Akureyri, Furuvellir 15:** Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*
*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

## MORGUNMATURINN



*„Það er Solgryn hafragrautur með rúsínum. Stundum kemur fyrir að ég verð smá flippaður og fæ mér banana með.“*

Arnar Jónsson tónlistarmaður.

# Gerir betur en Björk, Bubbi og Egill Ólafs

„Þetta er náttúrulega eins og maðurinn segir, allt eftir því hvernig á það er litið. En Maggi [Magnús Einarsson, útvarps- og tónlistarmaður] var eitthvað að skoða þetta, lét mig hafa listann og þá kom á daginn að ég hef komið við sögu á 19 af þessum plötum,“ segir Tómas Tómasson tónlistarmaður hógvær að vanda.

Á tónlist.is hefur að undanförnu staðið yfir val á 100 bestu plötum Íslandssögunnar og 25. apríl síðastliðinn sló Mogginn því upp að Egill Ólafsson tengist ellefu þeirra og geri betur en Björk, Bubbi og Sigur Rós. Egill var af því tilefni í viðtali við Mogga og að vonum kátur með að teljast öflugastur íslenskra dægurtónlistarmanna. „Ég er bara alveg í skýjunum yfir þessu,“ sagði Egill.

En þarna er vaðið yfir manninn sem skýtur öllum ofangreindum ref fyrir rass. Tómas segir aðspurður það orðum aukið að vaðið sé yfir sig af sínum gamla félaga í Stuðmönnum og Þursaflokknum. „Nei, nei, þetta var tilkynning frá tónlist.is. Egill er saklaust fórnarlamb í þessu – blásaklaus forsöngvari.“ Hann segist ekki ætla að bera ábyrgð á því hvort hann sé konungur hundrað laga listans, hefur ekki kannað það sérstaklega og bendir á að félagi sinn, Ásgeir Óskarsson, hafi verið afskaplega vinsæll í hljóðverum. „Þessar plötur eru mikið til frá sama tímabili. Golden Days hjá mér í upptökuverinu – án þess að ég sé að segjast hættur.“

Plöturnar sem Tómas hefur komið að ýmist sem hljóðfæraleikari, upptökumaður eða upptökustjóri eru eftirfarandi: Fjórar plötur Þursaflokksins, þrjár með Stuðmönnum, Í góðri trú með Megasi, Rokk í Reykjavík, Einu sinni var – vísnaplatan, Kona/Dögun/Fingraför með Bubba, Ímynd og Breyttir tímar með Egó, Bein leið með KK, Gling Gló Bjarkar, 1. plata Spilverksins og Álfar Magnúsar Þórs. **- jbg**



**TÓMAS TÓMASSON** Egill Ólafsson hefur verið sagður konungur hundrað platna listans en félagi hans úr Þursunum skýtur honum ref fyrir rass.



**LÁRÉTT**
**2.** löngun, **6.** eftir hádegi, **8.** hallandi, **9.** ringulreið, **11.** gat, **12.** mælieining, **14.** mögla, **16.** tveir eins, **17.** sódi, **18.** eyrir, **20.** karlkyn, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** snap, **3.** þys, **4.** tegund af brauði, **5.** fjör, **7.** líkn, **10.** keraldi, **13.** mælieining, **15.** sót, **16.** flan, **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lyst, **6.** eh, **8.** ská, **9.** tjá, **11.** op, **12.** lúmen, **14.** kurra, **16.** rr, **17.** gos, **18.** aur, **20.** kk, **21.** snúa.

**LÓÐRÉTT: 1.** betl, **3.** ys, **4.** skonrok, **5.** táp, **7.** hjúkrun, **10.** ámu, **13.** erg, **15.** aska, **16.** ras, **19.** rú.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Haukar frá Hafnarfirði.
2. Dom DeLouise.
3. Ásdís Rán Gunnarsd. fyrirsæta.

Auglýsingasími 512 5050

**MARÍA BJÖRK:** SUSHI-FERÐ EUROVISION-STJÖRNU TÓK ÓVÆNTA STEFNU

# Trukkur keyrði á Jóhönnu Guðrúnu í miðbæ Moskvu

„Við vorum bara á leiðinni á japanskt veitingahús í miðbænum og ætluðum að fá okkur sushi. Þegar við vorum um það bil að stíga út úr bílnum kom bara einhver trukkur og keyrði aftan á okkur,“ segir María Björk, umboðsmaður Jóhönnu Guðrúnar, Eurovison-stjörnu Íslendinga. Í bílnum voru auk Maríu og Jóhönnu, fararstjóri og bílstjóri en allir sluppu ómeiddir frá atvikinu. Bílstjórinn umræddi stakk hins vegar af og hefur ekkert til hans spurst. María bætir því að þær stöllur hafi orðið að fá sér eitthvað gott í gogginn enda sé rússneskur matur ekki alveg eftir þeirra höfði.

Hins vegar hefur allt gengið að mestu leyti vel í þá fjóra daga sem Eurovision-föruneytið hefur dvalist í Moskvu. Jóhanna hefur vakið mikla athygli og bæði blaðamenn og ljósmyndarar eru áhugasamir um þennan unga söngfugl frá Íslandi. Einhverjir hnökrar eru hér og þar því samkvæmt þéttskipulagðri dagskrá liðsstjórans Jónatans Garðarssonar var gert ráð fyrir því að hópurinn gæti losað um stressið og álagið með því að grípa í lóðin í líkamsræktarsal Cosmos-hótelsins en þar er aðsetur Eurovision-hópsins. Það gleymdist aftur á móti að taka með í reikninginn að borga þarf sérstaklega fyrir hvern og einn dag, litlar tvö þúsund krónur. Og kreppuþjáðir Íslendingar verða að hugsa um hverja einustu krónu. María segir þetta vissulega svekkjandi. „Jóhanna og Yesmine Olsson nýta sér salinn á hverjum degi,“ segir María en ekki er útilokað að Yesmine taki restina af hópnum í útileikfimi að hætti Bootcamp í garði sem er í nágrenni hótelsins. „Já, það ætla ég svo sannarlega að vona að hún geri enda nauðsynlegt fyrir þá sem eru á sviðinu með Jóhönnu að vera í góðu formi.“

María fer ekkert of fögrum orðum um hótelið en viðurkennir að miðað við mörg önnur hús í Moskvu þá sé það ekkert slor. „Þetta hefur þótt fínt fyrir svona þrjátíu árum, enginn Hilton-stíll yfir þessu en voðalega dúllulegt, með blómamunstrum á rúmteppunum,“ segir María og virðist hafa gaman af. Jóhönnu hefur annars gengið vel að vekja athygli á sjálfri sér. Sem skiptir miklu máli þegar í keppnina er komið. Hún var meðal annars í viðtali við rússneska ríkissjónvarpið í gær, fór á þjóðminjasafnið í höfuðborginni, klæddi sig í þarlendan þjóðbúning og söng bút úr laginu Is it True? á rússnesku. „Þetta verður í fréttunum á föstudag og verður síðan notað til að kynna lagið.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**ÁREKSTUR Í MOSKVU** María Björk og Jóhanna Guðrún sluppu ómeiddar frá árekstri í miðbæ Moskvu þegar pirraður Rússi á jeppa keyrði aftan á bíl þeirra fyrir utan sushistað. Hér er Jóhanna með Yesmine Olsson en þær fara saman í ræktina á hverjum degi, þrátt fyrir að það kosti tvö þúsund krónur í hvert skipti. FRÉTTABLAÐIÐ/ALMA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Idol-flokkur Stöðvar 2 ætlar ekki að láta sitt eftir liggja nú þegar Eurovision-æði er að grípa landsmenn. Næsta föstudag verður Eurovision-þema nú þegar aðeins eru eftir þrír þátttakendur; Anna Hlín, Hrafna og Lísa. Og hver er betri til að framkalla Eurovision-stemninguna annar en **Eiríkur Hauksson** hokinn af reynslu sem þátttakandi og sérfræðingur um fyrirbærið. Hann verður sérlegur gestur og álitsgjafi næsta þáttar auk þess sem hann mun endurtaka leikinn frá minningartónleikum um Rúnar Júlíusson. En allt ætlaði um koll að keyra þegar hann flutti Sumarið er tíminn, gamla GCD-lagið, og gerði að sínu eins og sagt er í Idolinu.



**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** er ekki lengur í hringiðu stjórnmálanna eins og allir sem til þekkja vita. En hún lætur þó ekki deigan síga og stundar nú líkamsrækt af kappi í World Class úti á Nesi. En þar æfir einmitt hennar gamli makker við stjórn landsins, Geir Hilmar Haarde, og má ætla að þau hafi um eitt og annað að spjalla á hlaupabrettinu: ástand og horfur.

Það má búast við góðri mætingu og fjörugum umræðum í sal Borgarhólsskóla á Húsavík í kvöld. Kvikmyndin Draumalandið verður sýnd og á eftir situr leikstjórinn **Andri Snær Magnason** fyrir svörum ásamt fulltrúa frá Alcoa. Ekki er búist við því að Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verði meðal gesta en Húsvíkingar vildu eflaust leggja eina eða tvær spurningar fyrir hann.



**- jbg, hdm**

Opið í veitingahúsinu í kvöld, annaðkvöld og laugardagskvöld
Nýr matseðill í veitingahúsi alla miðvikudaga
Veisluþjónusta: brúðkaup, erfidrykkjur, afmæli, skírn, fermingar ofl.
Fjölskyldufyrirtæki í 15 ár
Gallerý fiskur
Opið í fiskbúðinni mán - fös 10:00-18:30 lokað um helgar
www.galleryfiskur.is
Nethyl 2, 110 Reykjavík. S: 587-2882

# Sumargleðin mætir Sigur Rós

„Þetta er ekki staðfest en það eru allar líkur á því að þetta gangi eftir,“ segir Felix Bergsson, annar af stjórnendum Popppunkts. Opnunarleikur þessar sívinsælu spurningakeppni tónlistarmanna ætti að vera sögulegur í meira lagi því flest bendir til að hann verði milli Sumargleðinnar, með þá Hemma Gunn, Þorgeir Ástvalds og Ómar Ragnarsson innanborðs, og súperstjarnanna í Sigur Rós.

Sigur Rós hefur aldrei tekið þátt í Popppunkti, þeir félagar hafa verið uppteknir við tónleikaferðalög um heiminn þegar upptökur hafa farið fram á þættinum. Felix skoraði á Sigur Rós í samtali við Fréttablaðið fyrir skemmstu að láta slag standa í ár og drengirnir virðast hafa tekið þeirri áskorun. Felix viðurkennir aftur á móti að fjögurra manna hljómsveitir séu alltaf erfiðastar viðureignar því rígur getur komið upp á milli manna um hvaða þrír meðlimir eigi að vera sverð, skjöldur og sómi sveitarinnar.

Undirbúningur er nú í fullum gangi og fjölmargir hafa lýst yfir áhuga sínum á að fá að keppa um þennan eftirsóknarverða titil: gáfaðasta band landsins. „Það vilja bara allir vera með en við erum alveg staðráðnir í því að búa til nýja seríu þar sem nýjar sveitir fá að spreyta sig,“ segir Felix. Of langt mál færi í að telja upp allar þær sveitir sem koma við sögu í Popppunkti ársins en meðal þeirra helstu má nefna Baggalút, Jeff Who?, Múm, Veðurguðina, Buffið, Ljótu hálfvitana, Hvanndalsbræður og Sprengjuhöllina. „Og svo má ekki gleyma Euroband-inu og Elektra,“ skýtur Felix inn í. **- fgg**



**NÝ ANDLIT** Felix Bergsson boðar ný andlit í Popppunkti.



**HATRÖMM BARÁTTA** Sumargleðin með Hemma Gunn, Þorgeir Ástvalds og Ómar Ragnarsson innanborðs etur kappi við Sigur Rós í opnunarleik Popppunkts.



OUTLET CENTER
FAXAFEN 8
SÍMI 534 4450
STUTTERMABOLUR
st: xs-xxl verð áður: 990
verð: 990,-
HETTUPEYSA DÖMU OG HERRA
St:xxs-l Verð áður: 2.490,-
Verð nú: 990,-
MIKIÐ ÚRVAL AF BARNAVÖRU
Verð frá: 99,-
MIKIÐ ÚRVAL AF LEE OG WRANGLER
MIKIÐ ÚRVAL AF NYLON SOKKARBUXUR
Verð áður: 990 Verð nú: 499,-
LEGGINGS MIKIÐ ÚRVAL
St:xs-l bómull
Verð frá: 1.490,-
YFIR 300 STÖK PÖR Á AÐEINS 999.-
3.999
3.999
3.999
3.999
2.999
4.999
3.999
3.999
4.999
4.999
2.999
999
999
999
OPIÐ ALLA DAGA
$11^{00}$ - $18^{00}$
SUNNUDAGA
$12^{00}$ - $17^{00}$

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

**MEST LESIÐ:** vísir.is …ég sá það á visir.is

Fjölskylda Ragnars í sjokki
Hústökufólkið snýr aftur á Vatnsstíg
Miðbaugsmaddaman aftur í gæsluvarðhald
Íslensku bankarnar eiga 90% af bankagjaldþrotum Evrópu



**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

## Biðin langa

„Má bjóða þér að bíða?“ spyr ritarinn í símanum þegar sá sem ég er að reyna að ná í reynist vera upptekinn. Jú, ég bíð og leiðinleg tónlist glymur í eyranu á mér. Mér leiðist að bíða. Það er erfitt að geta ekki haft áhrif á gang mála, vopnin eru slegin úr höndum manns og maður hangir í lausu lofti.

**MEÐAN TÓNLISTIN** vermir á mér eyrnagöngin er mér litið út um gluggann á regnið sem hendist niður á stéttina og safnast í polla. það hefur rignt frekar mikið undanfarið. Ég er að bíða eftir að það stytti upp svo ég geti brugðið mér út undir ferskt loft. Bíða eftir að sólin fari að skína, það sjái í heiðan himin og það fari að vora almennilega.

**MÉR** er farið að leiðast í símanum en ekkert lát er á tónlistinni. Engin rödd sem segir mér númer hvað ég er í röðinni svo ég endist frekar á línunni, bara tónlist. Ég urra í símtólið að ég hafi ekki allan daginn en það heyrir auðvitað enginn í mér, svo ég bíð. Það versta er að ég verð nauðsynlega að ná í viðkomandi svo ég get ekki leyft mér að skella á. Erindið er áríðandi og þolir enga bið, ég er því að verða vitlaus á að bíða.

**ÞEGAR** lagið í símanum rúllar í fimmta eða sjötta skiptið er ég farin að kunna textann utan að. Mér líkar ekki hvernig ég er algerlega upp á símtólið komin og regnið sem lemur rúðuna bætir ekki úr skák. Hvers lags ókurteisi er þetta að láta mann bíða svona? Öll þjóðin er í hálfgerðu limbói, að bíða eftir að sitjandi stjórn ákveði loks að sitja áfram eins og hún var kosin til. Bíða eftir að hún taki af skarið, bíða eftir einhverjum björgunarhringjum verði kastað til okkar og það fari loks að stytta upp í kreppuúrhellinu.

**ÉG KREISTI** símtólið í reiði minni en get lítið gert. Pollarnir á stéttinni hjá mér hafa stækkað, nokkrir þeirra hafa náð saman og mynda stöðuvötn og litlir lækir flæða saman í stórfljót. Ef biðinni fer ekki að ljúka verður bráðum ófært út úr húsi.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 7. maí, 127. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.39 | 13.24 | 22.12 |
| Akureyri | 4.09 | 13.09 | 22.12 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Með leyfi AVALON PROMOTIONS & LIBERTY BELL
GRUMPY OLD WOMEN LIVE




Fúlar á móti
í Íslensku óperunni
Þrjár fyndnustu leikkonur landsins saman á sviðinu!

ALLT AÐ SELJAST UPP!
7. MAÍ - UPPSELT
8. MAÍ - UPPSELT
9. MAÍ - UPPSELT
10. MAÍ - UPPSELT
14. MAÍ - UPPSELT
15. MAÍ - UPPSELT
17. MAÍ - UPPSELT
22. MAÍ - NÝ SÝNING
28. MAÍ - NÝ SÝNING
4. JÚNÍ - NÝ SÝNING
5. JÚNÍ - NÝ SÝNING
6. JÚNÍ - NÝ SÝNING
7. JÚNÍ - NÝ SÝNING
Tryggðu þér miða!

*„Edda er meistari sem unun er að sjá og heyra. Ég hef lengi dáðst að „replikkunni“ hennar Eddu, hvað hún er flink við að skjóta tilsvörunum beint í mark; það eitt að heyra hana spýta bröndurunum út í salinn er leikhúsferðarinnar virði.“* JVJ DV

*„Mér fannst allar leikkonurnar fyndnar - en ég hló mest af Björk - hún er æðislega fyndin!“* Róbert Gíslason - áhorfandi

*„Þær Helga Braga og Edda eru gamanleikarar af guðs náð; eitt bros hér og mjaðmahnykkur þar segir stundum meira en þúsund orð.“* Mbl.

*„Fúlar á móti hittir svo sannarlega í mark. Ég held ég hafi aldrei á ævinni hlegið eins mikið á einni leiksýningu“* Margrét Blöndal - útvarpskona.

**MIÐASALA Í SÍMA 511 4200 Á WWW.MIDI.IS OG Á WWW.OPERA.IS**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
MasterCard
LEIKFÉLAG AKUREYRAR